



**SKOÐUN** Ingvar Gíslason skrifar um ófrægingarmýtu og framboðsklúður. **14**



**MENNING** Fjölhæfir listamenn spila á Reykjavík Midsummer Music. **22**



**LÍFIÐ** Gunnar Hansson og Davíð Óskar leikstýra nýrri, íslenski kvikmynd. **34**



**SPORT** Ingi Rúnar Kristinsson leyfir sér að dreyma um að komast á ÓL í Ríó. **30**

**NJÓTTU ÞÍN Í BERLÍN FRÁ 9.990 kr.**



WOW air

# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

11. júní 2014  
135. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Vörur í 700 verslunum

Sala á vörum ORF Líftækni og dótturfyrirtækisins Sif Cosmetics skilaði fyrirtækjunum um hálfum milljarði króna í tekjur á síðasta ári. Vörur Sif Cosmetics eru nú fánlegar í 700 verslunum í 25 löndum.

### FRÉTTIR

**Fasteignagjöld hækka** Heildarmat fasteigna hækkar um 7,7 prósent samkvæmt nýju fasteignamati. Fasteignagjöld hækka í sama hlutfalli. **4**

**Íslamistar taka Mosul** Næststærsta borg Íraks er í höndum herskára íslamista eftir að þeir hröktu stjórnarherinn og lögreglu á brott. **8**

**Hafa beðið svars í 8 ár** Ríkið brýtur reglur um málshraða með því að svara ekki óskum landeiganda í átta ár. **10**



Bolungarvík	11°	NA	5
Akureyri	14°	NA	4
Egilsstaðir	15°	N	5
Kirkjubæjarkl.	8°	SA	2
Reykjavík	16°	NNV	3

**VÆTA EYSTRÁ** Í dag verður hæg NA-eða breytileg átt og nokkuð bjart veður einkum SV-til en stífari N-átt eystra og rigning. Hiti 8-20, mildast SV-til. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



# Lyfjaskortur tefur meðferð

Ríflega 200 misjafnlega mikilvæg lyf eru á biðlista hjá lyfjafyrirtækjum hérlendis. Lyf fyrir krabbameinsveika konu hefur ekki verið til frá því um miðjan apríl. Sjúklingar þurfa sjálfir að minna á að láta panta óalgeng lyf.

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun er ekki skylt að halda sameiginlegt yfirlit yfir lyfjagirðir í landinu og slíkt yfirlit er ekki til. Dæmi eru um að mikilvæg lyf hafi ekki verið til á landinu og sjúklingar hafi þurft að minnka lyfjaskammta sína og breyta lyfjagjöf vegna þess.

„Undanþágugerfið grípur samt inn í ef mikið liggur við. Þá er náð í lyf með hraði til annarra landa,“ segir Helga Þórisdóttir, staðgengill forstjóra Lyfjastofnunar.

Krabbameinssjúk kona fékk lyfin sín ekki afgreidd úr apóteki Landspítalans í síðustu viku. Hún segir að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem hún lendi í því að lyfin hennar séu ekki til. Konan, sem er með eitil-

frumkrabbamein, notar sjaldgæft krabbameinslyf sem kallast Targretin og ógleðilyfið Zofran.

Ógleðilyfið hefur ekki verið fáanlegt síðan 15. apríl síðastliðinn en samkvæmt upplýsingum frá lækni á krabbameinsdeild Landspítalans er lyfið mjög algengt fyrir fólk í krabbameinsmeðferð. Til er samheitalyf fyrir Zofran en konan segir að lyfið sé það eina á töfluformi sem hafi reynst virka fyrir hana.

Engar skýringar fengust á því hvers vegna ógleðilyfið hefur verið ófáanlegt. Apótek Landspítalans þarf að panta krabbameinslyfið Targretin sérstaklega vegna lítillar notkunar þess hérlendis. Konan þarf að byggja upp lyfjapól vegna

Með svona dýr lyf, þá liggjum við ekki með þau á lager. Mörg af þessum krabbameinslyfjum eru einstök.

Inga Arnardóttir, yfirlyfjafræðingur á Landspítalanum

þess hve sterkt lyfið er en vegna skortsins neyðist hún til að hefja ferlið aftur á byrjunarreit. Konan segist hafa fengið þær skýringar hjá apóteki Landspítalans að vegna skulda spítalans við lyfjagirgja hafi ekki verið hægt að leysa lyfið út.

Inga Arnardóttir, yfirlyfjafræðingur á Landspítalanum, vísar þessu á bug. „Landspítalinn skuldar engin lyf og hefur ekki gert í mörg ár. Þetta var viðvarandi vandamál fyrir hrún og á árum áður en þetta

hlýtur að vera misskilningur. Ég trúi ekki að nokkur starfsmaður hafi sagt þetta.“

Inga segir að vegna þess hve sjaldgæft lyfið sé þá verði sjúklingar að segja frá því þegar þá fer að skorta lyfið. „Með svona dýr lyf þá liggjum við ekki með þau á lager. Mörg af þessum krabbameinslyfjum eru einstök. Það er sameiginleg ábyrgð líka.“ Konan segist hafa hringt tímanlega í apótekið og pantað lyfin sín.



**GAMAN Í BRENNÓ** Nemendur í Háskóla unga fólksins hófu nám gær. Þá fjóra daga sem skólinn er starfræktur sitja fróðleikspyrstir nemendur námskeið af öllum fræðasviðum Háskóla Íslands. Krakkarnir tóku sér smá pásu frá fyrirlesturum í gær og fóru í brennubolta.

## Viðar Örn Kjartansson: Rólegur yfir sögusögnum

**FÓTBOLTI** Viðar Örn Kjartansson hefur slegið í gegn með norska úrvalsdeildarfélaginu Vålerenga sem leikur í Ósló. Hann hefur skorad nítján mörk í fimmtán leikjum en þessi óflugi sóknarmaður frá Selfossi kom til félagsins frá Fylki fyrir tímabilið.

Strax er byrjað að orða Viðar Örn við lið í ensku úrvalsdeildinni en hann lætur sér fátt um finnst. „Ég reyni að láta umboðsmanninn minn sjá um þessi má. Ég er ekkert að æsa mig of mikið með einhverjum sögusögnum,“ segir Viðar í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið í dag.

- esá / sjá síðu 28



Eru hrukkur vandamál?



Lifandi Markaður  
www.drorganic.co.uk

## Aurum-dómarinn neitar að hafa valdið réttarspjöllum vegna meðdómara: Ásökunum saksóknara hafnað

**DÓMSMÁL** Guðjón S. Marteinson, dómsformaður í Aurum-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur, segir dóminn ekki hafa valdið réttarspjöllum með því að upplýsa ekki um ættartengsl sérfróðs meðdómara í málinu.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, hefur sagt mundu hafa mótmælt skipan Sverris Ólafssonar sem sérfróðs meðdómara í Aurum-málinu ef hann hefði vitað

að Sverrir er bróðir Ólafs Ólafssonar kaupsýslumanns, sem ákærður var af sérstökum saksóknara og dæmdur í Al-Thani málinu.

Guðjón segir að hann sem dómsformaður gæti að hæfi sérfróðs meðdómsmanns. Það hafi verið gert og meðdómsmaður hafi enga tilkynningaskyldu út á við. „Ákærvaldið á við sjálft sig hvernig það kannar bakgrunn sérfróðra meðdómsmanna. Hvað

Ef málflytjendur eru ósammála dómsformanni um hæfi meðdómsmanns geta þeir gert athugasemdir.

Guðjón S. Marteinson, dómsformaður

ákærvaldið vissi eða vissi ekki er fyrir utan þessa umræðu.“

- gar / sjá síðu 6

Opið allan sólarhringinn  
í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka



Iceland

Vertu laus við LÍÐVERKINA!

20% af 90 tbl.



SPURNING DAGSINS



Sveinbjörg, ertu svona fjölhæf?

Já, ég er í sjöunda himni.

Sveinbjörg Zophoníasdóttir varð um helgina Norðurlandameistari í sjöþraut yngri en 23 ára. Árangur hennar er annar besti árangur Íslendinga frá upphafi.

Tekist á um lögmæti verðtryggingar lána fyrir EFTA-dómstólnum í Lúxemborg:  
**Eignir Íbúðalánasjóðs í hættu**

**EFNAHAGSMÁL** Hundraða milljarða króna eignir Íbúðalánasjóðs og þar með skattgreiðenda gætu verið í uppnámi verði verðtryggingin dæmd ólögmæt.

Í dag verður flutt mál fyrir EFTA-dómstólnum þar sem tekist verður á um hvort verðtrygging gangi í berhög við tilskipanir Evrópusambandsins.

Meðal spurninga sem lagðar voru fyrir dómstólinn er hvort verðtryggð lán séu í samræmi við tilskipun ESB um neytendalán,

jafnvel þótt verðtryggingin styðjist við sett lög Alþingis og hvort verðtryggingin sé í samræmi við tilskipun ESB um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

Það væri algjör undantekning og í raun stórtíðindi ef íslenskir dómstólar myndu ekki dæma í samræmi við ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu.

Stöð 2 óskaði eftir viðtali við fulltrúa Seðlabankans um hvaða áhrif það hefði ef verðtryggingin yrði dæmd ólögmæt. Þau svör fengust



**FYRIR DÓM** Málið verður tekið fyrir hjá EFTA-dómstólnum í dag.

að að svo stöddu gætu sérfræðingar bankans ekki veitt álit.

- þþ

Nýr meirihluti í Grindavík:  
**Bæjarstjórinn endurráðinn**

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Lista Grindavíkinga hafa skrifað undir samstarfssamning um myndun nýs meirihluta í bæjarstjórn Grindavíkur.

Flokkarnir stefna að því að endurráða núverandi bæjarstjóra, Róbert Ragnarsson.

Samkomulag er á milli flokka anna um að starfa saman þvert á alla flokka í vinnu sinni fyrir Grindavíkurbæ.

- sks



Ráðherrar taka þátt í herferð gegn kynferðisofbeldi í stríði:  
**Sýndu stuðninginn í verki**

**MANNRÉTTINDAMÁL** Þrír íslenskir ráðherrar sýndu stuðning sinn við alþjóðlega herferð gegn beitingu kynferðisofbeldis í stríðsátökum í verki í gær með því að rita nöfn sín á veggspjald í breska sendiráðinu í Reykjavík.

Í gær hófst fjögurra daga ráðstefna í London sem markar hápunkt alþjóðlegrar herferðar bandarísku leikkonunnar Angelinu Jolie og Williams Hague, utanríkisráðherra Bretlands. Markmiðið er að binda enda á beitingu kynferðisofbeldis í stríði.

„Það er lygi að nauðganir séu óumflýjanlegur hluti af stríðsátökum. Nauðgun er vopn sem beint er að saklausum borgurum og notað til að pynta og niðurlægja fólk, oft mjög ung börn. Við, sem alþjóðasamfélag, berum ábyrgð,“ sagði Angelina Jolie við opnun ráðstefnunnar í London í gær.

- rkr

Veðurstofan semur við SGS:  
**Hækka um allt að sjö flokka**

**KJARAMÁL** Starfsgreinasambandið (SGS) gekk frá stofnanasamningi við Veðurstofuna í gær.

Þetta er fyrsti samningur sinnar tegundar sem þessir aðilar gera sín í milli.

Samningurinn tekur til þeirra sem starfa við mælagæslu, úrkomumælingar og skeytastöðvar vítt og breitt um landið.

Starfsfólk hækkar í áföngum um allt að sjö launaflokka eftir menntun, starfsaldri og eðli starfs. Fyrstu launaflokkahækkunirnar koma til framkvæmda um næstu mánaðamót.

- jme

Búið að semja í Reykjavík:  
**Nýr meirihluti kynntur í dag**

**BORGARMÁL** „Það er stefnan að kynna niðurstöðu viðræðna síðdegis,“ segir S. Björn Blöndal oddviti Bjartrar Framtíðar í Reykjavík. Um leið verður tilkynnt hverjir skipa æstu embætti.

Halldór Auðar Svansson, oddviti Pírata, er ánægður með þann málafnasamning sem kynntur verður. Þar sé að vinna viðtækar lýðræðis og stjórnsýsluumbætur.



**HALLDÓR AUÐAR SVANSSON**

- jme

**Aldrei sést meira af höfuðóvini birkisins**

Smáfiðrildið birkikemba hefur aldrei verið eins áberandi og í vor. Birki getur farið mjög illa þar sem hún er fjölliðuð. Allt morar í hverfum í austurhluta Reykjavíkur af asparglyttu, stórtækri laufætu. Báðar tegundirnar námu land fyrir um áratug.

**NÁTTÚRA** Aldrei hefur sést eins mikið af smáfiðrildinu birkikembu frá því að það fannst fyrst hér á landi árið 2005. Fiðrildið veldur miklum skaða á birki. Hljúju og góðu vori er um að kenna. Minna er hægt að fullyrða um viðgang geitunga, en þeir gerðu þegar vart við sig í maí. Frá þessu greinir Erling Ólafsson, skordýrafraeðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ), spurður um hvort merkja megi áhrif óvenjulega hagstæðs tíðarfars á smádyralífið hér á landi.

„Það er helst að ég búist við ljótum ummerkjum á birki í góðum okkar nú þegar líður á mánuðinn. Það hefur nefnilega aldrei sést eins mikið af þessu smáfiðrildi og þetta vorið, þegar það var að verpa á birkibrumin. Lírfur birkikembunnar eru nú á fullu gasi við að éta innan úr laufum birkitrjáanna svo eftir standa sölnaðir brúnir belgir á greinum,“ segir Erling. Hann segir að þrátt fyrir miklar skemmdir þar sem fiðrildið nær sér helst á strik muni flest birkitrén ná sér þegar líður á sumarið.

Birkikemba varð fyrst vart í Hveragerði árið 2005. Í fyrravor var ljóst orðið að fiðrildinu hafði vaxið mjög ásmegin og fannst víða í Reykjavík og suður í Hafnarfjörð. Auk þess var það mætt til leiks í trjárækt Skógræktar ríkisins að Mógilsá í Kollafirði og í gördum á Selfossi. Í vor var sagt frá því í fréttum að mikið sást af fiðrildinu í Fossvogi. Þeir sem búa í austurhluta Reykjavíkur, og reyndar mun víðar í borginni, hafa orðið varir við bjölluna asparglyttu, en eins og birkikemban getur hún valdið miklum skaða á trjám. Það fer ekk-



**ASPARGLYTTA** Nam land árið 2005 og fjölgaði stórum árið 2007 og olli miklum skemmdum á trjágróðri.

MYND/ERLING

**→ Milt vor hentar birkikemba fullkomlega**

Trjárækt og húsagarðar með birki eru kjörlendi birkikemba. Fiðrildin eru á ferð á vorin en þau skríða úr púpum í fyrrihluta apríl og hverfa með öllu fyrir miðjan maí. Flugtími er því mjög skammur. Á þessum tíma verpa þau á brum birkis og eggja klekjast þegar tré fara að laufgast. Lírfurnar smjúga þá inn í laufblöðin, koma sér þar fyrir og éta innvefi þeirra. Eftir því sem lírfurnar dafna taka blöðin að sölna og á endanum standa eingis eftir ysta lag efra- og neðraborðs blaðs sem blæs út eins og brúnn belgur. Fullvaxnar lírfur skríða út úr belgnum og hverfa niður í svörð þar sem þær púpa sig og bíða næsta vors á því stigi. Birkikemba liggur í vetrardvala á púpustigi. Heimild: www.ni.is/poddu/nattura



**BIRKIKEMBA** Hlýtt vor veldur því að kjöraðstæður eru fyrir birkikemba.

ert á milli mála hvar hún fer um, en Erling segir að sums staðar mori allt af þessari annars afar fallegu laufbjöllu. Hún er kúpt, skelin er hágljáandi og slær á hana breytilegum litum, grænum, blágrænum, fjólubláum, allt eftir því hvernig ljósið fellur á, eins og útskýrt er á þódduvef NÍ.

Flestir líta með meiri áhyggjum til þess að hlýtt vor geti orðið til þess að geitungar nái sér verulega á strik, en þeir eru óvída aufúsgestir. „Ég hef lært að spá ekki um gengi geitunga. Þeir geta verið ólíkindatöl sem taka stefnu á annan veg en maður spáir,“ segir Erling.

svavar@frettabladid.is

Verjandi krefst þess að hinn dæmði í Egilsstaðamorðmálinu verði sýknaður:  
**Lögregla henti sönnunargögnum**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan fargaði sönnunargögnum tengdum morðinu á Karli Jónssyni sem átti sér stað á Egilsstöðum í maí í fyrra. Þetta kom fram við málflutning í Hæstarétti í gær.

Friðrik Brynjar Friðriksson var sakfelldur fyrir morðið í Héraðsdómi Austurlands en málinu var áfrýjað til Hæstaréttar. Verjandi hans, Sveinn Andri Sveinsson, krefst sýknu yfir Friðriki en til vara að málinu verði vísað aftur heim í hérað. Mjög sjaldgæft er að morðmálum sé vísað aftur heim í hérað en Sveinn er bjartsýnn á að Hæstiréttur verði við kröfunni. Tveir dómkvaddir matsmenn hafa gert alvarlegar athugasemdir við rannsókn lögreglunnar á málinu.

Við málflutning í Hæstarétti í gær kom meðal annars fram að lögreglumenn á Egilsstöðum hefðu haft afskipti af Friðriki Brynjarri kvöldið sem Karl Jónsson var myrtur. Þegar þeir höfðu fundið líkið síðar um nóttina og börðu að dyrum Friðriks hafi þeir borið kennsl á fötin sem hann hafði verið í fyrr um kvöldið og þeir gerðu ráð fyrir að hann hefði verið í þegar morðið var framið. Skipuðu lögreglumennirnir Friðriki að fara aftur í fötin í stað þess að ganga frá þeim á fullnægjandi hátt sem sönnunargögnum í málinu.



**AFSKIPTI** Lögreglumenn höfðu afskipti af Friðriki Brynjarri Friðrikssyni áður en Karl Jónsson var myrtur það sama kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við þetta gerir verjandi Friðriks athugasemdir og segir lögreglu ekki hafa staðið rétt að málum.

Friðrik Brynjar neitar enn að hafa banað Karli Jónssyni en dómsuppkvæðning verður í næstu viku.

- sbs

**25% afsláttur** af öllum styrkleikum og pakkningastærðum

**NÝTT**

**Apótekarinn+**  
lyf á lægra verði



500.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.790.000 kr.

**Kia Sorrento EX AWD** SN967  
Skráður febr. 2006, 3,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 140.000 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr.



500.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.190.000 kr.

**Ford Explorer XLT 4x4** NV751  
Skráður maí 2007, 1,3i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 110.000 km.  
Ásett verð: 2.690.000 kr.



400.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.390.000 kr.

**Hyundai i30 Classic** NKL79  
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 122.000 km.  
Ásett verð: 1.790.000 kr.



300.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.190.000 kr.

**Audi A6** UZ308  
Skráður febrúar 2004, 2,0i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 137.000 km.  
Ásett verð: 1.490.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



200.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.190.000 kr.

**Ford Focus Trend** UYA01  
Skráður nóv. 2012, 1,0i bensín, beinsk.  
Ekinn 21.000 km.  
Ásett verð: 3.390.000 kr. í ábyrgð



200.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.590.000 kr.

**Kia Sportage II AWD** YN003  
Skráður júní 2006, 2,7i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 89.000 km.  
Ásett verð: 1.790.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband strax!



500.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.190.000 kr.

**Honda Accord** YHE12  
Skráður júlí 2008, 2,4i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 93.000 km.  
Ásett verð: 2.690.000 kr.

### FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri  
dæmi hér!

### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



Verð 2.190.000 kr.

**Toyota Corolla Sol** ZAN58  
Skráður sept. 2009, 1,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 64.000 km.



400.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.090.000 kr.

**Ford Escape XLT AWD** GAB95  
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 70.000 km.  
Ásett verð: 3.490.000 kr.



300.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.890.000 kr.

**Toyota Auris Terra** MXJ73  
Skráður júní 2010, 1,3i bensín, beinsk.  
Ekinn 70.000 km.  
Ásett verð: 2.190.000 kr.



400.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 5.390.000 kr.

**Toyota Land Cruiser** 120 VX ADH19  
Skráður des. 2007, 3,0TDi dísil, sjálfsk.  
Ekinn 133.000 km.  
Ásett verð: 5.790.000 kr.



140.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 850.000 kr.

**Ford Focus Trend** YN201  
Skráður apríl 2005, 1,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 141.000 km.  
Ásett verð: 990.000 kr.



300.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.690.000 kr.

**Ford Explorer Limited 4x4** ZDU85  
Skráður júní 2008, 4,6i bensín, sjálfsk.  
Ekinn 139.000 km.  
Ásett verð: 2.990.000 kr.



200.000 kr. í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

**Toyota Auris Terra** PIR54  
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, beinsk.  
Ekinn 79.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK

Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara  
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgraininni



Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**458 tonn af ýmsum aukaafurðum voru soðin niður um aldamótin 2000.**

Árið 2012 hafði þessi vinnsla matvæla stóruakist og nam 6.287 tonnum hér á landi.

Heimild: Hagstofa Íslands.

## Meirihlutasamstarf undirritað milli Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks og L-lista fólksins á Akureyri

# Eiríkur Björn endurráðinn bæjarstjóri

**AKUREYRI** Eiríkur Björn Björgvinsson verður endurráðinn sem bæjarstjóri á Akureyri. Þetta kemur fram í samstarfssamningi Samfylkingar, Framsóknar og L-lista, sem undirritaður var við menningarhúsið Hof á Akureyri, um nýjan meirihluta flokkanna. Framsóknarflokkurinn fær formennsku í bæjarráði og L-listinn forseta bæjarstjórnar.

Allir bæjarfulltrúar nýs meirihluta skrifuðu undir samstarfssamninginn. Þar kemur fram að Samfylkingin fái formennsku í helmingi fastanefnda bæjarins. Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að flokkur-

inn fái einnig formennsku í Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar sem og í Eypingi.

Í samningnum kemur einnig fram að áhersla verður lögð á ábyrga fjármálastjórn bæjarins og að langtíma áætlanagerð sé lykhillinn að því að það takist.

Einnig er lögð áhersla á að setja aukna fjármuni í skóla- og velferðarmál og að jafna stöðu bæjarbúa. „Bæjarfélag sem býr yfir fjölbreyttu atvinnulífi, góðum skólum, líflægri menningu, öflugri íþróttalífi er líklegt til að laða að sér nýtt fólk og halda í þann mánauð sem fyrir er,“ segir í samstarfssamningnum.



**NÝR MEIRIHLUTI** Bæjarfulltrúar á Akureyri skrifa undir. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN



**ÖRUGG** Móðir stúlku úr skólanum faðmar dóttur sína eftir að hún slapp út úr skólanum. NORDICPHOTOS/AFP

Nemendur lokuðust inni:

## Skotárás í skóla í Oregonríki

**BANDARÍKIN** Tveir létu lífið í skotárás í framhaldsskóla í Troutdale í Portland í Oregonríki í Bandaríkjunum í gær.

Nemandi í skólanum lést í árásinni. Í kjölfarið umkringdi lögreglan skólabygginguna. Heimildarmenn CNN-fréttastofunnar segja að maðurinn hafi skotið sig til bana.

Nemendur lokuðust inni í byggingunni en var fylgt út eftir að árásarmaðurinn var látinn. Þetta er þriðja skotárásin í bandarískum skóla á þessu ári. - sks, jme

Sakaður um þjófnað og svik:

## Siggi hakkari á leið fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur Sigurði Inga Þórðarsyni, Sigga hakkara, verður þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness á fimmtudag.

Sigurður er sakaður um stórfelldan fjárdrátt, fjárvik og þjófnað. Þýfi hans og svik eru metin á þrjátíu milljónir króna. Ákæruliðirnir eru átján og skipta undirliðirnir tugum. RÚV greindi frá málinu í gær.

Sigurður Ingi er sagður hafa svikið út vörur og þjónustu auk þess að hafa blekkt fólk til að millifæra umtalsverðar upphæðir á bankareikninga sína á fólkskum forsendum. - sks

# Fasteignagjöld hækka um 800 milljónir á næsta ári

Heildarmat fasteigna hækkar um 7,7 prósent samkvæmt nýju fasteignamati Þjóðskrár. Það hækkar mest í Borgarfjarðarhreppi en lækkar í tveimur sveitarfélögum. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að tekjur sveitarfélaganna muni aukast um milljarð vegna nýrrar matsaðferðar.

**EFNAHAGSMÁL** Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 7,7 prósent og verður 5.396 milljarðar króna samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2015. Þetta er talsvert meiri hækking en í fyrra en alls hækkar matið á 91,7 prósent eigna á landinu.

Eins og gefur að skilja þýðir hærra fasteignamat hærri fasteignagjöld á næsta ári. Dæmi eru tekin um hækkingu gjalda á íbúðarhúsnæði í töflunni hér til hliðar en grófllega má gera ráð fyrir því að fasteignagjöld Íslendinga muni hækka um 800 milljónir á næsta ári. Það gerir um 6.500 krónur aukalega á hvert heimili.

Fasteignamat á landinu hækkar mest í Borgarfjarðarhreppi, eða um 14,3 prósent. Það lækkar í tveimur sveitarfélögum, um 2,1 prósent í Vogum á Vatnsleysuströnd og um 0,2 prósent í Ísafjarðarbæ. Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 9,1 prósent.

Matið lækkar hvergi á höfuðborgarsvæðinu. Mest hækkar það í Akrahverfi í Garðabæ, um 14,6 prósent, en minnst í Leirvogstungu í Mosfellsbæ, um 1,7 prósent. Matið á miðlægum svæðum hækkar að jafnaði meira en þeim sem eru í jaðri höfuðborgarinnar, þannig hækkar matið talsvert meira í til dæmis Vesturbænum og Hlíðahverfi Reykjavíkur en í Grafarvogi.

Athygli vekur að á höfuðborgarsvæðinu hækkar matsverð íbúða í fjölbýli meira en mat íbúða í sérbýli. Utan höfuðborgarsvæðisins er þessu öfugt farið. Fasteignamat á atvinnuhús-

## 6.500

krónur er skattahækkunin sem lendar á hverju heimili að meðaltali vegna hækkingu á fasteignamati, en hækkingunni leggst misþungt á fólk eftir búsetu.

næði hækkar um 12,4 prósent á landinu öllu. Breytingar á mati atvinnuhúsnæðis eru mjög mismunandi og stafar það fyrst og fremst af breytti matsaðferð Þjóðskrár.

Ný aðferð miðar að því að samband sé milli fasteignaverðs atvinnuhúsnæðis og þeirra tekna sem af húsnæðinu má hafa. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að tekjur sveitarfélaganna muni aukast um um það bil milljarð króna á næsta ári vegna nýju aðferðarinnar.

Halldór segir einnig að álagning á eigendur fasteigna, sem hækka vegna nýju matsaðferðarinnar, verði milduð með nýju frumvarpi innanríkisráðherra í haust.

„Þessu verður dreift á 2015 og 2016 og kemur ekki að fullu til útgjalda fyrir þau fyrirtæki sem eiga svona húsnæði fyrir en 2017,“ segir Halldór.

Nýja fasteignamatíð tekur ekki gildi fyrir en 31. desember næstkomandi og frestur til að skila inn athugasemdum vegna þess er til 1. nóvember.

[bjarkia@frettabladid.is](mailto:bjarkia@frettabladid.is)




**REYKJAVÍK** Á höfuðborgarsvæðinu hækkar matsverð íbúða í fjölbýli meira en mat íbúða í sérbýli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Staðsetning	Fasteignagjöld árið 2013	Nýtt fasteignamat	Fasteignagjöld 2014
Akrahverfi í Garðabæ (14,6% hækking)	104.000	45.840.000	119.184
Hlíðahverfi í Reykjavík (13,2% hækking)	80.000	45.280.000	90.560
Hlíðahverfi á Akureyri (3,6% hækking)	152.000	41.440.000	157.472
Rimahverfi í Grafarvogi (8,1% hækking)	80.000	43.240.000	86.480
Vesturbær Reykjavíkur (12,5% hækking)	80.000	45.000.000	90.000

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**MILT Í VEDRI** Það léttir til sunnan til í dag og má búast við 18–20°C í innsveitum en á austanverðu landinu verður rigning og heldur svalt við sjóinn. Úrkomulaust víðast á morgun en þykkar smám saman upp syðra á föstudag.

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður



**2014** rmm.

HARPA

# Different Trains

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Pétur Grétarsson, Davíð Þór Jónsson  
Vikingur Heiðar Ólafsson  
Mahler Chamber Soloists

**14. júní. 20.00. Silfurberg.**

**4 DAGAR. 9 TÓNLEIKAR. 13.–16. JÚNÍ.**

Kynnið ykkur magnaða dagskrá á [www.reykjavikmidsummermusic.com](http://www.reykjavikmidsummermusic.com)

**MÚRBÚÐARVERÐ**

# Pottormarnir mættir



DEKAPRO útimálning,  
10 lítrar (A stofn)

**7.390**



Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn  
og annað tréverk

**2.690**



1 gallon og  
5 gallon

**AMERÍSKI steypugljáinn sem endist!**

**TILVALIÐ Í GLUGGAPVOTTINN**

1/2" slanga 15 metra  
með stút og tengjum

**1.490**



Gluggapvotta-  
kústur, gegn um  
rennandi 116>180cm,  
hraðtengi með lokun

**2.690**

**Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara**

**Undirdiskar fánlegir**

**Verð frá kr. 145**



Ø=50cm  
**1.995**

**895**

**990**

**495**

Ø=18cm  
**165**



Malarhrifa  
verð frá

**1.290**

Laufhrifa  
**790**



**2.190**

**2.190**  
110 cm

**1.690**

**1.690**



Mako sterkir ruslapokar  
120 lítrar 10stk  
**390**



PVC húðað vírnet  
50cmx15 metrar  
**4.395**

Flúðamold 20 l

**590**

Turbokalk 12,5 kg

**2.590**

Kalkkorn 5 kg

**798**

Bláskorn 5 kg

**1.390**



Hjólbörur 80L  
**3.995**



WZ-9006 Greinaklippur  
**895**



WZ-9008  
Hekk klippur 8"  
**1.795**



WZ-9019  
Greinaklippur  
**1.795**



Slönguvagn á hjólum 1/2"  
f/50 metra  
**2.490**



**MIKIÐ ÚRVAL AF  
RISAPOTTUM**



Prýstiúðabrúsi  
**1.690**



Prýstiúðabrúsi 1,5 líter  
**695**



Garðverkfæra hirsla  
52x32x20 cm  
**1.390**



12 lítra fata  
**395**



Jarðvegsdúkur 10x1,2 m  
**1.490**



Garðkarfa 25L  
einnig fánleg  
50 lítra karfa  
kr. 1.990



**MÚRBÚÐIN**

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Reykjavík Kletthálsi 7 Ópið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16  
Reykjanesbær Fuglavík 18 Ópið virka daga kl. 9-12 & 13-18

**Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

## VEISTU SVARID?



1. Hver er forstöðumaður úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál?
2. Hverjir eru Norðurlandameistarar í fjölþraut unglinga?
3. Fyrir hvaða verk eru Arnór Björnsson og Óli Gunnar Gunnarsson tilnefndir til Grímuvörðlaunanna?

**SVÖR:**  
 1. Nanna Magnúsdóttir, 2. Sveinbjörg Zophoníasdóttir og Ingi Rúnar Kristinsson, 3. Fyrir verk únglingurinn.

Úkraínustjórn segir stjórn Viktors Janúkovitsj, fyrrverandi forseta, hafa stundað stórfelld fjársvik:

## Bjuggu til flókið net gervifyrirtækja

**ÚKRAÍNA, AP** Ihor Bilús, aðstoðarskattaráðherra Úkraínu, segir að forveri hans í embætti hafi tekið þátt í að skipuleggja stórfelld fjársvik, sem gengu út á að búið var til flókið net fjölmargra gervifyrirtækja sem notað var til að fela slóð peninga sem ráðamenn og embættismenn fengu í vasann.

Sérstakt leyniherbergi hafði verið útbúið í ráðuneytinu, þar sem lagt var á ráðin. Herbergið var útbúið með gegnsæju borði

og gegnsæjum stólum sem áttu að tryggja að ekki væri hægt að hlera það sem þar fór fram án þess að viðstaddir tækju eftir því.

Oleksandr Klymenko, forveri Bilús í embætti, neitar þessum ásökunum og segist alltaf hafa barist gegn spillingu.

Bilús hefur hins vegar dregið fram skjól sem virðast styðja málflutning hans: „Í meginatriðum var það svoleiðis að hvar svo sem borið er niður þá var spilling við lýði í Úkraínu,“ hefur

AP-fréttastofan eftir Önnu Derevjankó, framkvæmdastjóra evrópska viðskiptasambandsins í Úkraínu. Hún segir mjög erfitt að vera ósammála ásökunum ráðherrans.

Klymenko er, rétt eins og forsetinn fyrrverandi, Viktor Janúkovitsj, flúinn úr landi.

Þegar nýir ráðamenn tóku við völdum fyrr á þessu ári fóru þeir að rannsaka starfshætti fyrri stjórnar og segjast fljótlega hafa rekist á ýmislegt gruggugt. -gb



**IHOR BILÚS** Aðstoðarskattaráðherra Úkraínu hefur rannsakað starfshætti forvera síns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## AB drykkir á tilboði!



Tilboð

## GÖNGUFERÐIN HEFST Í EVEREST

**Vango** Göngutjald Tempest 200 2,75 kg - 5000mm vatnsheldni  
**Tilboð 34.995**

**Vango** Vatnsheldar Cargo töskur frá Vango 45 - 120L verð frá  
**10.995**

**Vango** Venom 300 dúnpoki, 900gr  
**Tilboð 34.995**

**Vango** Vango bakpoki-Transalp 30L  
**Tilboð 15.995**

20% afsláttur af Mammut fatnaði  
**-20%**

**Vango** Vango og Mammut göngudýnur Verð frá  
**6.995**

Göngustafir frá  
**6.995**

Margar gerðir af primusum Verð frá  
**5.695**

Allir gönguskór með 20% afslátt  
**-20%**

**EVEREST**  
 FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
 Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is  
 PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

## Spilltum ekki málinu segir Aurum-dómari

Guðjón S. Marteinsson, dómsformaður í Aurum-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur, segir hvorki hann né sérfróðan meðdómara í málinu hafa valdið réttarspjöllum með því að upplýsa ekki sérstakan saksóknara um ættartengsl meðdómarans.

**DÓMSMÁL** Guðjón S. Marteinsson, dómsformaður í svokölluðu Aurum-máli í Héraðsdómi Reykjavíkur, segir það ekki rétt sem haldið hafi verið fram að dómurinn hafi valdið réttarspjöllum með því að upplýsa ekki um ættartengsl sérfróðs meðdómarara í málinu.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, hefur sagst mundu hafa mótmælt skipan Sverris Ólafssonar sem sérfróðs meðdómarara í Aurum-málinu ef hann hefði vitað að Sverrir er bróðir Ólafs Ólafssonar kaupþýslumanns, sem ákærður var af sérstökum saksóknara og dæmdur í Al-Thani-málinu.

Guðjón segir að vegna margs konar misvísandi fréttatflutnings af málinu þyki honum rétt að það komi fram að hann sem dómsformaður gæti að hæfi sérfróðs meðdómsmanns.

„Það var gert eins og lög áskilja. Meðdómsmaður hefur enga tilkynningaskyldu út á við. Ef málflytjendur eru ósammála dómsformanni um hæfi meðdómsmanns geta þeir gert athugasemdir. Sé það ekki gert er ekki við dóminn að sakast,“ segir Guðjón.

Eftir að flestir sakborningar í Aurum-málinu voru sýknaðir af ákærum sérstaks saksóknara ræddi hann skipan Sverris Ólafssonar sem meðdómara.

„Þetta lá ekki fyrir þegar málið var rekið fyrir héraði og ég hefði talið eðlilegt að þetta hefði komið fram áður en viðkomandi aðili hefði tekið sæti í dómnum,“ svaraði Ólafur Þór Hauksson í fréttum Bylgjunnar laugardaginn 8. júní, spurður hvort vakin yrði athygli á þessu atriði fyrir Hæstarétti ef málinu verður áfrýjað þangað eða



**AURUM-MÁLID Í DÓMSAL** Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari, við meðferð Aurum-málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að jafnvel krafist yrði ómerkingar héraðsdóms á þessum forsendum.

Sem fyrr segir telur Guðjón S. Marteinsson ekki við héraðsdóm að sakast geri málflytjendur ekki athugasemdir.

„Það er því ekki rétt sem haldið hefur verið fram að dómurinn, hér dómsformaður eða meðdómsmaður, hafi með athöfnum eða athafnaleysi valdið einhvers konar réttarspjöllum þannig að ákærvaldið hafi ekki komið að andmælum. Ákærvaldið á við sjálft sig hvernig það kannar bakgrunn sérfróðra meðdómsmanna. Hvað ákærvald-



„Ákærvaldið á við sjálft sig hvernig það kannar bakgrunn sérfróðra meðdómsmanna.“

Guðjón S. Marteinsson, héraðsdómari

íð vissi eða vissi ekki er fyrir utan þessa umræðu,“ segir Guðjón. gar@frettabladid.is

Stíf fundarhöld í kjaradeilu flugvirkja og Ícelandair hjá ríkissáttasemjara:

## Lítið þokast hjá flugvirkjum

**KJARAMÁL** „Það þokaðist lítið í samkomulagsátt á fundinum í gær. Menn voru að kasta á milli sín hugmyndum. Samninganefndirnar verða að skoða þær fram að hádegi en þá förum við aftur á fund,“ segir Marius Sigurjónsson, formaður samninganefndar Flugvirkjafélags Íslands.

Flugvirkjar sem starfa hjá Ícelandair hafa boðað sólarhrings vinnustöðvun sem hefst klukkan sex að morgni 16. júní og svo ótímabundna vinnustöðvun frá klukkan sex að morgni 19. júní, náist ekki að semja fyrir þann tíma.

Marius segir að í samningunum sé meðal annars verið að ræða breytingar á vaktafyrirkomulagi flugvirkja.

Auk þess eru samningamenn



**STEFNIR Í VERKFAHALL** Breytingar á vaktafyrirkomulagi eru meðal þess sem tekist er á um í kjaradeilu flugvirkja og Ícelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

að ræða gjörbreytt lagalegt umhverfi flugvirkja er votta viðhald á flugvéllum. Síauknar kröfur um ábyrgð flugvirkja hafa verið innleiddar sem lög eftir tilskipunum Evrópuráðsins og Evrópsku flugmálastjórnarinnar (EASA) án

viðurkenningar af hálfu flugrekandna.

Ícelandair segir að flugvirkjar séu að fara fram á allt að þrjátíu prósentu hækkun launa en það segja flugvirkjar fjarri öllum sanni. -jme



.....

**Sæktu Sjónvarp Símans appið og taktu HM með þér í fríið**  
Með snjalltæki og Sjónvarp Símans appinu geturðu horft á útsendingar frá HM í fótbolta hvar sem er á 3G/4G neti Símans.

**Síminn býður þér á opunarleikinn**  
Opunarleikur Brasilíu og Króatíu verður að sjálfsgöðu í beinni og þú borgar ekkert fyrir að streyma honum með Sjónvarp Símans appinu í snjalltækinu.

**Vertu í sterkara sambandi - Síminn**

.....

[siminn.is](http://siminn.is)

HYUNDAI | NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

# HYUNDAI NOTAÐIR

BEINT Á MÓTI IKEA

Gott úrval notaðra bíla á staðnum.

Komdu í heimsókn eða skoðaðu heimasíðuna;

www.hyundai.is og smellir á flipann notaðir bílar

**ALLT AÐ 80% FJÁRMÖGNUN**



**HYUNDAI i30 STYLE**  
Nýskr 09/2008, ekinn 78 þús.  
bensín, beinskíptur

**VERÐ**  
**1.980 þús.**



**KIA SORENTO III LUXURY**  
Nýskr 04/2011, ekinn 37 þús.  
dísil, sjálfskíptur  
**VERÐ:**  
**5.490.000 kr.**



**HONDA JAZZ 1.4i LS**  
Nýskr 05/2008, ekinn 66 þús.  
dísil, sjálfskíptur  
**VERÐ:**  
**1.490.000 kr.**



**NISSAN QASHQAI SE**  
Nýskr 05/2013, ekinn 25 þús.  
dísil, sjálfskíptur  
**VERÐ:**  
**5.290.000 kr.**



**TOYOTA AURIS SOL**  
Nýskr 03/2008, ekinn 133 þús.  
dísil, sjálfskíptur.  
**VERÐ:**  
**1.890.000 kr.**



**HYUNDAI SANTA FE II CRDI**  
Nýskr 06/2008, ekinn 151 þús.  
dísil, sjálfskíptur  
**VERÐ:**  
**2.990.000 kr.**



**HYUNDAI GETZ GLS**  
Nýskr 07/2008, ekinn 67 þús.  
bensín, beinskíptur  
**VERÐ:**  
**1.150.000 kr.**

HYUNDAI

Kauptúni 1- (Beint á móti IKEA)

Sími 575 1200

Hermenn í Afganistan féllu í loftárás sem átti að koma þeim til bjargar:

## Felldu sex menn úr eigin liði

**WASHINGTON, AP** Fimm bandarískir hermenn og einn afganskur hermaður létu lífið í sunnanverðu Afganistan í loftárás á vegum bandaríska hersins á mánudag. Þetta segir lögregla á svæðinu. Loftárásin hafði verið fyrirskipuð til að hjálpa mönnum, sem lent höfðu í fyrirsát talibana.

Dauði sérveitarmannanna fimm þykir sýna að átökunum í Afganistan, sem nú hafa staðið yfir í nærri fjórtán ár, er hvergi nærri lokið.

John Kirby, talsmaður varnar-

málaráðuneytis Bandaríkjanna, sagði í gær að atvikið væri til rannsóknar en gat ekki staðfest að mennirnir hefðu fallið í loftárás á vegum Bandaríkjahers. Talsmenn Atlantshafsbandalagsins (NATO) vildu ekki tjá sig um atvikið.

„Við hugsum til fjölskyldna þeirra látnu og biðjum fyrir þeim,“ sagði Kirby í yfirlýsingu sinni.

Spenna hefur lengi ríkt milli yfirvalda í Afganistan og Bandaríkjahers vegna loftárása þeirra síðarnefndu á landið.



**ORRUSTUFLUGVÉL Í AFGANISTAN**  
Loftárásin var fyrirskipuð til að bjarga sérveitarmönnum fimm sem létust.  
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Herskáir íslamistar ná Mosul á sitt vald

Næsttærsta borg Íraks er í höndum herskára íslamista, sem hrakið hafa stjórnarherinn og lögreglu burt úr borginni. Íbúar hafa einnig flúið borgina í stórum stíl. Núrí al Maliki forsætisráðherra vill að þingið lýsi sem fyrst yfir neyðarástandi.

**ÍRAK, AP** Núrí al Maliki, forsætisráðherra Íraks, lagði hart að þjóðþingi landsins að lýsa yfir neyðarástandi, sem gæfi honum aukin völd til að bregðast við innrás herskára múslíma í borgina Mosul.

Uppreisnarmennirnir hafa náð þessari næsttærstu borg landsins að mestu á sitt vald. Þeir lögðu undir sig höfuðstöðvar héraðsstjórnans í Niniveh, en Mosul er höfuðborg þessa héraðs í norðurhluta Íraks.

Þeir hafa farið um borgina, vopnaðir byssum og vefandi svörtum fánum, og hröktu bæði hermenn og lögregluþjóna á brott. Margir íbúar borgarinnar forðuðu sér einnig hið snarasta.

Íbúarnir sögðu innrásarmennina vera liðsmenn samtakanna Íslamskt ríki í Irak og Austurlöndum nær, en þau samtök náðu fyrr á árinu á sitt vald annarri borg, Fallujah, sem er í suðvesturhluta landsins. Stjórnarherinum hefur enn ekki tekist að ná borginni úr höndum þeirra.

„Ástandið í borginni er algjör ringulreið og enginn hjálpar okkur,“ segir Umm Kamm, ríkisstarfsmaður í Mosul sem býr skammt frá höfuðstöðvum héraðsstjórnans. Hún flúði borgina ásamt fjölskyldu sinni í gærmorgun: „Við erum hrædd. Það er engin lögregla eða her í Mosul.“

Árangur uppreisnarmanna er verulegt áfall fyrir stjórn al Malíkis. Hann er nú í óða önn að reyna að mynda nýja stjórn eftir að hafa unnið sigur í þingkosningum í síðasta mánuði.

Sjálfur er Al Maliki sjá-múslími og hefur einkum reitt sig á



**ALMENNINGUR FORÐAR SÉR** Íbúar borgarinnar hafa margir hverjir haft sig á brott eftir atburði gærdagsins.  
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Staðið að grimmdarverkum í Sýrlandi

Samtökin Íslamskt ríki í Irak og Austurlöndum nær hafa haft tengsl við al-Kaída og hafa tekið virkan þátt í átökum gegn stjórn Bashars al Assad forseta í nágrannalandinu Sýrlandi. Liðsmenn þeirra hafa staðið að mörgum verstu grimmdarverkum stríðsins og fengu fljótlega aðra uppreisnarmenn í Sýrlandi upp á móti sér.

Leiðtogi samtakanna, Abu Bakr al Baghdadi, hefur einnig bakað sér óvild al-Kaída, sem vilja ekki lengur hafa samtökin innan sinna vébanda.

stuðning sjá-múslíma á þingi, en súnni-múslímar og Kúrdar hafa sakað hann um að einoka völdin.

Sjálfstjórnarsvæði Kúrda nær að hluta til inn í Niniveh-hérað, og hafa leiðtogar Kúrda harðlega

gagnrýnt stjórn al Malíkis fyrir að hafa ekki viljað starfa með Kúrdum að því að verja Mosul. Það hefði getað komið í veg fyrir innrásina.

gudsteinn@frettabladid.is

Mikið ber enn í milli í kjaradeilu leikskólakennara og sveitarfélaganna:

## Nær öllum leikskóladeildum lokað

**KJARAMÁL** „Samkvæmt þeim tölum sem ég hef tekið saman verða rúmlega 90 prósent allra leikskóladeilda á öllu landinu lokað 19. júní, hafi samningar ekki tekist við leikskólakennara fyrir þann tíma,“ segir Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda á leikskólum.

Ingibjörg segist hafa fengið svör frá stjórnendum 517 leikskóladeilda og af þeim verði 480 lokað eða 93 prósentum. Margar þeirra deilda sem verða opnar eru í litlum leikskólum á landsbyggðinni en þó eru dæmi um deildir á höfuðborgarsvæðinu sem verða opnar.

„Þó að deildirnar verði opnar, vegna þess að forstöðumaður þeirra er ekki í Félagi leikskólakennara, verður boðið upp á skerta starfsemi. Leikskólakennarar koma að starfsemi langflestra deilda með einum eða öðrum hætti. Til dæmis koma þeir inn á deildirnar og sinna sérstökum verkefnum,“ segir Ingibjörg.

Samninganefndir Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga hittust á fundi í gær. „Það færðist heldur nær en fjær,“ sagði Haraldur F. Gíslason, formaður FL.



**VERK FALL YFIRVOFANDI** Nær öll leikskóladeildir á landinu sitja heima 19. júní ef ekki takast samningar í kjaradeilu leikskólakennara og sveitarfélaganna.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann segir að enn beri mikið í milli í deilunni. Leikskólakennarar vilja sömu launahækkunir og grunn- og framhaldsskólakennarar sömdu um, eða allt að 30 prósentu hækkun launa.



143  
CM HÁR



Eitt verð allar vörur kr.

# 55.555

143  
CM HÁR



**GS-235 Frystiskápur**  
165 lítra frystiskápur í A+ orkufl.  
með 6 skúffum.  
✓ Hitastillir  
✓ HxBxD: 143 x 59,5 x 58 cm  
✓ Fullt verð kr. 79.900

**TAE-62 Þurrkari**  
6 kg þurrkari með raka-  
skynjara og hljóðmerki  
✓ Tekur 6 kg.  
✓ 15 mism. þurrkerfi  
✓ Fullt verð kr. 64.900



**GSP-8109 Uppþvottavél**  
Hljóðlát uppþvottavél með 6  
þvottakerfum.  
✓ 3xA toppeinkunn  
✓ Hraðkerfi og pottakerfi  
✓ Aðeins 45 cm breið  
✓ HxB: 85 x 45 cm  
✓ Fullt verð kr. 74.900



**EH-10,5-1 Eldavél**  
50 cm breið eldavél. Tilvalin í sumar-  
bústaðinn eða stúdíóbúðina.  
✓ HxBxD: 85 x 50 x 60 cm  
✓ Fullt verð kr. 79.900

**KGC-240/45A Kæli- og frystiskápur**  
Kælikápur með góðum frysti.  
✓ 171 lítra kæli og 41 lítra frystir  
✓ HxBxD 143 x 55 x 58 cm  
✓ Fullt verð kr. 64.900

**WM-6810 Þvottavél**  
Einföld og góð þvottavél með 23  
mismunandi þvottakerfum. A+ orka  
✓ Stíllanlegur vinduhræði  
✓ Tekur allt að 6 kg af tauí  
✓ Fullt verð kr. 69.900

## VIKUNA 11.-18. JÚNÍ

# VERÐFALL VIKUNNAR

AAA  
EINKUNN

TimeManager  
Þú ræður tíma-  
lengd kerfisins

1600  
SNÚNINGA

XL 7 KG

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**87.900**  
SPARAÐU 42.000

**Electrolux**

**EWP-1674TDW Þvottavél**  
Vinsæl heimilisvél frá Electrolux, hlaðin  
þægindum og nútíma tækni.  
✓ 1600 snúninga stíllanlegur vinduhræði  
✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hrað-  
kerfi, ullakerfi og handþvottur.  
✓ 0-19 klst framstillt ræsing.  
✓ TimeManager tímastjórnun - þú ákveður  
þvottatímamann - sparaðu allt að 60% tíma.  
✓ A++/A/A orkunýtni, þvottagæði og vinda.  
✓ Fullt verð kr. 129.900.

**Electrolux**

**EN-13400/13600AW Kæli-/frystiskápur**  
✓ Fæst bæði 175 cm og 185 cm há.  
✓ 3 MaxiSpace frystiskúfur með nægu rými.  
✓ Vönduð innrétting með glerhillum og  
flöskurekka.  
✓ HxBxD: 175 / 185 x 59,5 x 63,2 cm.  
✓ Fullt verð kr. 129.900/139.900.

175/185  
CM HÁR



175 CM  
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**94.900**  
SPARAÐU 35.000

185 CM  
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**109.900**  
SPARAÐU 30.000

**Electrolux**

**ZE0-5410 Ryksuga Essensio**  
Öflug og góð heimilisryksuga með 1800W  
mótor og stíllanlegum sogkrafti.  
✓ 3 lítra S-Bag örtrefjapoki.  
✓ Stíllanlegur sogkraftur.  
✓ Air Clean II öragnasía.  
✓ Hæggræsing, sprengir  
ekki öryggið.  
✓ 8 metra vinnuradius.  
✓ Innbyggð fylgihlutag-  
geymsla.  
✓ Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**12.990**  
35% AFSLÁTTUR

1800W  
MÓTOR

8M VINNU-  
RÁDIUS



ALLT AÐ

# 50%

AFSLÁTTUR AF  
ELECTROLUX SMÁTEKJUM

Sjáðu allt úrvalið á [www.rafha.is](http://www.rafha.is)



1) Handryksuga  
Kr. 9.990. Kr. 4.995 með 50% afsl.



2) Kaffivél með  
thermokönnu  
Kr. 19.990.

3) Hraðsuðukanna  
Kr. 8.990. Kr. 5.990 með 34% afsl.

4) Brauðrist  
Kr. 11.990.  
Kr. 5.995  
með 50% afsl.

XXL að innan  
Allt að 34 cm  
háir diskar

HVÍT  
KYNNINGARVERÐ KR.  
**99.900**  
SPARAÐU 50.000

STÁL  
KYNNINGARVERÐ KR.  
**109.900**  
SPARAÐU 50.000

**Electrolux**

**ESFCHRONOW/NOX Uppþvottavél**  
Afburða vel búin og hljóðlát uppþvottavél  
í algjörum sérklassa á undragóðu verði.  
✓ Flexi Spray þvottaarmur með þri-  
viddarþvottatækni + úðara í toppi.  
✓ XXL að innan - stöðluð utanmál.  
✓ Afar hljóðlát, aðeins 46 dB(A).  
✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. 2 hraðkerfi.  
✓ Snertitakkar og LED tímaskjár.  
✓ Margbreytanleg lúxusinnrétting.  
✓ DryTech öflug þurrkun.  
✓ A++/A/A toppeinkunn fyrir okru, þvott  
og þurrkun.  
✓ Fæst í hvítu og fingrafararfríu stáli.  
✓ Fullt verð kr 149.900 / 159.900



exquisit

**UBH-08INOXLOOK Eldhúsvífta stállituð**  
4 hraðastillingar og gott vinnuljós.  
✓ Fyrir kolasiu eða útblástur  
✓ HxBxD: 10 x 59,5 x 47 cm  
✓ Fullt verð kr. 14.990

VERÐFALL KR.  
**7.495**  
50% AFSLÁTTUR



# Rafha ehf

**Opið**  
virka daga 9-18  
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
Sími 5880500

[www.rafha.is](http://www.rafha.is)

## ALLAR VIFTUR

# 20% AFSLÁTTUR

Veldu á milli borðviftu, standviftu,  
eða gólfviftu í hvítu, svörtu eða  
stáli. Sjáðu allt úrvalið á  
[www.rafha.is](http://www.rafha.is)



9 gerðir  
Stál, svartar &  
hvítar viftur

## Til móts við hjúkrunarheimili: Ríkið yfirtekur sex milljarða

**HEILBRIGÐISMÁL** Ríkissjóður yfirtók í gær tæplega sex milljarða króna lífeyrisskuldbindingar ellefu hjúkrunarheimila.

Þetta er gert til að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu hjúkrunarheimila sem rekin eru af sjálfseignarstofnunum.

Í tengslum við samkomulagið eru enn fremur gerðar upp skuldir nokkurra hjúkrunarheimila vegna ógreiddara lífeyrisskuldanna til lífeyrissjóða sem safnast hafa upp undanfarið ár.

- jme

Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifa undir kjarasamning til eins árs:

## Munu vinna að nýju kerfi fyrir stjórnendur

**MENNTAMÁL** Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifuðu undir kjarasamning hjá ríkissáttasemjara í gærmorgun.

Samningurinn gildir til eins árs en jafnhliða honum var skrifað undir viðræðuáætlun og tímasetta aðgerðaáætlun þar sem farið verður í vinnu við nýtt launamyndunarkerfi skólastjórna.

„Við náðum sömu byrjunarhækkun, það er 2,8 prósentum, eins og á almenna markaðnum auk leiðréttingar á mati á námi og starfsreynslu til samræmis við önnur félög innan Kennarasambands Íslands,“ segir

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands.

Hún bendir á að samið hafi verið til eins árs þar sem grunnskólakennarar muni ekki kjósa fyrir en í febrúar um framhald síns kjarasamnings. „Við vitum ekki fyrir en þá hvernig þetta kemur út hjá þeim. Það er fyrst og fremst þess vegna sem við viljum ekki gera lengri samning. Við komum til með að undirbúa nýjan kjarasamning á næsta vetri sem ætlað er að taka gildi 1. júní 2015.

Rafræn kosning um nýja samninginn fer fram 12. til 19. júní.

- ibs



**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari og Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands.

## Mótmæla niðurskurði stjórnvalda



**MÓTMÆLA** Spænskir slökkviliðsmenn byggðu turn úr girðingum lögreglu þegar þeir mótmæltu niðurskurðaraðgerðum spænskra stjórnvalda í Barcelona í gær. Verkalýðsfélög á Spáni hafa kallað eftir allsherjarverkfalli frá 20. júní til að mótmæla aðgerðum stjórnvalda.

NORDICPHOTOS/AFP

## Ráðuneyti brjóta á ríkisjarðarleigjanda

Umboðsmaður Alþingis segir ríkisvaldið hafa margfaldað leigugjald fyrir ríkisjörð án lagaheimildar og hafa brotið málshraðareglu stjórnsýslulaga með því að hafa enn ekki eftir átta ár svarað ítrekuðum óskum ábúandans um að kaupa jörðina.

**STJÓRNSÝSLA** Landbúnaðarráðuneytið og fjármálaráðuneytið hækkuðu leigu ríkisjarðar án þess að hafa til þess heimild og stjórnsýslulög eru brotin með því að óskum ábúandans um kaup á jörðinni hefur ekki svarað í meira en átta ár.

Ofangreint er álit umboðsmanns Alþingis en þangað kærði ábúandinn stjórnvöld. Þess má geta að allar vísbendingar um hver ábúandinn eða jörðin er hafa verið afmáðar úr álitum umboðsmanns. Bæði embætti umboðsmanns og Jarðadeild fjármálaráðuneytisins neita að upplýsa um hvaða ríkisjörð er að tefla.

Fram kemur að jörðin er leigð samkvæmt byggingarbréfi útgefnu á árinu 1985. Þar er kveðið á um að leigan skuli vera þrjú prósent af fasteignamati. Árið 2011 hækkaði ríkið leiguna úr 22 þúsund krónum á ári í 54 þúsund. Var vísað til þess að leigan væri undir lágmarksviðmiði. Einnig til aukinna hlunninda af heytum og vaxandi göngu sjóbirtings. Taka ber fram að leigan er eingöngu fyrir jörðina sjálfa en ekki húsakostinn sem ábúandinn á sjálfur.

Umboðsmaður sagði ráðuneytið ekki geta hækkað leigu einhliða á grundvelli eigin reglna, grastekja sé ekki hlunnindi og að ekki hafi verið sýnt fram á auknar tekjur af veiði. Hafi ríkið viljað hækkan leigunnar vegna aukinna hlunninda hefði það auðveldlega getað óskað eftir hækkan fasteignamats jarðarinnar.

Í samræmi við lög óskaði ábúandinn eftir því árið 2005 að fá jörðina keypta. Sú ósk hefur verið



**Í SVEITASÆLU** Ábúandi ótiltekinnar ríkisjarðar benti á að nýtingarmöguleikar á silungsveiði hefðu verið skertir með banni við netaveiði í ánni á jörðinni sem væri of straumhörð til að koma öðrum veiðiaðferðum við.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

margítrekuð en aldrei verið svarað. Ríkið ber við ágreiningi um landamerki við næstu jörð, sem einnig er ríkisjörð.

„Lögbundinn réttur A [ábúandans] til að kaupa ábúdarjörð sína er þýðingarlitill ef stjórnvöld draga von úr viti að afgreiða beiðni hennar þar um,“ segir umboðsmaður Alþingis.

„Náist ekki sættir um afmörkun jarðanna verður ráðuneytið á endanum að höggva á hnútinn og ákvarða landamerki þeirra jarða sem í hlut eiga að því marki sem það hefur sjálft forræði á þeim ágreiningi og að því marki sem það er nauðsynlegt til að taka ákvörðun um beiðni A um kaup

**„Lögbundinn réttur A [ábúandans] til að kaupa ábúdarjörð sína er þýðingarlitill ef stjórnvöld draga von úr viti að afgreiða beiðni hennar þar um.**

Umboðsmaður Alþingis

á jörðinni,“ segir í álit umboðsmanns.

Hjá Jarðadeildin fengust þau svör að umrætt mál væri einstakt og að álit umboðsmanns hefði því ekki áhrif á leigugjald fyrir aðrar ríkisjarðir.

gar@frettabladid.is



**SALTFISKVERKUN** Portúgal er mikilvægur markaður fyrir saltfisk. FRÉTTABLAÐIÐ/ISE

## Kaupandinn ræður ferðinni: Verka saltfisk eftir hefðinni

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra og kollegi hans frá Portúgal, Assunção Cristas, hafa undirritað viljayfirlýsingu um að tryggt verði að ekki sé fluttur út saltfiskur til Portúgals sem meðhöndlaður hefur verið með fosfötum, nema kaupandi óski þess sérstaklega.

Reglur Evrópusambandsins leyfa fosföt við verkun saltfisks, en efnin halda holdinu hvítu. Stjórnvöld í Portúgal leituðu til ráðuneytisins og óskuðu eftir samstarfi um að tryggja áframhaldandi viðskipti með saltfisk, sem verkaður er án fosfatsprautunar.

- shá

## Skrifuðu undir samning: Aukið samstarf við Maine

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og Paul LePage, ríkisstjóri Maine í Bandaríkjunum, skrifuðu í gær undir samkomulag um aukið samstarf.

Samkvæmt samkomulaginu verður unnið að því að efla viðskiptatengsl Íslands og Maine meðal annars með áherslu á orkumál, viðskiptaþróun, samgöngur, nýtingu náttúruauðlinda og menningarmál. Rædd voru ný viðskiptatækifæri sem skapast með beinum siglingum á milli Reykjavíkur og Portland.

Þá munu stjórnvöld leita leiða til að starfa saman að hagsmunamálum á norðurslóðum, m.a. varðandi umhverfisöryggi og leit og björgun, að því er kemur fram í tilkynningu.

- fb



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Viðvörðun frá sænsku lögreglunni vegna útleigu á íbúðum í sumarfríinu:

## Vændi stundað í leiguíbúðum

**SVÍPIÓÐ** Eftir að sænska lögreglan upplýsti hótelfarstarfsmenn um hvernig uppgötva mætti vændisfarfsemi er orðið æ algengara að vændi sé stundað í íbúðum sem grunlausir Svíar leigja út þegar þeir fara sjálfir í frí.

Á fréttavef sænska ríkisútvarpsins er sagt frá Svía í Gautaborg sem leigði út íbúðina sína til tveggja stúlkna í viku. Þær kváðust vera að heim-sækja kærasta annarrar þeirra sem starfaði í borginni. Leigusala leitaði upplýsinga á netinu og komst að því að önnur stúlkan var skráð á vændisíðu.

Haft er eftir lögreglumanninum Simon Häggström að slíkt gerist æ oftar. Hann segir algengt að vændiskonur séu fluttar á milli staða, einkum milli stórborganna, og séu þær um það bil eina viku á hverjum stað. Nær undantekningarlaust sé um skipulagða glæpastarfsemi að ræða.

Häggström ráðleggur Svíum að biðja nágretta um að fylgjast með því hvort karlar komi oft í heim-sókn í húsnæði sem er í útleigu. Þá sé ástæða til að gera íbúðareigandanum viðvart og jafnvel lögreglunni.

- ibs



**STOKKHÓLMUR** Glæpahringir senda vændiskonur á milli stórborga í Svíþjóð.

LA Z BOY®



LA Z BOY®

### Hinn eini sanni!

LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hæginda-stillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

Í HVAÐA SÆTI VERÐUR ÞÚ?

# HM-TILBOÐ

*La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!*



## HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –



**119.990**  
FULLT VERÐ: 159.990

LA Z BOY®  
ASPEN Gæðaleður  
nokkrir litir.  
Stærð: B:103 D:85 H:93



**149.990**  
FULLT VERÐ: 179.990

LA Z BOY®  
RIALTO Gæðaleður  
svart, hvítt eða vínráutt.  
Stærð: B:81 D:98 H:107 cm.



**169.990**  
FULLT VERÐ: 199.990

LA Z BOY®  
GRAND CANYON  
Gæðaleður svart.  
Stærð: B:89 D:95 H:109 cm.

KOMDU  
OG SJÁDU NÝJA  
LA Z BOY®  
SÝNINGARRÝMIÐ  
OKKAR!



**1 HYLJA ANDLIT SITT Í HITABYLGJUNNI Á INDLANDI** Ungir menn á vélhjóli í borginni Amritsar verjast hitanum með því að setja klút yfir höfuð sitt. Hitinn þar í borg var kominn upp í 45 til 47 gráður. NORDICPHOTOS/AFP



**4 Á BORGARAFUNDI Í BANDARÍKJUNUM** Louis Albin gegndi í eina tíð herþjónustu í Vietnam og mætti skreyttur fánum á borgarafund í borginni Phoenix í Virginíu, þar sem rætt var um heilbrigðisþjónustu við fyrverrandi hermenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



ÁSTAND HEIMSINS

## MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

\*

Viltu verða stúdent  
á tveimur árum  
og útskrifast  
17. júní 2016?



Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 565-9500 · www.hradbraut.is



**3 PAPPÍRSPÖNDUR Á FERÐ Í HONG KONG** Franski listamaðurinn Paulo Grangeon hefur verið að ferðast um heiminn með 1.600 pöndur, gerðar úr pappír. Þarna hefur hann stílt þeim upp á tröppunum framan við Tian Tan-Búddastyttuna á Lantau-eyju. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**2 GRASFLÖTIN PRIFIN Á SRÍ LANKA** Hótelstarfsmaður mundar hrífu sína við ströndina í Kólombó. Eitthvað hefur hægt á hagvextinum þar í landi síðustu misserin, en hann rauk upp í átta prósent fyrstu tvö árin eftir að her landsins vann sigur á uppreisnarsveitum Tamíltígranna. NORDICPHOTOS/AFP



**5 ELDINGAR Í FRAKKLANDI** Í fyrrinótt gekk á með þrumum og eldingum yfir borginni Tours í Frakklandi. Mikið hvassviðri fylgdi. NORDICPHOTOS/AFP

HEITT TILBOÐ  
Á OFNUM,  
HELLUBORÐUM  
OG VIFTUM

**20-30% AFSLÁTTUR**



## STÆRRI AÐ INNAN · FLOTTARI AÐ UTAN



Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.  
Íslensk notendahandbók.

**SÉRTILBOÐ Á ÞESSUM OFNI**  
BE3003001-M  
Áður: 134.900,-  
Nú: 99.900,-



Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni.  
Íslensk notendahandbók.



AEG helluborð með stálkanti 57cm



Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum.  
Íslensk notendahandbók.

**SÉRTILBOÐ**  
HK634000XB  
Áður:  
115.900,-  
Nú:  
79.900,-



Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi.  
Íslensk notendahandbók.



**Eyjuháfar · Veggháfar · Viftur > 25% afsláttur**

### AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

### FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

### AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas, þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.

OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18  
Lokað á laugardögum í sumar

**ORMSSON**

Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**  
**www.ormsson.is**

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
PRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUBÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

SR · BYGG  
SIGLUFIRÐI  
SÍMI 467 1559

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

Hver kaupir barnatölvuleiki um fitusog?

## Haltu kjafti, eldaðu og vertu mjórri

**T**ölvuleikir fyrir ung börn hafa verið í sviðsljósinu undanfarið og athygli verður vakin á þeim gríðarlega mun sem er á innihaldi slíkra leikja eftir því hvort þeir eru markaðssettir fyrir drengi eða stúlku. Fjögurra til sex ára strákar eiga að læra að lesa og leysa þrautir en stelpur á sama aldri eiga að læra hvernig konur geti orðið sætari og mjórri og svo eiga þær aðvitað að læra að elda. Lengst gengur sennilega leikurinn Plastic Surgery þar sem málið snýst um að framkvæma rafrænt fitusog og aðrar fegrunaraðgerðir á þar til gerðum eftirmyndum of feitra kvenna. Sá leikur hefur reyndar verið fjarlægður af Google Play og App Store en er enn í boði á ýmsum vefsíðum sem bjóða upp á leiki fyrir börn, þrátt fyrir hávæð mótum á úr ýmsum áttum.

Í samtali við Vísi í gær sagði Auður Magnús Auðardóttir, verkefnisstjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar, að sala á slíkum leikjum væri mjög skiljanleg út frá markaðssjónarmiði. „Já, fegurðarbransinn veltir milljörðum og þetta eru tilraunir til að móta stúlkur frá unga aldri. Þannig að ef maður horfir á þetta bara út frá markaðsfræði er þetta ekkert skrítíð,“ sagði hún. Sjónarmið út af fyrir sig en vekur óneitanlega upp spurningar um það hvort virkilega sé markaður fyrir lýtaaðgerðaleiki fyrir fjögurra til sex ára stúlkubörn. Börn á þeim aldri kaupa sér væntanlega ekki tölvuleikina sjálf þannig að ef það er eftirspurn markaðarins eftir slíkum leikjum sem framboðinu ræður hljóta það að vera foreldrarinn sem fóðra börnin sín á þessu. Getur það virkilega verið?

Það er auðvelt og átakalítið að hneykslast á peningagræðgi stóra ljóta markaðsúlfsins sem er að halda þessum ósóma að börnunum okkar en um leið ógerlegt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að ef þessir leikir seljast ekki er framleiðsla þeirra fljótlega hætt. Þannig virkar sá úlfur nú einu sinni. Ábyrgðin liggur því fyrst og síðast hjá foreldrum stúlkna á þessum aldri – og öllum aldri ef út í það er farið – að kaupa ekki þessa mannskemmaði leiki og aðrar staðalímyndavíðhaldandi markaðsvörur. Það erum við sem erum fyrirmyndir og upp-álandur barnanna okkar, ekki einhver misvitur leikjafyrirtæki úti í heimi. Bakslagið í kynjaumræðunni er ekki markaðsöflunum að kenna heldur okkur sjálfum. Á meðan við látum okkur detta í hug að fóðra dætur okkar á fegrunaraðgerðaleikjum og stöðluðum prinsessufyrirmyndum mun ekkert breytast. Og þótt rafrænir ranghalar internetsins séu vandrataðir þá ætti það að vera á færi hvers foreldris að koma í veg fyrir að börn þeirra leiki sér í slíkum leikjum. Kostar aðvitað tíma og yfirlegu en hlýtur að vera margfallega þess virði þegar upp er staðið. Hvaða foreldri vill að dóttir þess hafi þær hugmyndir að hlutverk kvenna sé fyrst og fremst að vera sætar? Eða liggur vandinn kannski einmitt í því að foreldrar sjái ekkert athugasvert við þá afstöðu? Þá er virkilega kominn tími á nýja kvennabyltingu – og það strax í dag.

Friðrika Benónýsdóttir

friðrikab@frettabladid.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Greining á stöðunni í ESB**  
Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins og penni á Evrópuvaktinni, skrifar pistil í gær um umræðu í evrópskum fjölmiðlum í kjölfar kosninga til Evrópuþingsins í maí. Hann segir þær hafa undirstrikað hlyðþýpi milli sjónarmiða pólitískrar yfir-stéttar á meginlandinu og almennings í að-ildarríkjum ESB. Hann segir þau opinberu sjónarmið sem heyrast hér frá sambandinu séu viðhorf pólitísku yfirstéttarinnar en ekki hins almenna borgara. Þetta sé gagnlegt að hafa í huga þegar rætt er

um aðild Íslands að ESB og minnir á að danski aðallinn hafi líka átt sér talsmenn á Íslandi.

**Löglegt að hygla þjóðkirkjunni**  
Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, skrifaði vinsælan pistil um umræðuna um úthlutun lóðar undir mosku á Pressuna. Hann segir stjórnvöldum alls óskilytt að úthluta ókæptis lóðum til trúfélaga hvers kyns, nema þjóðkirkjunnar.

Heimilt sé að hygla þjóðkirkjunni á grundvelli stjórnskrár, án þess að það teljist brot gegn jafnræðisreglu. Brynjar sagði alvarlega hlutinn í þessu öllu, sem enginn hefði orð á, að óheimilt væri að úthluta lóðum án endurgjalds nema með heimild í lögum, til annarra en þjóðkirkjunnar.

Þannig væri tillaga oddvita um að kjósa um hvar lóðargjöfin undir moskuna ætti að vera því alveg jafnótæk. Brynjar segir að ef mönnum þyki eðlilegt að gera öllum trúfélögum jafnt undir höfði, verði menn að breyta stjórnskrá og lögum.

fanney@frettabladid.is



### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

### STJÓRN MÁL



Ingvar Gíslason fv. ráðherra og alþingismaður Framsóknarflokksins

Fjaðrafokið sem þyrst hefur upp kringum Framsóknarflokkinn hefur að formi til tvær hliðar. Önnur snertir innan-flokksmál, hin hliðin snýr að umfjöllun í fjölmiðlum. Þar ber reyndar hæst greinarhöfunda á vegum Fréttablaðsins. Ef lýsa ætti í fáum orðum þeirri hlið, sem að innanflokksmálum snýr, einkennist hún af veikburða forystu, ráðaleysi og klúðri. Fárra orða lýsing á skrifum tiltekinn greinarhöfunda um stefnu og störf Framsóknarflokksins rúmast í einu orði: ritsóðaskapur.

Á hvora hliðina sem maður lítur, kemur í ljós það versta sem finnst í íslenski pólitík og umræðuáttum: agaleysi í orði og gerðum. Agaleysið er augljóst í stjórnaráttum framsóknarforystunnar í Reykjavík og agaleysi í orði, rakalausar ásakanir og ályktunarlygi einkenna skrif þeirra sem nú gera hróp að Framsóknarflokkinum, gera honum upp skoðanir, viðhorf og stefnu, m.a. ýjað að samlíkingu við rasistasamtök í Evrópulöndum. Þótt Eiríki Bergmann Einarssyni sé til alls trúandi í anda Guðmundar Hálfdanarsonar, koma mér skrif Guðmundar Andra Thorssonar og Ólafs Stephensen í þá átt mjög á óvart.

→ **Veikburða forysta Framsóknarflokksins er okkur gömlu framsóknarfólki hin mesta ömun. Við munum tímana tvenna.**

Veikburða forysta Framsóknarflokksins er okkur gömlu framsóknarfólki hin mesta ömun. Við munum tímana tvenna. Þetta stórtæka framboðsklúður, sem forysta flokksins hefur gert sig bera að frá upphafi til enda, á sér enga hliðstæðu í næstum 100 ára sögu Framsóknarflokksins. Og þegar eftirleikur klúðursins er sá sem raun ber vitni, að ályktunarlygurum er lagt upp í hendurnar að skálda upp og útbreidda ófrægarmýtu um flokkinn, þá er tímabært að flokksforystan taki við sér.

Í fyrstu lotu framboðsklúðursins sagði Óskar Bergsson af sér sem fyrsti maður á framboðslista flokksins í Reykjavík – reyndar að óþorfu. Er þá ekki tímabært að Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sýni kjark og segi af sér sem borgarfulltrúi, enda augljós tengsl milli orða hennar og óhróðursskrifa um Framsóknarflokkinn?

# Handónýtt ríkisstjórn?

Þegar ég kom inn á þing um miðjan tíunda áratuginn minnst ég kröftugs málflutnings gegn kvótakerfinu. Með því væri verið að færa tilteknum aðilum eignarhald á sjávarauðlindinni. Framsalið væri augljósasta vísending þessa auk veðsetningar á óveiddum aflu.

**STJÓRN MÁL**



Ögmundur Jónasson alþingismaður

→ Ferðamálaráðherrann hefur meira að segja sagt að rukkunin gangi prýðisvel! Þar með hefur ríkisstjórnin brugðist því grundvallarhlutverki sínu að verja fólk gegn ránsmönnum.

Þessu svöruðu verjendur kerfisins með því að vísa í fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða frá 1990 en þar segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

**Aðgangseyri að auðlindinni**

Nú líður og bíður. Haldið er áfram að veðsetja auðlindina og færast smám saman í vöxt að taka fjármuni sem þannig eru fengnir út úr sjávarútvegi og braska með á óskýldum sviðum. Á bak við fjármagnið var hins vegar engin verðmætasköpun í núinu. Þarna hófst ferill sem endaði í október 2008 með allsherjarhruni.

En til að gera langa sögu stutta þá komu í tíð síðustu ríkisstjórnar fram tillögur um að krefjast útgerðarfyrirtækum um talsverðan aðgangseyri að auðlindinni. Þessu var mótmælt af hálfu útgerðarfyrirtækja og bandamanna þeirra. Ég

minnst fyrrverandi lagaprófessors sem hélt því blákalt fram að með gjaldtökunni væri gengið á eignarréttinn. Þrátt fyrir tilvitnaða grein fiskveiðistjórnunarlega hefði myndast hefðarréttur til eignar. Hann yrði að virða! Gjaldtakan væri því óheimil.

Í náttúruverndarlögum eru skýr ákvæði um heimildir til gjaldtöku. Bannað að rukka ferðamenn í eiginhagnaðarskyni. Engu að síður tíðkast það við Keríð í Grímsnesi. Þar eru teknir peningar af fólki þótt það stríði gegn landslögum og þúsund ára hefð.

Ríkisstjórnin lætur þetta gott heita. Ferðamálaráðherrann hefur meira að segja sagt að rukkunin gangi prýðisvel! Þar með hefur ríkisstjórnin brugðist því grundvallarhlutverki sínu að verja fólk gegn ránsmönnum. Slík ríkisstjórn er handónýtt.

Hvers vegna þá spurningarmerkið í fyrirsögninni?

Það er vegna þess að ríkisstjórnin er meðvirk í því að kvótavæða náttúru Íslands, skapa ránsmönnum hefðarrétt til tollheimtu. Þar með er hún landeigendum við Keríð ekki ónýtt.

# „...allir eru skrytnir, og líka þú“\*

Við hötum öll eitthvað. Það er þegar við förum að hata aðrar manneskjur sem hlutirnir verða alvarlegir. Þá fyrst skemmtum við skrattanum og bjóðum honum í grill í leiðinni.

**SAMFÉLAG**



Kristín Elfa Guðnadóttir frumkvöðull

→ Hættum að vera reaktíf og verðum próaktíf. Hættum að vera þolendur og verðum gerendur. Annars kemur Breivik einhvern daginn og bankar upp á.

Fordæmum hatur en ekki fólk. Við verðum að tala saman, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Í því felst ekki samþykki á rasisma. Í því felst að samræða og virk hlustun er eina leiðin til að hafa jákvæð áhrif. Við sem óttumst ekki nálægð við múslima í samfélaginu megum ekki sjálf gera okkur sek um hiklausa réttlætningu á öllu sem kemur frá okkur sjálfum og vandlætningu á öllu sem kemur frá hinum. Skuldbindum okkur frekar til að reyna að finna sameiginlegan flöt sem við getum byrjað að tala saman út frá. Kannski þurfum við að fara alla leið til upphafsins í þeirri leit og segja: Ókei, við erum öll manneskjur, við getum verið sammála um það.

sem eru hræddir við hatrið sem streymir upp úr iðrum jarðar. Það á við um þá sem hatrinu er hellt yfir. Og það á líka við um þá sem hata. Oft erum við í öllum þessum hópum samtímis.

**Arfavendir félagar**

Rasismi og fasismi, þessir arfavendu félagar, þrífast best í samfélagi þar sem ekki er hlustað á fólk. Þar sem fólk fær ekki aðgang að kjötkötlunum, lýðræði er ábótavant, margir hafa það skítt. Það er ekki að ástæðulausu sem stórveldi verða til. Það þarf svart og hvítt, eitthvað til að hata hinum megin. Í landi þar sem við ætlum vonandi ekki að byggja Berlínarmúr getum við ekki afgreitt hlutina með köldu stríði. Við tökumst á, hér og nú. Ég legg til nokkuð mjög róttækt: Setjumst til borðs með ætluðum óvinum okkar og athugum hvort ekki er hægt að hreyfa málið eitthvað áfram í átt til friðar. Hlustum á fólk segja frá því hvað það er hrætt við, hverju því er illa við. Höldum stillingu okkar. Verum vel upplýst. Hlustum á tilfinningar.

Hættum að fordæma og förum að hlusta, ekki á hatur – við tökum aldrei undir það – heldur á fólk.

\*Úr „Álfablokkinn“, lag og texti eftir KK.

# GÓÐIR, NÝLEGIR, TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



**MM Pajero 3,2 GLS 33"**  
Árgerð 2006, dísil  
Ekinn 161.000 km  
sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.490.000**

**Tilboðsverð 2.790.000**



**Mercedes-Benz ML350**  
Árgerð 2006, bensín  
Ekinn 164.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.790.000**  
**Tilboðsverð: 3.290.000**



**Audi Q7 4,2 (USA)**  
Árgerð 2007, bensín  
Ekinn 103.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 4.890.000**



**Toyota Land Cruiser**  
120 VX, Árgerð 2005, dísil  
Ekinn 170.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 4.190.000**



**Mitsubishi I-MIEV**  
rafmagnsbíll, Árgerð 2012,  
rafmagn, ekinn 4.900 km,  
**Ásett verð: 3.190.000**



**MM Pajero 3,2 Intense**  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 8.190.000**



**Skoda Rapid Amb.1.4Tsi**  
Árgerð 2013, bensín  
Ekinn 27.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 3.350.000**



**VW Passat Comfortl. 1.6**  
TDI, Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 4.490.000**



**VW Polo 1.4 Comfortl. AT**  
Árgerð 2012, bensín  
Ekinn 44.500 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 2.420.000**



**Audi A4 2.0TDI AT**  
Árgerð 2012, dísil  
Ekinn 24.000 km, sjálfskiptur  
**Ásett verð: 5.750.000**

**Kíkið inná:**  
**heklanotadibirar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**



**NOTAÐIR BÍLAR**

Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
Opíð virka daga frá kl. 10-18  
og laugardaga kl. 12-16

# Hvers vegna ekki húsnæðissamvinnufélög?

Það vakti furðu félagar í Búmönnum hsf., þegar frumvarp til laga um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlana var lagt fyrir Alþingi Íslendinga. Í 3. gr. frumvarpsins, sem nú er orðið að lögum, segir: „Leiðréttingu tekur ekki til lögaðila, þrátt fyrir að til láns hafi verið stofnað með beinum eða óbeinum hætti í þágu einstaklinga. Þ.m.t. samkvæmt lögum nr. 66/2003, um húsnæðissamvinnufélög.“

## HÚSNÆÐI



**Haraldur Finnsson**  
formaður  
búsetufélags  
Búmanna við  
Grænlandsleið



**Sigurður Jónsson**  
formaður  
búsetufélags  
Búmanna við Kríu-,  
Lóu- og Kjóaland



**Þórir Sigurbjörnsson**  
formaður  
búsetufélags Bú-  
manna við Ferjuvað

Það er rétt að vekja athygli á að fyrir þann 5. október 2008 var enginn rekstrarvandi hjá Búmönnum og vanskil við Íbúðalánasjóð engin. Við hrúnið breyttist margt hjá þeim eins og öðrum. Lán þeirra stökkbreyttust á nákvæmlega sama hátt og hjá öðrum íbúðareigendum og þar með greiðsluþyrri íbúa hjá Búmönnum. Til viðbótar breyttust mjög aðstæður á íbúðamarkaði í suðurkjördæmi, ekki síst á Reykjanesi þar sem inn á markaðinn kom

Með þessu ákvæði er greinilegt að öllum sem eiga búsetur í íbúðum Búmanna, eða hjá öðrum húsnæðissamvinnufélögum, er haldið utan við þessar leiðréttingar. Rök fyrir þeirri ákvörðun eru síður en svo augljós.

Búmenn er húsnæðissamvinnufélag sem ekki er rekið með ágóðasjónarmiði í huga heldur hefur að markmiði öflun og umsjón hentugs íbúðarhúsnæðis fyrir fólk sem komið er yfir miðjan aldur.

Á bak við hvert einasta íbúðarlán sem veitt hefur verið til félags-

ins er fólk sem er að reyna að tryggja sér hentugt húsnæði. Það hefur skuldbundið sig til að greiða af lánunum sem Íbúðalánasjóður veitti til byggingar þessara íbúða með undirskrift sinni á þinglýstum samningi við Búmenn. Þau hafa lotið nákvæmlega sömu lögumálum og önnur lán sem Íbúðalánasjóður hefur veitt einstaklingum. Eini munurinn er að íbúarnir greiða af lánunum til Búmanna sem greiða svo aftur til Íbúðalánasjóðs, þ.e. greiðslan til sjóðsins fer í gegnum kennitölu Búmanna.

mikill fjöldi leiguíbúða sem áður tilheyrðu hernum á Keflavíkflugvelli. Þær voru settar á markað langt undir markaðsverði og ekki var mögulegt að keppa við þær í verði. Þetta hefur valdið Búmönnum ómældum erfiðleikum og þrátt fyrir viðræður við starfsmenn Íbúðalánasjóðs síðastliðin fimm og hálf ár hafa þær engu skilað. Sama er að segja um viðbrögð frá ráðherra og nefndarmönnum við málaleitunum Búmanna.

Á sama tíma heyrnum við að félagsmálaráðherra og forustu-

menn launþegasamtaka, ásamt sveitarstjórnarmönnum, eru ræða um stofnun nýrra húsnæðissamvinnufélaga að norrænni fyrirmynd sem á að leysa allan vanda fólks varðandi valkosti í húsnæðismálum!

Aðgerðir stjórnvalda í skuldamálu, hvað varðar félagsmenn Búmanna, ganga þvert á framtíðarsýn sömu stjórnvalda. Með henni er félagsmönnum húsnæðissamvinnufélaga stórlega misnað. Dettur einhverjum í hug að það hvetji til stofnunar nýrra slíkra félaga?

Ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefur lagt áherslu á að um almennar aðgerðir sé að ræða varðandi leiðréttingu íbúðalána. Það gengur ekki að ætla að skilja útundan á sjötta hundrad fjölskyldna hjá Búmönnum. Lán þeirra hafa tekið hækkunum hvern mánuð á nákvæmlega sama hátt og hjá öllum öðrum sem skulda í sinni íbúð. Lán þeirra tilheyra vaxtábotakerfinu og þar með eru þær taldir af ríkisvaldinu nær því að vera eigundur en leigjendur fram að þessu. Eins hafa þeir,

→ **Búmenn er húsnæðissamvinnufélag sem ekki er rekið með ágóðasjónarmiði í huga heldur hefur að markmiði öflun og umsjón hentugs íbúðarhúsnæðis fyrir fólk sem komið er yfir miðjan aldur.**

sem aldur hafa til, notið afsláttar af fasteignagjöldum.

## Hvað er framundan?

Afar brýnt er að húsnæðissamvinnufélög landsins fái að vita um áform stjórnámalanna og Íbúðalánasjóðs um framtíð sína milli-tilátaust. Aðgerðarleysi og ósamkvæmni í málfutningi er ekki viðunandi. Ríkisstjórnin getur ekki hvatt til stofnunar nýrra húsnæðissamvinnufélaga meðan félagar þeirra sem fyrir eru verða að þola misrétti. Nær væri að notfæra sér reynslu þeirra og búa í haginn fyrir þau með endurskoðun á lagaumhverfinu.

Ríkisstjórnin verður að koma sér saman um hvað hún vill.

## Um loftslagsbreytingar

Ísinn á suðurlöndum hefur ekki mælst meiri í 30 ár. Í ágúst á síðasta ári var íspekjan á norðurlöndum 29% stærri en í ágúst árið 2012. Samfeld íspekjan sem þakti norðurlönd þá svaraði til meira en helmingins af stærð Evrópu. Fyrir sex árum síðan spáðu vísindamenn því að norðurlönd myndi vera orðin ísland með öllu samarið 2013. Samanlagt íspekja suður og norðurlönd mælist nú nánast sú sama og hún var fyrir 30 árum síðan.

## UMHVERFIS-MÁL



**Sölvi Jónsson**  
starfar með  
fötludum

→ **Ég tel mig síður en svo vera sérfræðing um loftslagsbreytingar og ég er ekki að reyna að afsanna kenninguna um hlýnun jarðar af mannavöldum.**

hlýskeyð á jörðinni og á árunum ca. 1400-1700 fengu jarðarbúar litla ísöld. Þannig að hitastig á jörðinni hefur í gegnum tíðina sveiflast upp og niður.

Stærð ísbjarnarstofnsins nálgaðast sögulegt hámark, telur 20-25 þúsund dýr. Talið er að ísbirnir hafi aðeins verið 5-10 þúsund á fimmta og sjötta áratugnum. Ísbirnir hafa lifað af tímabil þar sem ísinn á norðurhveli jarðar hvarf með öllu, færðu sig þá upp á fastalandið.

Spár vísindamanna IPCC gerðu ráð fyrir því að hitastig á jörðinni myndi hækka um 0,25 gráður á áratug. Á síðustu fimmtán árum hefur hitastig á jörðinni aðeins hækkað um 0,06 gráður. Skekkjan í spám vísindamanna er því meiri en 400%.

## Kemur lítil ísöld?

Það er ekki rétt að það sé samstaða á meðal vísindamanna um að þá litlu hlýnun sem hefur orðið á jörðinni (á síðustu öld hækkaði hitastig jarðar um 0,8 gráður) megi rekja til kolefnislosunar mannsins. Í Bandaríkjunum hafa meira en 30 þúsund vísindamenn sett nafn sitt undir yfirlýsingu þar sem kenningunni um hlýnun jarðar af mannavöldum er hafnað.

Rússneskir vísindamenn spá því að við séum að fara inn í litla ísöld. Þeir telja að hitastig á jörðinni muni falla um 1,5 gráðu til ársins 2050. Þann 12. desember á síðasta ári féll snjór í Egyptalandsi í fyrsta skipti í yfir 100 ár. Og vart þarf að rifja upp kuldaættir í Bandaríkjunum eftir áramótin.

Árið 1998 féll hitamet á jörðinni (samt kaldara en árin 1921, 1931, 1934 og 1953). Á síðustu 15 árum höfum við sem sagt ekki fengið heitara ár en árið 1998 og hitinn á jörðinni hefur vart vaxið um mælanlega stærð þrátt fyrir metlosun á CO<sub>2</sub> á árunum 2000-10.

Á árunum um 950-1250 var

Efasemdarmenn um hlýnun jarðar af manna völdum vilja skella skuldinni á sólinu. Þeir segja að það skiptist á kaflar aukinnar (hlýskeyð) og minnkadrar (kuldaskeyð) sólvirkni sem standa í 30-40 ár. Kenningin er að minnkuð sólvirkni stuðli að aukinni myndun skýja sem hafi kælandi áhrif á jörðina. Þegar virkni sólar er lítil sjást fáir/engir blettir á sólinni. Þetta er það sem sjónaukar NASA sýna í dag.

Ég tel mig síður en svo vera sérfræðing um loftslagsbreytingar og ég er ekki að reyna að afsanna kenninguna um hlýnun jarðar af mannavöldum. Það sem ég er að benda á er að kenningin er komin í nauðvörn og það er margt sem bendir til þess að við stefnum núna í þveröfuga átt. Ef hitastig á jörðinni lækkar þá á það víst að vera ef eitthvað er verra heldur en ef hitastigið hækkar.

Hér kemur svo síðan sjálfsgat þversögnin finnst einhverjum. Ég er einlægur umhverfisverndarsinni. Ég mæli ekki stóriðjum eða umhverfisspjöllum sem þær hafa í för með sér bót. Ég mæli ekki taumlausu kjótáti jarðarbúa bót. A.m.k. einn þriðji hluti ræktarlands jarðar er notaður til að rækta skepnufóður (með allri skógareyðingunni sem því fylgir). Nautgriparæktun (og þá er aðallega verið að tala um vindlosun nautgripa) losar meira af „skaðlegum“ gróðurhúsalofttegundum heldur en allar samgöngur jarðar.

En ég mæli því svo sannarlega heldur ekki bót ef það er verið að skattleggja mig og komandi kynslóðir vegna koltvísyringslosunar á fólkskum forsendum.

## visir.is

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar með heimildaskrá á Vísi.

## Hvað er fermingin?

Þessari spurningu var oft beint til mín, meðan ég var starfandi sóknarprestur. Hún kemur enn upp af ýmsu tilefni, og nú nýlega frá foreldri barns, sem horfir fram til þessara tímamóta í lífi sínu. Mig langar að svara henni einnig hér á opinberum vettvangi.

## TRÚMÁL



**Þórir Stephensen**  
prestur

Á síðustu starfsárum mínum hafði ég þann síð að byrja á því að spyrja börnin, hvers vegna þau vildu fermast. Svörin voru margvísleg. Vilji foreldra skipti greinilega miklu máli, gjafirnar, að fylgja strænum og svo margt annað, og mjög víða skipti hið trúarlega mestu. Ég sagði þeim, að við skyldum skoða þetta allt. Ég hefði t.d. ekkert á móti gjöfunum, því ég hefði fundið það á eigin skinni, drengur, sem ekki var af efnuðu fólki kominn, hvað það sem ég fékk í fermingargjöf hjálpaði mikið til að auðga líf minna æskulara. En ég vildi, að börnin hefðu tilganginn á hreinu. – Það felst í heitnu ferming, að fermingarathöfnin er staðfesting á skírinnni. En það er bara hinn trúarlegi þáttur. Honum fylgir svo miklu meira, sem á að hafa gjörtæk áhrif á lífið í kringum okkur.

Ég byrjaði því á að spyrja börnin, hvort þeim fundist heimurinn nógu góður í dag. Svárið var þeim auðvelt. Nei! Hann er það ekki. Þá sagði ég við þau, að þótt þau væru ekki byrjuð á námi sínu hjá mér, þá vissu þau það mikið um kenningar Kristis, að þau ættu að geta svarað næstu spurningu: Teljið þið, að ef mikill meirihluti íbúa heimsins fylgdi boðum Kristis, yrði eins mikið um styrjaldir, hungursneyð, fátækt, mannréttindabrot, ofbeldi manna í milli, einelti og annað slíkt, sem þið sjáið að hindrar menn í að lifa hamingjusamir hver við annars hlið? Svárið var enn jafn-akveðið. Nei!

Þá er komið að því, sagði ég, sem ég sé mikilvægast í fermingunni. Þegar ég legg hendur yfir ykkur í vor, þá er ég, dýpst skoðað, að vígja ykkur sem baráttumenn fyrir betri heimi. Ég nefndi víst bæði riddara og fékk góðar undirtektir. Það var auðfundið, að þetta var hlutverk sem börnin vildu sinna. Þau vildu vera hluti af hreyfingu, sem hafði þetta að takmarki. Það kom vel í ljós, er á leið námstímann, að þetta er ekki auðvelt. En þá var bent á hjálpinu

í því að tengjast fjöldasamtökum, sem eiga þessi markmið og svo dýrmætustu einstaklingsbundnu hjálpinu, sem felst í bæn til Guðs. Það var þeim mörgum nýtt að hæg væri að biðja hvar sem var, jafnvel á salerninu eða í strætó á leið í skólann. Guð er alls staðar nálægur, þótt hann sé ekki sjánlegur.

Ein harðasta gagnrýnin á trúarlíf mannsins, er að ekki sé hægt að byggja líf sitt á ósýnilegum veruleika, sem ekki verði sannaður með aðferðum raunvísindanna. Við ræddum oft í fermingarfræðslunni um kærleikann, foreldraástina og ástina milli karls og konu. Þetta er ekki hægt að sjá eða sanna. Þetta er huglægt eins og Guð. En samt er þetta raunverulegt og hefur áhrif.

Ég heyrði fyrir nokkrum árum sögu, sem ég hefði gjarnan viljað kunna fyrir. Hún er um fyrsta rússneska geimfarann, Juri Gagarin. Þegar hann kom úr geimförinni, sagði hann trú sínum kommúnisma: Guð er örugglega ekki til. Ég sá hann hvergi. Þekktasti heila-skurðlæknir Bandaríkjanna heyrði þetta og mælti: Já, þetta er athyglisvert. Ég er búinn að opna mörg þúsund hauskúpur og hef hvergi orðið var við hugsun.

Sameinumst öll í baráttunni fyrir betri heimi.

## Í sátt við menn og sjófugla

Á internetinu fer hring eftir hring sannkallað hryllingsmyndband. Það sýnir stóra sjófugla við Kyrrahafið sem eru að tæstast upp að innan vegna þess að þeir gleypa í sakleysi sínu tappa og leifar af plastflöskum sem fljóta í risastórri hringrás um hafið. Myndbandið er áminning um hve margt er ennþá óunnit í heiminum við að hreinsa náttúruna af úrgangi okkar sjálfra.

## UMHVERFIS-MÁL



**Helgi Lárusson**  
framkvæmdastjóri  
Endurvinnslunnar

Hér á Íslandi er ástandið betra en víða annars staðar. Um þessar mundir er haldið upp á 25 ára afmæli þess fyrirtækis sem á stóran þátt í því. Þann 7. júní 1989 komu fulltrúar 14 félaga saman og stofnuðu Endurvinnsluna hf. Félagin höfðu ýmissa hagsmuna að gæta en féllust öll á að vaxandi fjöldi af notuðum flöskum og dösúm í umhverfi okkar gengi ekki lengur.

Komið var á fót söfnun með skilakerfi, þannig að viðskiptavinur greiddi álag ofan á drykkjarvörumíbúðir. Það fékk hann svo endurgreitt þegar umbúðunum var skilað.

Þótt ótrúlegt megi nú virðast heyrðust efasemdir um að ástæða væri til að fara út á þessa braut. Í Tímanum 10. ágúst 1989 var t.d. farið hádulegum orðum um Endurvinnsluna sem kölluð var „sósíalismi í rusli“ og klykkt út með:

„Það kemur þess vegna að því að Endurvinnslan deyr úr hræfnisskortri, vegna þess að þótt nokkrir aurar fáist fyrir dós [eða

flösku] nennir enginn að standa í slíkum þeirringi þegar óskukallarnir koma í hverri viku til að hirta ruslið eins og þeir hafa alltaf gert.“

## Þjóðþrifaverk

Nú gera sér allir grein fyrir því að þeir sem koma umbúðum í Endurvinnsluna eru að vinna þjóðþrifaverk. Drykkjarumbúðir sjást ekki lengur á víð og dreif eða eru að minnsta kosti fljótar að hverfa þegar einhverjum verður á að henda slíku frá sér.

Ýmis háttur hefur verið hafður á hjá Endurvinnslunni á þeim 25 árum sem liðin eru frá stofnun fyrirtækisins. Árið 2008 tók End-

urvinnslan í notkun nýjar talning- arvélar sem nú eru komnar upp á nokkrum stöðum á landinu. Þannig var þjónustan stórakinn við viðskiptavinum sem þurftu ekki lengur að flokka og telja heilar umbúðir. Jafnframt er Endurvinnslan eitt fárra sambærilegra fyrirtækja í heimi sem tekur við beygluðum umbúðum. Meira að segja á Norðurlöndum er það ekki gert og því hefur fólk þar ennþá tilhneigingu til að skilja þær eftir úti í náttúrunni.

Það er ekki bara plastið sem fengur er að því að endurvinnna. Endurvinnun á áldórsir verða að nýjum dösúm á 60 dögum en við endurvinnslu áls eru einungis notuð fimm prósent þeirrar orku sem þarf til að framleiða nýtt ál.

Þá hefur Endurvinnslan frá upphafi stutt við ýmis góðgerðarfélög og verið í samstarfi við björgunarsveitir, skáta, íþróttfélög og verndaða vinnustaði.

Starfsfólk Endurvinnslunnar leyfir sér að líta yfir sögu fyrirtækisins þennan aldarfjórðung með stolti. Það er mikið ánægjuefni að eiga þátt í svo nauðsynlegu verkefni í slíkri sátt við þjóðina.

Að ekki sé minnst á sjófugla!



# Kína nær og fjær

Bankahrunið 2008 og alþjóðlega efnahagskreppan hafa leitt til stjórn mála- viðbragða sem sumpart áttu ekki að koma á óvart. Árinna kennir illur ræðari, segir máltækið og það má herma á Grikki. Þeir kenna Evrópusambandinu og Myntbandalaginu um ófarir sem stafa af lélegri hagstjórn þeirra sjálfra. En útlendingahatur, eins og hjá UKIP-flokknum breska, hefur illu heilli sprottið upp þegar aðfluttum útlendingum er kennt um atvinnuleysi.

Alveg séríslensk útgáfa af stefnu-mörkun eftir Hrunið, var sá boðskapur þeirra forseta landsins og þáverandi utanríkisráðherra, að Íslendingar ættu að setja hald sitt og traust á Alþýðulýðveldið Kína. Gerð fríverslunarsamnings við Kína, aðalstoð svokallaðrar Asíu-gáttar, átti að opna nýja viðskipta-möguleika sem skipti máli. Þetta er fjarri lagi. Sjávarafurðir og flugþjónusta, uppistaða útflutnings vara og þjónustu, beinist eðlilega til nálægra hátekjumarkaða beggja vegna Atlantshafs. Þar vantar herslumuninn á fullkomið viðskiptafrelsi, sem fæst með aðild að Evrópusambandinu og þátttöku í fríverslunarsvæði þess og Bandaríkjanna sem samið er um.

Þakkarverð er sú áminning Hjörleifs Sveinbjörnssonar, kunnáttumanns um málefni Kína, í Fréttablaðinu 4. júní, að fjöldamorðin á Torgi hins himneska friðar í Peking fyrir 25 árum séu óuppgerð vöðaverk. Kínverski kommúnistaflokkurinn, allsráðandi í landinu, hefur aldrei viðurkennt þann glæp sem þá var framinn. Amnesty staðreynir að andófsmenn hafi verið látnir sæta varðhaldi í aðdraganda tímamótanna 4. júní 1989-2014.

Því fer mjög fjarri að mannréttindi þar nálgist það sem er frumréttur Íslendinga og allra sem búa við lýðfrelsi. Nægir þar að benda á harða ritskoðun með fjölmiðlum sem áróðursdeild kommúnistaflokksins hefur með höndum. Var það ekki úr þeim starfsvettvangi sem við fengum skáldið Huang Nubo, auðmann og fjárfesti, áhugasaman sem landgreifa að Grímsstöðum? Á hinum óheppi-legasta tíma er hafin bygging sameiginlegrar norðurljósastofnunar Íslands og Kína í Norðurþingi og efnt til málþings með þeim um norðurslóðamál. Leynd virðist hvíla yfir athugunum fyrir stórhöfn og atvinnurekstur í Finnafirði.

## Samfallandi hagsmunir

Sá tími er kominn að líta beri á Rússa og Kínverja, á ný vinaríki, sem bandamenn í lengri tíma áætlun um yfirráð á Norðurslóðum og í framhaldinu á Norður-Atlantshafi. Af ýmsum ástæðum eru hagsmunir þeirra samfallandi og nýgerður samningur um sölu til Kína á gríðarlegu magni rússnesks jarðgass til 30 ára, staðfestir nána samvinnu. Bæði ríkin hafa þegar gripid til fjandsamlegra aðgerða gegn Evrópulöndum og Bandaríkjunum; í Úkraínu annars vegar og hins vegar með yfirtroðslu Kínverja í Suður-Kínahafi við Filippseyjar og Víetnam.

Í Kínahafi eru Kínverjar greinilega að kanna viðbrögð Bandaríkjanna



Einar Benediktsson  
fv. sendiherra

UTANRÍKISMÁL manna sem eru bundnir samningum við Japani og Filippseyinga um varnir. Eru Bandaríkjamenn svo fullsaddir af stríðsaðgerðum eftir Írak og Afganistan, að þeir skeyta ekki deilum út af skerjagörðum, smáeyjum og tengdu hafsvæði, og láti þetta afskiptalaust? Það kann að vera. Á hinn bóginn er staðreyndin sú, að Bandaríkjamenn hafa verið seinteknir til stríðsaðgerða, eins og í Evrópustórstyrjöldum 20. aldarinnar, en höfðu þá úthald til að ná sigri.

Þannig gæti yfirgangur Kínverja við grannríkin reynst þeim þau afdrifaríku mistök að hafa unnið sýndarsigra en tapað lokauppgjöri.

Þetta mikla traust Íslendinga á friðarást og samstarfsvilja Kínverja á sér að virðist helst sögulega hliðstæðu í samskiptum þeirra við Indland. Pandit Nehru, stjórn mála-leiðtogi Indverja eftir að þeir hlutu sjálfstæði, dáðist mjög að framgangi byltingar kommúnista í Kína. Friðarstefna (e. appeasement) var mörkuð og tekið að hampa Kína í þeirri trú að þar með yrði tryggð vinátta þjóðanna. Þessi stefna reyndist Indverjum gagnslaus.

Kínverjar hafa fyrr og síðar litið á Indland sem þann eina aðila sem gæti skákað þeim í Asíu og hafa því stefnt að einangrun þeirra í suðurhluta álfunnar. Vináttusamband við Íslendinga er fyrir Kínverja tæki til mikillar stöðu áhrifa og ábata, bæði varðandi siglingaleiðina sem senn opnast um Norðausturleiðina og nýtingu jarðefna og olíu í nágrenni við Ísland. Og hvað boðar bandalag þeirra og Rússa, sem nú eru að koma upp miklum hernaðarmætti á svæðinu? Herstöð á Íslandi væri stóri vinningurinn en henni fylgja sem fyrr veruleg yfirráð í Norður-Atlantshafi.

→ Peir kenna Evrópusambandinu og Myntbandalaginu um ófarir sem stafa af lélegri hagstjórn þeirra sjálfra.

Íslendingar verða nú sem aldrei fyrr að sýna frumkvæði um varnarsamstarf við Bandaríkin. Það snertir sameiginlegt varnarátak Norðurlandanna og Bandaríkjanna á norðurslóðum en þar hefur orðið sú heillavænlega þróun að Svíar og Finnar taka þátt í loftrýmisgæslu á Íslandi sem borin er uppi af bandaríska flughernum.



## Áfram Ísland!

Við sendum íslenska handboltalandsliðinu góða strauma og hvetjum stelpurnar áfram til árangurs. Samskip styðja stolt við bakið á stelpunum okkar.

**samskip**  
Saman náum við árangri

**FUDGE** Þú kemst fljótt að!  
...en þú getur líka þarfið tíma

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**FUDGE**

**Rakarastofan Klapparstíg**

**S: 5513010**

✠

Ástkær faðir okkar og bróðir,  
**KRISTJÁN ÞORGEIRSSON**  
 Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,  
 er látinn. Útförin verður auglýst síðar.



Ásta Kristjánsdóttir  
 María Kristjánsdóttir  
 Ingibjörg Kristjánsdóttir  
 Páll Kristjánsson  
 Þórunn Þorgeirsdóttir

✠

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,  
 afi og langafi,  
**ÁSGEIR ÓLAFSSON**  
 frá Grænumýri á Seltjarnarnesi,  
 lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí 3. júní.  
 Bálför verður frá Neskirkju föstudaginn  
 13. júní kl. 13.00.



Ólafur Ásgeirsson  
 Eirný Ásgeirsdóttir  
 Ingibjörg Ásgeirsdóttir  
 Magnús Ásgeirsson  
 og fjölskyldur.

Sigríður Jóna Jónsdóttir

✠

**ÞORBJÖRG ÞORBJARNARDÓTTIR**  
 (HOBBA),  
 frá Stóru-Gröf í Skagafirði,  
 lést að heimili sínu, Drekahlíð 6 á Sauðár-  
 króki, aðfaranótt miðvikudagsins 4. júní.  
 Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju  
 laugardaginn 14. júní klukkan 11.00.



Snorri Björn Sigurðsson  
 Jórunn Guðlaug Sigurðardóttir  
 Hildur Sigríður Sigurðardóttir  
 Kristrún Sigurðardóttir  
 Eva Sigurðardóttir  
 barnabörn og barnabarnabörn.

Ágústa Eiríksdóttir  
 Jóhann Friðriksson  
 Haraldur Jón Arason

✠

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**BERNHARÐ HALLDÓR HJALTALÍN**  
 lést laugardaginn 7. júní á krabbameinsdeild  
 Landspítalans. Útför hans fer fram frá  
 Fossvogskirkju fimmtudaginn 19. júní  
 kl. 13.00.



Kristján Atli Hjaltalín  
 Marsibil Ingibjörg Hjaltalín  
 Guðmundur Helgi Hjaltalín  
 Nanna Guðrún Hjaltalín  
 og barnabörn.

Þorsteinn Svavar Fransson

✠

Elskuleg systir okkar,  
**KRISTÍN ÁRNY ALBERTSDÓTTIR**  
 STÍNA  
 áður til heimilis að Selvogsgötu 10,  
 Hafnarfirði,  
 lést á Sólvangi 6. júní.



Ingveldur Albertsdóttir  
 Ólafía Albertsdóttir

**LEGSTEINAR**  
 MIKIÐ ÚRVAL AF  
 FYLGIHLUTUM  
 VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik  
 Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Nýtt á heimsvísu  
**VARANLEGT LETUR**  
 Eingöngu hjá Graníthöllinni



Eitt mesta úrval landsins  
 af fallegum legsteinum  
 og fylgihlutum hjá  
 Graníthöllinni

Graníthöllin  
 Legsteinar  
 www.granithollin.is  
 Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888



**VINNUR AÐ NÝRRI  
 PLÖTU** Snorri  
 Helgason vinnur að  
 sinni sjöttu breiðskífu  
 um þessar mundir.  
 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Snorri Helgason spilar gamalt og nýtt

Snorri Helgason spilar á Hlemmi Square annað kvöld klukkan átta.

„Ég ætla að spila gamalt efni í bland við nýtt. Ég er að vinna í nýrri plötu og gæti jafnvel hugsað mér að frumflytja eitthvað af því,“ segir Snorri Helgason, en hann heldur tónleika á Hlemmi Square annað kvöld klukkan átta. Snorri, sem er vanur að spila með hljómsveit sinni, verður einn að þessu sinni.

„Já, ég spila einn. Hljómsveitin mín er úti um allt, í hinum ýmsu hornum, þannig að ég tek bara slaginn.“

Snorri hefur á undanförunum árum

skapað sér gott orð í tónlistarheiminum, bæði á Íslandi og í útlöndum, en hann er nýkominn aftur til Reykjavíkur eftir að hafa túrað um landið ásamt hljómsveitinni Ylju. „Það var geggjaður túr og okkur vel tekið,“ segir Snorri, sem heldur svo utan til Vilnius um helgina að spila þar í borg. Snorri lýsir tónlist sinni sem nokkurs konar þjóðlagapoppbræðingi. „Þetta eru sterkar melódíur og kassagítarinn er í forgrunni.“

Snorri hefur verið starfandi sem

tónlistarmaður í um það bil sex ár og hefur á þeim tíma gefið út fimm plötur. Hann var meðlimur í hljómsveitinni Sprengjuhöllinni áður en hann hóf sólóferil sinn, en undanfarin tvö ár hefur hann spilað ásamt hljómsveit. Hljómsveitin Snorri Helgason er skipuð, ásamt Snorra, þeim Guðmundi Óskari Guðmundssyni, Danfel Friðriki Böðvarssyni, Magnúsi Trygvasyni Eliassen og Sigurlaugu Gísladóttur.

- ósk

Útför eiginkonu minnar, dóttur og systur,  
**HRUNÐAR GUNNARSDÓTTUR**  
 sem andaðist 29. maí fer fram frá  
 Hallgrímskirkju fimmtudaginn 12. júní  
 klukkan 15.00. Blóm eru vinsamlega  
 afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar  
 er bent á Barnaspítalaskjól Hringins.



Einar Magnús Magnússon  
 Bjarney Kristín Wedholm Gunnarsdóttir  
 Gunnar Vilhelmsson  
 Arnar Gunnarsson

✠

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma,  
 langamma og fóstura,  
**FRÍÐDÓRA (DÓRA)  
 GUÐLAUGSDÓTTIR**  
 Skipagötu 7, Akureyri,  
 lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð þann 25. maí.  
 Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hennar  
 ósk. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.



Fyrir hönd aðstandenda,  
 Sigtryggur Á. H. Guðlaugsson  
 ömmu- og langömmubörn  
 Vernharður Jónsson

Hulda A. Jóhannesdóttir

✠

Elskulega eiginkona, móðir, tengdamóðir,  
 amma, langamma og systir,  
**GUÐRÍÐUR EYRÚN JÓNSDÓTTIR**  
 Laufriða 4, Reykjavík,  
 lést á hjúkrunarheimilinu Grund hinn  
 4. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju  
 mánudaginn 16. júní kl. 13.00.



Viggó Þorsteinsson  
 Guðrún Ágústa Viggósdóttir  
 Rannveig Rúna Viggósdóttir  
 Agnes Viggósdóttir  
 Salome Herdís Viggósdóttir  
 Jón Bachman Viggósson  
 Ólöf Soffía Jónsdóttir  
 barnabörn og barnabarnabörn.

Helgi Hólm Kristjánsson  
 Gunnar Þórðarson  
 Júlíus Þór Jónsson  
 Baldur Pétursson

✠

Elsku eiginmaður minn,  
 faðir, tengdafaðir og afi,  
**ÞORBJÖRN DANÍELSSON**  
 fluggagnfræðingur,  
 Álfrólsvegi 105, Kópavogi,  
 lést á Landspítalanum mánudaginn 9. júní  
 síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.



Anna Jóna Guðjónsdóttir  
 Helga Magnea Þorbjarnardóttir  
 Anna Margrét Þorbjarnardóttir  
 Þorbjörg Ásta Þorbjarnardóttir  
 Marinó Muggur Þorbjarnarson  
 Guðjóna Björk Þorbjarnardóttir  
 Sigríður Ósk K. Þorbjarnardóttir  
 og barnabörn.

Helgi Jónsson  
 Styrmir Geir Ólafsson  
 Gavin Anthony  
 Íris Sveinbjörnsdóttir  
 Viktor K. Kamenov

✠

Ástkær faðir, lífsförunautur,  
 bróðir og vinur,  
**BIRGIR ÓLASON**  
 er látinn. Útför fór fram í kyrrþey  
 mánudaginn 2. júní í Árbæjarkirkju.



Brynjur Birgisson  
 Margrét Gígja Rafnsdóttir  
 Karítas Halla Gunnarsdóttir  
 Theodóra Óladóttir og fjölskylda  
 Sigríður Ingibjörg Óladóttir og fjölskylda

Halla Margrét Þórarinsdóttir  
 Jens Elí Gunnarsson

✠

Okkar ástkæra  
**EINA LAUFHEY GUÐJÓNSDÓTTIR**  
 Miðleiti 1,  
 andaðist 6. júní á Hrafnistu í Hafnarfirði.  
 Útförin verður auglýst síðar.



Snorri Einarsson  
 Sigrún Marinósdóttir  
 Guðrún H. Marinósdóttir  
 Ingibjörg J. Marinósdóttir  
 Fjóra Marinósdóttir  
 og fjölskyldur.

Bergþór Pálmason  
 Einar Árnason  
 Magnús Már Vilhjálmsson

OYSTER PERPETUAL  
MILGAUSS



ROLEX



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. júní 2014 | 36. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN  
PRENTUN!



Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



## Í 700 VERSLUNUM Í 25 LÖNDUM

→ **Vörur Sif Cosmetics, dótturfyrirtækis ORF Líftækni, eru fáanlegar í um 700 verslunum og í fimm heimsálfum.**

→ **Tekjur samstæðunnar námu hálfum milljarði króna árið 2013 og áætlanir gera ráð fyrir 650 milljóna króna sölu-tekjum á þessu ári.**

→ **Rekstur ORF Líftækni gæti skilað hagnaði í fyrsta sinn, segir Kristinn D. Grétarsson, forstjóri samstæðunnar.**

## Fjölgun þrátt fyrir verkföll

Greiningardeild Íslandsbanka spáir því að ferðamönnum muni fjölga í það minnsta um 20 prósent á þessu ári frá því í fyrra, þrátt fyrir að ferðum hafi verið fækkað hjá Ícelandair samhliða verkfalli flugmanna. Alls fóru 66.700 ferðamenn frá landinu um Keflavíkurflugvöll í maímánuði sem svarar til 24,4 prósent fjölgunar milli ára en miðað við tölur Isavia yfir úthlutuð stæði hefði mátt búast við fjölgun um 31 prósent. Forsendur spárinnar kunna þó að breyta verði af frekari verkföllum innan flugstéttarinnar en flugvirkjar hafa boðað verkfall í júní og flugmenn sömdu aðeins til 30. september.

- fbj

## LSR keypti bæði og seldi í gær

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) keypti í gær átta milljónir hluta í fasteignafélaginu Reginn. Verðmæti bréfa nam 130 milljónum króna miðað við skráð gengi við lokun markaða í gær. LSR á nú 74 milljónir hluta, eða 5,18 prósent, í fasteignafélaginu.

Reginn

ICELANDAIR

LSR seldi einnig 7,75 milljónir hluta í Ícelandair. Gengi bréfanna var þá 17,65 krónur á hlut og heildarsöluandvirðið því um 136 milljónir króna. Sjóðurinn á nú 9,9 prósent í flugfélaginu, eða 495 milljónir hluta.

- hg

## Ríkidæmi eykst í heiminum

Auður einkaaðila jókst um fjórtán prósent á síðasta ári um heim allan og nú er svo komið að einkaaðilar um heim allan eiga hundrað fimmtíu og tvær trilljónir dollara. BBC greinir frá.

Hækkunina á síðasta ári má að mestu rekja til hækkandi hlutabréfaverðs. Mest varð hækkunin í Asíu, ef Japan er undanskilið, og þar jókst auðurinn um rúm þrjátíu prósent á einu ári.

Tölurnar eru teknar saman af ráðgjafarfyrirtæki í Boston og þegar talað er um einka-auð er átt við beinharda peninga, innstæður á bankabókum, hlutabréf og aðrar eignir einkaaðila en fyrirtæki og fasteignir eru ekki teknar með í reikninginn. Þá fjölgaði milljónamæringum um rúmar þrjár milljónir á árinu.

- grv

# Hleypur þú 6 maraþon á ári?

...nei líklegast ekki - en þú gætir brennt jafnmörgum hitaeiningum með því að nýta þér **hæðarstillanlegu skrifborðin frá InnX innréttingum.\***



\*Rannsóknir hafa sýnt að með því að standa í um 15 mínútur per klst. yfir vinnudaginn þá brennir meðalmanuskja um 20.160 hitaeiningum á ári! Nú bjóða InnX innréttingar athyglisverða nýjung sem kallast „LINAK heilsurofinn“. Þessi einfaldi fylgihlutur skráir

hversu margar mínútur skrifborðið er í hárrí stöðu og umreiknar það síðan yfir í hitaeiningabrennslu. Þá er líka hægt að stilla rofann til að minna mann á hvenær tímabært er að hækka eða lækka skrifborðið og skipta um vinnustellingu.

## Hæðarstillanlegt skrifborð

Verð frá kr. 124.302

## Möppuskápur

Verð frá kr. 120.533

Hugsaðu um heilsuna - það borgar sig

**INN**  
Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170  
Fax 577 1172 • [www.innx.is](http://www.innx.is) • [innx@innx.is](mailto:innx@innx.is)



## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**3**  
Á UPPLÉID  
Félög sem hækkuðu  
í verði

**8**  
Á NIÐURLEIÐ  
Félög sem lækkuðu  
í verði

**5**  
STÓÐU Í STAÐ  
Félög sem stóðu  
í stað

**MESTA HÆKKUN**  
ÖSSUR  
20,3% frá áramótum

**HB GRANDI**  
3,7% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**  
TRYGGINGA-  
MIÐSTÖÐIN  
-18,9% frá áramótum

**EIMSKIPAFÉLAG  
ÍSLANDS**  
-2,4% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Atlantic Airways (DKK)	144,00	-5,9%	0,0%
Bank Nordic (DKK)	118,00	-9,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	227,50	-13,2%	-2,4%
Fjarskipti (Vodafone)	30,45	11,7%	-2,4%
Hagar	44,65	16,3%	-0,6%
Icelandair Group	17,65	-3,0%	-0,8%
Marel	109,00	-18,0%	-0,5%
N1	16,70	-11,6%	0,0%
Nýherji	4,20	15,1%	0,0%
Reginn	16,20	4,2%	0,6%
Tryggingamiðstöðin*	26,00	-18,9%	0,0%
Vátryggingafélag Íslands**	9,14	-15,3%	0,2%
Össur	275,50	20,3%	-1,6%
HB Grandi	28,00	1,1%	3,7%
Sjóvá	12,61	-6,7%	-0,9%
Úrvalsvísitalan OMXI6	1.164,73	-7,5%	-0,6%

### First North Iceland

Century Aluminum	1150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	20,90	57,7%	4,5%
Sláturfélag Suðurlands	1,33	9,0%	0,0%
Atlantí Petroleum (DKK)	145,00	0,0%	0,0%

\*fyrsta verð 08. maí 2013 \*\*fyrsta verð 24. apríl 2013

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

### Miðvikudagur 11. júní

- Vaxtaákvörðunardagur Seðla-banka Íslands
- Efnahagslegar skammtímatölur í júní 2014

### Föstudagur 13. júní

- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir
- Atvinnuleysistölur fyrir maí
- Vísitala launa á 1. ársfjórðungi 2014

### Mánudagur 16. júní

- Fiskaffi í maí 2014

### Miðvikudagur 18. júní

- Samræmd vísitala neysluverðs í maí 2014

### → Vinnumarkaður í maí 2014

### Fimmtudagur 19. júní

- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Verðmæti sjávaraflla janúar–mars 2014

### Föstudagur 20. júní

- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júlí 2014

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á [vísir](#)

565 6000 / somi.is

**TAKTU GÆÐIN MEÐ ÞÉR Í NESTI.**

Nestispokinn frá SÓMI

Frábært fyrir ferðaskrifstofur eða fyrirtækjahópa. Hægt er að hafa pokann í ýmsum útfærslum og stærðum. Gerum verðtilboð fyrir stærri hópa.

**ÞÆGILEGT!**  
Allt í einum poka

**SÓMI**

Framtakssjóður Íslands seldi öll sín hlutabréf í olúfélaginu en Gildi lífeyrissjóður keypti fyrir 585 milljónir:

## Mikil velta með hlutabréf N1

Framtakssjóður Íslands seldi á mánudag allt hlutafé sitt í olúfélaginu N1. Sjóðurinn átti 20,9 prósent í félaginu eða rúmlega 209 milljónir hluta.

Miðað við gengi bréfanna í Kauphöllinni má gera ráð fyrir að söluandvirðið hafi numið rúmum 3,45 milljörðum króna.

Gildi lífeyrissjóður keypti í gær um 35 milljónir hluta í olúfélaginu fyrir um 585 milljónir króna. Sjóðurinn varð þá að öllum líkindum annar stærsti hluthafinn með

7,54 prósent eignarhlut. Ekki er búið að tilkynna um aðra kaupendur og því ekki víst hvort Gildi sé annar stærsti hluthafinn á eftir Lífeyrissjóði verslunarmanna.

Gengi hlutabréfa N1 hafði hækkað um 0,91 prósent við lokun markaða í gær þegar það var 16,7 krónur á hlut. Velta með bréf fyrirtækisins í gær nam rúmum 3.587 milljónum króna. Heildarveltan á Aðalmarkaði Kauphallarinnar nam 4.725 milljónum króna.

- hg



Í KAUPHÖLLINNI N1 var skráð á markað í desember síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lúxusvörverslun opnuð á Laugavegi

Verslunin Galleria Reykjavík var opnuð um helgina og mun bjóða upp á merkjavörur í skarti, úrum og fatnaði í hæsta verð- og gæðaflokki. Verslunarstjórinn segir móttökurnar góðar.

### VERSLUN

FANNEY BIRNA JÓNSDÓTTIR |  
FANNEY@FRETTABLAÐIÐ.IS

Galleria Reykjavík, ný sérvörverslun (e. department store), var opnuð um helgina á Laugavegi 77.

„Við erum með nokkuð nýja heildarhugmynd, í anda Harrods og Selfridges en þó smærri í sniðum. Þetta er nokkurs konar lífsstílsverslun með lúxusvarning í bland við íslenskar vörur og smávörur,“ segir Jacobina Joensen, verslunarstjóri Galleria.

Jacobina segir að í versluninni verði boðið upp á úrval í mismunandi verð- og gæðaflokkum. Merkin sem verslunin hefur á boðstólum eru á borð við Burberry, Chloe, Lanvin, Marc Jacobs, Salvatore Ferragamo, Moncler og Michael Kors. Þá verður í versluninni boðið upp á úr í hæsta verðflokki frá framleiðendum Tag Heuer, Omega, Hublot og Ulysse Nardin. Þá verður á boðstólum íslensk hönnun frá Scintilla, Hildi Hafstein og 66°Nordur.

„Við fengum tvo flotta hönnuði, Gunna og Kollu úr Freebird, til að hanna búðina sem er reglulega falleg og einföld,“ segir Jacobina.

Þá verða mismunandi listamenn fengnir til að skreyta vegg verslunarinnar og sá fyrsti er Ási Már Friðriksson, fatahönnuður og teiknari.

Verslunin er í 400 fermetra húsnæði sem áður hýsti Landsbankann á Laugavegi. Að sögn Jacobinu er húsnæðið allt að opnast með nýjum fyrirtækjum sem



LÍF OG FJÖR Á LAUGAVEGI Húsnæðið að Laugavegi 77 er að lífna við með innkomu margra nýrra þjónustufyrirtækja í húsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

### Vörumerki Galleria Reykjavík

Burberry  
Chloe  
Loewe  
Lanvin  
Moncler  
Any Hindmarch  
Anteprima  
Il Bisonte  
Gaga Milano  
Marc Jacobs

Tory Burch  
Salvatore Ferragamo  
Michael Kors  
Scintilla  
Hildur Hafstein  
66°NORTH  
Tag Heuer  
Hublot  
Ulysse Nardin  
Omega

eru að hefja rekstur í húsinu. Þar má nefna Eymundsson, Te & kaffi og Plain Vanilla.

Jacobina sem mun stýra versluninni er nýflutt til landsins. Hún kemur frá Færeyjum en hefur starfað fyrir Burberry í Kaupmannahöfn síðustu tíu ár. „Við opnuðum á laugardaginn og

höfum fengið mjög góðar móttökur frá bæði Íslendingum og ferðamönnum sem hafa heimsótt okkur.“

Eigendur Galleria eiga einnig Leonard-skartgripaverslanirnar sem reknar eru í Kringlunni, Lækjargötu og Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Vakinn veitir íslenskum ferðþjónustufyrirtækjum gæðavottun eftir viðamiklar úttektir:

## Sextíu fyrirtæki fá gæðavottun

Rúmlega 60 íslensk ferðþjónustufyrirtæki eru skráð eða í skráningarferli í Vakann, samræmt, opinbert gæðakerfi.

Fyrirtæki sem óska eftir aðild fara í gegnum úttektarferli sem tekur til reksturs, aðbúnaðar og umhverfis. Þegar fyrirtæki hafa uppfyllt öll viðmið Vakans fá þau heimild til að nota merkið og hafa aukið gæði og öryggi þjónustu sinnar.

Áður hefur þessi gæðavottun verið fánleg fyrir alla þjónustu við ferðamenn utan gistingar, en henni verður bætt við nú í ár.

„Það er mikill áhugi fyrir þessu í ferðþjónustunni, þau fyrirtæki sem standa sig best vilja fá þennan gæðastimpil. Þegar þau fá hann er búið að grandskoða þessi fyrirtæki, að allir starfshættir séu eins og best verður á kosíð,“ segir Áslaug Briem, verkefnastjóri Vakans hjá Ferðamálastofu.

Hún segir Vakanum meðal annars ætlað að vera mót-vægi við hálfgerð gullgrafaraástand sem gripið hefur um sig í ferðþjónustunni, þar sem svört atvinnustarfsemi virðist færast í aukana og aðilar bjóða þjónustu sína án þess að hafa til þess tilskilin leyfi.

- fbj



ÁBYRG FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamálastofa segir gæði og umhverfisvernd geta veitt fyrirtækjum og ferðþjónustuaðilum forskot meðal samkeppnisaðila.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Grænt leigusamband Reita er samstarf um vistvænan rekstur atvinnuhúsnæðis.



## Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á [www.reitir.is](http://www.reitir.is).

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)


575 9000

**: REITIR**

*Velkomin til starfa*



## Stiklað á stóru í sögu ORF Líftækni og Sif Cosmetics



## Gerðu starfsánægju að staðalbúnaði

Flotaleiga Lýsingar sér til þess að bílafloti fyrirtækisins er alltaf í góðu ástandi sem skilar sér í auknum afköstum og ánægðu starfsfólki.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar á [lysing.is](http://lysing.is)

**KRISTINN D. GRÉTARSSON**  
Kristinn er forstjóri ORF Líftækni og Sif Cosmetics.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



# Húðvörur Si

Sala á vörum ORF Líftækni og dótturfyrirtækisins Sif Cosmetics skilaði um hálfum milljarði króna í tekjur á síðasta ári. Kristinn D. Grétarsson var ráðinn forstjóri samstæðunnar í mars. Hann segir áætlanir gera ráð fyrir besta ári í sögu ORF Líftækni.

**VIÐTAL**  
**HARALDUR GUÐMUNDSSON**  
[HARALDUR@FRETABLADID.IS](mailto:HARALDUR@FRETABLADID.IS)



Vörur ORF Líftækni og dótturfyrirtækisins Sif Cosmetics eru nú seldar til um 30 landa. Sala á þeim skilaði fyrirtækjunum um hálfum milljarði króna í tekjur á síðasta ári og síðan þá hafa fimm lönd bæst í hópinn. Stjórnendur samstæðunnar gera ráð fyrir 650 milljóna króna sölutekjum á þessu ári. Gangi áætlanir þeirra eftir mun reksturinn skila hagnaði í fyrsta sinn í sögu ORF Líftækni.

### Meðferð á 39 þúsund krónum

Árið 2006 hóf ORF Líftækni framleiðslu á svokölluðum vaxtarþáttum, sérvirkum próteinum, sem fyrirtækið ræktar í byggplöntum í hátæknigróðurhúsi í Grindavík. Vaxtarþættirnir eru seldir til háskólasjúkrahúsa, lyfjafyrirtækja og rannsóknarstofa og notaðir í stofnfrumurannsóknir og frumuræktun. Þeir fara einnig í snyrtivörur Sif Cosmetics sem var stofnað árið 2009. Dótturfyrirtækið hefur séð um þróun og markaðssetningu á húðdropum, augnkremum og öðrum húðvörum. Hér á landi eru þær seldar undir vörumerkinu EGF en nafninu Bioeffect í útlöndum.

Kristinn D. Grétarsson, forstjóri samstæðunnar, sýnir blaðamanni vöru merka Bioeffect sem inniheldur 30 daga húðmeðferð og kostar 250 evrur, tæpar 39 þúsund krónum.

„Þetta er okkar virkasta og öflugasta vara og hún er gífurlega vinsæl. Þessa stundina er hún eingöngu fánleg erlendis en við ætlum að koma henni á markað hér heima.“

Kristinn útskýrir hvernig allar frumur líkamans eiga það sameiginlegt að þurfa næringu og

ákveðin efni til að endurnýja sig. Húðfrumur þurfi prótein sem líkaminn framleiði minna af eftir því sem við eldumst.

„Við splæsum þessu erfðaefni inn í byggið og það lætur plata sig og fer að framleiða vaxtarþættina. Húðfruman þekkir þetta efni og endurnýjar sig hraðar,“ segir Kristinn. Hann bætir við að fyrirtækið sé ekki með einkaleyfi á framleiðsluáðferðinni enda sé hún byggð á þekktri aðferðafræði.

„Hins vegar hefur engum öðrum tekist að framleiða þessa vaxtarþætti í byggi,“ segir Kristinn. Fyrir utan skrifstofuna hans hanga plaköt sem sýna alla 40 vaxtarþætti fyrirtækisins.

### Í vélum British Airways

Húðvörur Sif Cosmetics komu fyrst á markað árið 2010 og fjórum árum síðar eru þær orðnar sjó talsins og sú áttunda er á leiðinni. Vörurnar eru nú fánlegar í 700 verslunum í 25 löndum og þar af í flestum löndum Evrópu eins og Finnlandi, Danmörku, Bretlandi, Þýskalandi, Belgíu og Austurríki. Þær má einnig finna í öðrum heimsálfum í löndum eins og Kanada, Panama, Suður-Afríku, Suður-Kóreu og Kína. Húðdropar Bioeffect seljast að sögn Kristins betur en nokkur einstök áfengis- eða tóbaksvara í flugvélum British Airways og voru um tíma mest seldu snyrtivörurnar í vélum þýska flugfélagsins Lufthansa.

„Fyrir nokkrum dögum gerðum við samning við verslanakeðju í Finnlandi sem heitir Sokos og við erum einnig komin inn í flugvélar Finnair. Þar að auki erum við í 22 apótekum í landinu og því má segja að við séum búin að komast inn á allan finnska markaðinn. Svo tekur tíma að koma söluinni í gang og ná veltunni upp,“ segir Kristinn.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BÓKMENNTAGANGA Á ENSKU

Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á bókmenntagöngur á ensku í sumar. Fyrsta gangan verður farin á morgun kl. 15 og verða göngurnar svo vikulegur viðburður alla fimmtudaga í sumar. Farið er frá aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15, en þaðan liggur leiðin um hinar og þessar götur miðborgarinnar.

Eiturefnalaus sólarvörn

Bara það besta fyrir fjölskylduna þína!

Derma  
SOLSPRAY  
HDU SPF  
30  
KIDS

Útsöluastaðir: Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Heilsuver / Lyfjaver og Lyfjaval.



**Á NETINU**  
Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri Balsam, bendir sem flestum á að kynna sér lækningamátt Magnolia á netinu.

## HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

**BALSAM KYNNIR MAGNOLIA OFFICINALIS** – Það nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum, stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

**Þvottavél 12 kg Þurrkari**

Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

Börkur af plöntunni Magnolia officinalis sem vex í fjallahéruðum Kína hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má ótrúlegan lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum sem hafa slakandi og róandi áhrif og stuðlar að heilbrigðum samfelldum svefni. Börkurinn vinnur einnig gríðarlega vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið kortisól, sem er stundum kallað stresshormónið.

Nýleg rannsókn frá Landlækniseinbættinu sýnir að um þriðjungur Íslendinga á við svefnvandamál eða þunglyndi að stríða.

### UMFJÖLLUN Í FRÆÐIRITUM

Mikið hefur verið fjallað um plöntuna nýlega, til að mynda í fræðiritinu „The Nutrition Journal“ og á vefsíðunni webmd.com.

### NÝ SENDING KOMIN Í VERSLANIR!

Magnolia officinalis hefur nú þegar notið mikilla vinsælda á Íslandi og seldust fyrstu sendingarnar upp með hraði. **Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsinu, Heilsuhorninu Blómavali, vefversluninni heilsutorg.is, Fjarðarkaupum og Heimkaupum.**

### MARGIR Hafa HAFT SAMBAND

Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, þakkar frábærar móttökur. „Svefnvandi og þunglyndi eru virkilega erfið vandamál sem geta sett mikið álag á líf fólks. Margir hafa nú þegar haft samband og sagt mér að með hjálp Magnolia hafi þeim tekist að ná mun betri stjórn á svefninum og hafi ekki liðið betur í langan tíma.“

### RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu 1 hylki með vatnsglasi með kvöldmat eða um 30 - 60 mínútum fyrir svefn. Dagskammtur er 1 - 2 grænmetis-hylki.



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



# HIM blaðið

HM Blað Fréttablaðsins kemur út 12. júní.

Blaðið mun innhalda fullt af fróðleik um keppnina, leikmennina og liðin.

Tiptafla þar sem fólk getur skráð spár sínar um keppnina og fullt af fleiru skemmtilegu efni.

Áhugasamir um auglýsingar í blaðið vinsamlegast hafið samband við

Kolbeinn Kolbeinsson  
Netfang: kolli@365.is  
Sími: 663 4555

Jón Ívar Vilhelmsson  
Netfang: jonivar@365.is  
Sími: 866 6748



**HÆTTU Í MEGRUN  
VERTU FIT**

FIT kjúklinga-salat  
1.790 KR

**Culiacan**  
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

**I ♥ PET HEAD**

Hágæða Sjampó,  
Næringar og Spray  
fyrir hunda og ksur

**I ♥ PET HEAD**  
Furttastic  
FIZZY KITTY  
WHITE PARTY  
CRAZY CAT LADY  
Oatmeal

**Niðjasamtök Gunnlaugsstaðaættarinnar**

Gunnlaugstadir

Ættarmót og aðalfundur verður á Þórisstöðum í Svinadal, helgina 4. til 6. júlí 2014.

www.thorissstadir.is sjá nánar á facebook síðu samtakanna

**Aðalfundur verður laugardaginn 5. júlí kl.: 14.00**  
Venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum.

Munið einnig skógarferð í Lundinn 21. júní n.k.

**Stjórnin.**

**FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN  
AÐGANG AÐ  
TÓNLISTINNI  
Í ÖLLUM  
HERBERGJUM**

**SONOS**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFT/ÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



**FJÁRHAGSLEGUR ÁVINNINGUR** Ólafur segir það auka ævitekjurnar til muna að komast tveimur árum fyrr út í atvinnulífið.  
MYND/STEFÁN

# STÚDENTSPRÓF Á TVEIMUR ÁRUM

**MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT KYNNIR** Menntaskólinn Hraðbraut tekur til starfa á ný í haust, eftir tveggja ára hlé. Þar er boðið upp á tveggja ára nám til stúdentsprófs í stað fjögurra ára. Boðið er upp á tvær námsbrautir; náttúruvísindabraut og hugvísindabraut, og er samsetningunni hagað þannig að námið veiti sem bestan undirbúning undir fjölbreytt nám á háskólastigi.

**M**enntaskólinn Hraðbraut tekur til starfa á ný í haust. Þar er hægt að ljúka stúdentsprófi á tveimur árum. Námið veitir góðan undirbúning undir fjölbreytt háskólanám. Skólinn er með fyrstu skólum sem mun kenna eftir nýrri aðalnámsskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

## LOTUKERFIÐ GEFIST VEL

En hvernig er hægt að komast yfir allt námsefnið á helmingi skemmri tíma en venja er?

„Það gerum við með góðri skipulagningu á tíma nemenda. Við brjótum námið upp í lotur sem hver er sex vikur að lengd. Í lok hverrar lotu eru próf. Námsgreinar í hverri lotu eru aðeins þrjár eða mun færri en almennt er í framhaldsskólunum. Námsgreinunum er lokið eftir hverja lotu og þá taka næstu námsgreinar við,“ útskýrir skólastjórinn Ólafur Haukur Johnson. „Þetta kerfi hefur gefið góða raun og okkur hefur tekist að fá nemendur til að vinna mjög skipulega.

Annað sem gerir það að verkum að við náum svona góðum afköstum er að við kennum þrjá daga í viku; á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Hina dagana eru nemendur í skólanum að vinna heimavinnuna. Þá eru kennarnir til taks og geta aðstoðað ef þörf krefur. Þegar í kennslustund er komið er því gert ráð fyrir að nemendur séu búnir að vinna heima. Kennslutíminn í hverri námsgrein er vissulega skemmri en í öðrum skólum en þetta kerfi hefur gert okkur kleift að komast hraðar yfir en ella,“ segir Ólafur.

## NEMENDUR VITA HVERT PEIR STEFNA

Ólafur segir hægt að skipta nemendahópnum í tvennt. „Þetta eru annars vegar nemendur sem koma beint úr grunnskóla og hafa augastað á því sem þeir ætla að gera í framtíðinni. Þeir vilja því ljúka framhaldsskóla á sem skemmstum tíma. Hins vegar eru nemendur sem hafa af einhverri ástæðu ekki náð að fóta sig í framhaldsskóla. Margir hafa verið úti í atvinnulífinu en fá svo augastað á tilteknu háskólanámi og vilja því ljúka stúdentsprófi á skömmum tíma.“



## PERSÓNULEGUR SKÓLI

Skólinn er að sögn Ólafs lítill og persónulegur og er vel haldið utan um fólk. Nemendur eru á öllum aldri. „Við höfum náð að virkja til vinnu einstaklinga sem hafa jafnvel þvælst á milli skóla og ekki náð árangri fyrr. Hjá okkur tekst þeim loks að vinna skipulega og margir hafa haft það á orði að þeir hefðu aldrei útskrifast sem stúdentar ef þeir hefðu ekki verið í þessu kerfi. Hér skipta öguð vinnubrögð og samvirkusemi öllu máli, jafnvel meira máli en miklar námsgáfur.“

## MIKILL ÁHUGI

Menntaskólinn Hraðbraut verður rekin án fjárstuðnings ríkisins í ár og því eru skólagjöldin umtalsverð. Ráðherra hefur hafnað því að gera þjónustusamning við skólann vegna fjárhags ríkissjóðs. Engu að síður var ákveðið að opna skólann, enda áhuginn mikill. Skólagjöld verða því að standa undir rekstri og verða 890.000 á hverju skólaári. Fjárhagslegur ávinningur nemenda af því að ljúka háskólanámi fyrr er þó að sögn Ólafs miklu meiri en nemur skólagjöldunum enda aukast ævitekjurnar til muna við að komast tveimur árum fyrr út í atvinnulífið.

## UMSÓKNARFRESTUR TIL 13. JÚNÍ

Hægt er að sækja um skólavist á heimasíðu skólans, hraðbraut.is, til föstudagsins 13. júní. Áhugasamir eru sömuleiðis hvattir til að líta við en skólinn er til húsa að Faxafeni 10. Hann er opinn frá 9 til 12 og 14 til 16.

## NEMENDUR Á ÖLLUM

**ALDRI** Skólinn er til húsa í Faxafeni 10. Nemendur eru á öllum aldri og eiga það sameiginlegt að vilja ljúka stúdentsprófi á skömmum tíma.

## MIKIL AFKÖST

„Annað sem gerir það að verkum að við náum svona góðum afköstum er að við kennum þrjá daga í viku; á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Hina dagana eru nemendur í skólanum að vinna heimavinnuna.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512 5447  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## BÍLAR & FARARTÆKI

### BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Toyota Yaris Terra 6/2013 ek18þús. fluttur bíll Ásett verð 2.290.000.- ath. skipti ódýrari



Toyota Rav4 X 6/2012 ek. 23þús. sjálfsk, leður, og m/ fl. mjög fallegur bíll Ásett verð 4.850.000.- ath. skipti ódýrari



MERCEDES BENZ E 200 ngt. Árgærd 2013, ekinn 78 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.990827.



HONDA JAZZ 1.4iLS 6/2007 Sjálfskiptur ek. aðeins 60þús. Ásett verð 1.490.000.-



VW Polo 3/2005 ek. 130þús. Tilboðsverð 500.000.- allt að 100% lán

**Vegna liflegrar sölu, vantar bíla á skrá og á staðinn!**  
Skráðu bílinn frítt hjá okkur.  
**S. 567 4949**

Bílahöllin  
Bíldshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
www.bilahollin.is



HONDA Cr-v í V-tec. Árgærd 2008, ekinn 113 PKM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.590.000. ásett 2.990.000.- Rnr.400392.



CITROEN Berlingo Multispace 5 manna. Árgærd 2010, ekinn 84 PKM, dísel, 5 girar. Verð 2.490.000. Rnr.400545.

Bílalind  
Funahöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5808900  
www.bilalind.is

## ISBAND.IS



### NÝTT SOMERSET

ÚTSALA, Somerset Evolution E2, Sólarsella, Truma, Ísskápur, WC, heitt vatn ofl, Stórglæsilegt 12 feta Off Road fellihýsi, ATH 1 stk í boði, nýja útgáfan af Coleman, Verð aðeins 3.190.000kr, Er í salnum.

Íslensk-Bandaríska ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 534 4433  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15  
http://www.isband.is



MERCEDES BENZ E 200 ngt. Árgærd 2013, ekinn 78 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.990827.



KIA Sorento ex luxury 7 manna nyr bíll. Árgærd 2014, ekinn 1700 KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.160981. 7 ára verksmíðjuábyrgð.



HYUNDAI ix35 gls. Árgærd 2011, ekinn 47 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.161116.

ASKJA notaðir bílar  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is



Krókur  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net



Suzuki Fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, Léttir, Sparneytnir, Hljóðlátir, Öruggir og Áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

Suzuki Umboðið ehf  
SKEIFAN 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
SUZUKI@SUZUKI.IS  
SUZUKI.IS - SUZUKISPORT.IS



KTM 990 ADVENTURE EFI 2010 ek 5 þús km Hliðartöskur og töskugrind Crash guard (veltigrind) Nýlega yfirfarið af umboði Ásett verð 2150 þús Rnr 124994 gsm 7836365

hjól.is  
Sími: 577 4565  
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!  
www.hjol.is



AUDI A3 sportback. Árgærd 2007, ekinn 81 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Lítið ekinn hefur fengið topp viðhald hjá Heklu Rnr.111078.

Hekla Söluumboð  
Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ  
Sími: 420 3040  
www.heklarnb.is



A-HÝSI!! Okkur vantar A-hýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og síma 5179999, www.100bilar.is

100 bílar ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.  
www.100bilar.is



DÍSEL MOLINN VOLVO S60 momentum . árg 9,2012 ekinn 29 P.KM, dísel, 6 girar. Eiðir 5-6 l Verð 4.980.000. Skoðar ýmis skipti Rnr.136513

Bíll.is  
Sími: 577 3777  
www.bill.is

### Bílar til sölu



Mercedes Benz Vito 120 til sölu Árg 2008. Sjálfskiptur, rafmagnsrúður, samlæsingar, loftkæling, 3 sæta en það má setja í hann fleiri sæti. 6 V dísel 204 hestöfl. Lítið ekinn. Uppl. í s. 5.444333 og 8201070



Mercedes Bens 240, ek 190 km, umboðsbíll. Sami eigandi í 10 ár, nýtt body 2005, skoðaður, gott ástand. Ásett verð 1290þ fæst á 790þ Uppl. í s. 894 1920



Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsöluþilboð á sýningabílum, eftirárbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000



Bens 609 húsbíll 1980 Innréttadur sem húsbíll með öllu tilboð óskast, 664-5678 Ástráður




Til sölu Honda HR-V, 4X4, árg. ,04, ek. 112 þ. Eyðsla 8 l./100 km. Sumar- og vetrardekk. Verð 750þ. Uppl. í s. 616 2597.



TILBOÐ 290 ÞÚS OG YFIRTAKA! OPEL ASTRA OPC 2.0 TURBO árg 2007 ek.104 þús, ný tímæreim, 241 hð, 6gíra, xenon, leður, 18" felgur ofl. skemtilegur og fallegur bíll! Ásett verð 1990 þús TILBOÐ 1490 ÞÚS áhv 1200 þús s.841 8955



TIL VIÐGERÐAR EÐA NIÐURRIFIS. Nissan Micra 1999, ekinn 110.000, nýleg tímæreim, sjálfskiptur, skoðaður 2014. Parfnast viðgerðar á drifbúnaði. Verð tilboð. Uppl. í síma 821-0654.




250-499 þús. Peugeot 307 árg .01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. 5d. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



VIRKILEGA GOTT VERÐ !! Opel Zafira 1.8 árg .02. ekinn aðeins 157þús km. 7manna. sjálfskiptur. ný skoðaður 2015. ásett verð 590þús. Tilboðsverð aðeins 390þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



TILBOÐ 350 ÞÚS - VÍBALÁN TOYOTA RAV4 árg 96 ek 180 þús, beinskiptur,4X4 ný tímæreim, vel með farinn bíll á sett verð 490 þús TILBOÐ 350 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955



500-999 þús. Ford Mondeo station 1.8 árg .03. bsk. skoðaður. rúmgóður og þéttur bíll. virkilega gott eintak. ásett verð 850þús. Tilboðsverð 590þús stgr. Möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

### til sölu

#### Til sölu Húsbíll Fiat Benimar Perseo 680



Árg. '06 ek. 21 þús  
2,8 vél dísel beinsk.  
Sko '15, skráður fyrir 4,  
dráttarbeysli, hjóla-  
grind, bakkmyndavél  
ofl. Einn eigandi.  
**Verð 7,5 millj.**

Upplýsingar í síma. 868 2352 Sævar

### til sölu

## VERSLUNARTÆKNI

### Auglýsingaskilti



### Flugnabannar



Ruslatunnur  
Sorptunna  
Tospy 2000.  
Til í mörgum litum.



Haga Turbo 770  
3ja bursta - sóþbreidd 77 cm

### Stubbahús



VERSLUNARTÆKNI  
Draghála 4 - 110 Reykjavík  
Sími: 535 1300 - Fax: 535 1305 - verslun@verslun.is

Pöntunarsími: 535 1300

Síðu heimasíðuna  
www.verslun.is

**500-999 þús.**



**MJÖG GOTT EINTAK !**  
Renault Megane station 1.6 árg. '04. ekinn 170þús. ný skoðaður 2015. dráttarkrókur. samlæsingar. eyðsla ca 7L/100km. Góður billi. ásett verð 890þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. S 659-9696



**EDALAVAGN - VISALAN 790 ÞÚSI!**

CITROEN C5 SX árg 2006 ek.138 þús, sjálfskiptur, loftpúðafjöðrun, cruisecontrol, ofl rúmgóður og virkilega góður billi! verð 1090 þús TILBOÐ 790 ÞÚSI möguleiki á 100% láni s. 841 8955



**LÍTID KEYRÐUR SPARIBAUKUR!**

VW POLO 1,2 árg 2004 ek.107 þús, tímakaðja, 5 dyra, beinsk, ný skoðaður 15, lytur vel út og eyðir mjög litlu! ásett verð 720 þús TILBOÐ 590 ÞÚSI möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

**Bílar óskast**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚSI.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Sendibílar**



Iveco 50 C 13 árg 2004 til sölu Ekinn aðeins 47 þ. Km Með lyftu. Uppl. í s. 5444333 og 8201070



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

**Mótorhjól**



Til sölu YAMAHA 1100 Drag Star, árgerð 2005. Ekið 7.300 km. Verð 1.050.000 Uppl. í síma 893 7278.

**Hópfarabílar**



M:B Clubstar 25 farþega. árg. 1986. Ek. 650þús., í ágætis standi. Tilvalin fyrir félagsamtök. Engin bifreiðagjöld. Uppl. Magnus s. 898 5142, maggig@centrum.is

**Hjólhýsi**



Til sölu Hobby 560 Excellent CFE árg. 2013. + Sólarsetla, markisa,loftnet, rafgeymir o.fl. Tilboð 4.100 þús. stgr. Sími 8585238.

**Fellihýsi**

**Tjaldvagnar  
Fellihýsi  
Hjólhýsi  
Húsbílar**

Umboðssala  
Rísasýningarsvæði  
Korputorgi

Stærðing 1 112 Reykjavík  
Sími 514 8000

Útöku maðurinn!

**Hjólbarðar**



**MATADOR VÖRUBÍLADEKK TILBOÐ  
FRAMLEIDD AF CONTINENTAL RUBBER S.R.O.**

- 385/65 R 22.5 kr. 78.088 + vsk
- 295/80 R 22.5 kr. 76.016 + vsk.
- 275/70 R 22.5 kr. 66.215 + vsk
- 11 R 22.5 kr. 36.900 + vsk
- 265/70 R 19.5 38.500 + vsk
- 285/70 R 19.5 39.000 + vsk

Alcoa álfelgur 43.900 + vsk  
Kaldasel ehf Dekkjaverkstæði  
Dalvegur 16 b, 201 Kópavogur s. 5444333 og 8201070

**Varahlutir**

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

**Vinnuvélar**



Sópur fyrir dráttarvél Árgerð 1993 Verð:420.000.-kr + vsk. Nánar á www.velamidstodin.is S:577-5757/6949999 magnus@velamidstodin.is

**Bílaþjónusta**



Malbiksviðgerðir - málnun bílastæða - vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

**BendPak**

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílalyftur.

Stál og Stansar ehf.  
VAGNHÖRDI 7 • SÍMI 517 5000  
stalogstansar@stalogstansar.is

**Viðgerðir**

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

**ÞJÓNUSTA**

**Hreingerningar**



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www.gluggahreinsir.is

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön. Upplýsingar í síma 8687283.

**Garðyrkja**

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR**

Viðgerðir Skammtavagnar 34 Brist gata

**SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA**  
Vélaverkstæði JS  
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuoríf, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, Gokartþjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

**VIFTUR**

Ertu með næga loftun? Er rakasöfnun?



viftur frá **7990**



Viftur-rör-tengi-hlífar

**Allt á einum stað!**

**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata



**Kæliklefar**

Kælar/frystar. Allar stærðir. Úrval valmöguleika. Frábært verð.



**TILBOÐ**

**Flatir stokkar**

Frábærir loftstokkar á sýnilega staði eða þar sem er þröngt. Allur fittings í boði!



**Þurrkbox**

Einnota gelbox. Einföld leið fyrir gáma eða lítil rými. Ekkert rafmagn!



**raki.is**

**viftur.is**



RANNSÓKNARSTOFAN ORF Líftækni og Sif  
Cosmetics framleiða bæði vaxtarþætti  
og húðvörur til útflutnings.  
FRÉTTAHLAÐIÐ/DANIEL



# f Cosmetics í 700 verslunum

Hann segir Finnland gott dæmi um land þar sem umboðsaðilar Sif hafi unnið gott kynningarstarf og komið vörum í verslanir sem selji lúxusvörur.

„Við höfum auðvitað gert mistök á þessum tíma sem við höfum verið að vaxa. Við höfum þurft að segja upp samningum við ákveðna umboðsaðila því þeir stóðu sig ekki og því er mikilvægt að varan sé í höndum réttra aðila. Það er ekki nóg að kvitta undir dreifisamning og senda út góða vöru. Það þarf að passa að varan sé í höndum réttra aðila og það er vinna sem er stöðugt í gangi hjá okkur,“ segir Kristinn.

„Eins og ég met það núna er ærið verkefni fram undan við að halda fókusi og hjálpa umboðsaðilum okkar þannig að áætlanir geti gengið eftir. Það væri of stór biti að vinna að þessu og ætla að sama skapi inn á Bandaríkjamarkað. Við horfum þangað þegar þar að kemur,“ segir Kristinn spurður hvort vörurnar séu fánlegar í Bandaríkjunum.

#### Virknin rannsókuð

Snyrtivörumarkaðurinn veltir miklum fjárhæðum og þar er úr nægu að velja. Í sumum tilvikum liggja vísindalegar rannsóknir að baki fullyrðingum snyrtivöruframleiðenda um ágæti varanna en svo er ekki alltaf.

Martina Kerscher, prófessor í snyrtivöruvísindum (e. cosmetic science) við Háskólann í Hamborg, gerði nýverið rannsókn á vörum Sif og kynnti niðurstöðurnar í Mónakó í apríl síðastliðnum. Þátttakendur í rannsókninni voru fengnir til að bera vörur fyrirtækisins á annan helming andlitsins og á hinn helminginn óvirk efni. Þar sem vörurnar voru notaðar þykknaði húðin að sögn Kristins um 60 prósent.

„Þessar tölur sjást hvergi nema í lyfjum sem hafa aukaverkanir. Við erum því með í höndunum vöru sem virkar og hægir á öldrun húðarinnar og byggir hana upp,“ segir Kristinn. Hann tekur fram að fyrirtækið hafi ekki greitt fyrir rannsóknina. Niðurstöðurnar verði birtar í fagfjármáttal og Kerscher sé væntanleg hingað til lands í haust til að kynna þær.

„Kerscher hafði sem kona og húðlæknir áhuga á vörunni og keypti hana. Þá fann hún fyrir virkninni og ákvað að kynna sér innihald vörunnar og í kjölfarið réðst hún í rannsóknina.“

#### Gera ráð fyrir hagnaði

Um 40 manns starfa hjá ORF Líftækni og dótturfyrirtækinu. Flestir vinna í höfuðstöðvunum við Víkurhvarf í Kópavogi þar sem finna má skrifstofur, rannsóknarstofur og framleiðslu fyrirtækisins. Í gróðurhúsinu í Grindavík eru þrjú og hálf stöðugildi.

Á stórum hvítum vegg í matsal fyrirtækisins má sjá úrklippur úr tímaritum og dagblöðum sem hafa fjallað um vörur Sif Cosmetics. Kristinn sýnir blaðamanni vegg-

inn og segir fyrirtækið hafa verið til umfjöllunar í yfir 100 erlendum tímaritum eða dagblöðum á þessu ári einu.

Kristinn var ráðinn forstjóri samstæðunnar í mars. Hann var áður forstjóri líftækniyrirtækisins Mentis Cura ehf. og framkvæmdastjóri fjármögnunar hjá Straumi-Burðarási.

„Ég hafði fylgst með fyrirtækinu og fannst öll umgjörðin í kringum það góð. Fyrirtækið er vel fjármagnað og varan er að ná árangri og sú blanda er verulega spennandi.“

Eigið fé samstæðunnar er jákvætt um 698 milljónir króna samkvæmt ársreikningi síðasta árs. Þá var tap á rekstrinum upp á rúmar 60 milljónir króna og 62 árið áður.

„Áætlanir okkar fyrir þetta ár gera ráð fyrir að við skilum hagnaði í fyrsta sinn,“ segir Kristinn.

„Eins og ég segi þá erum við á áætlun og það stefnir í mikilvægan áfanga og merkilegt ár í sögu fyrirtækisins.“

Hlutfé ORF Líftækni var aukið um 300 milljónir króna í mars 2012. Fjórtán innlendir og erlendir fjárfestar tóku þátt í hlutfjár- aukningunni. Kristinn segir ekki stefnt að frekari aukningu hlutfjár-.

„Góður kostur við þetta félag er hversu góður hluthafahópur er á bak við það. Eins og ég upplifi hluthafana þá hafa þeir stutt vel og lengi við félagið í langri sögu þess sem er mjög mikilvægt.“

ORF Líftækni tók í maí þátt í

„Áætlanir okkar fyrir þetta ár gera ráð fyrir að við skilum hagnaði í fyrsta sinn.“

lokuðum fundi Kauphallarinnar þar sem ellefu nýsköpunarfyrirtæki kynntu starfsemi sína fyrir fagfjárfestum og öðrum.

„Fyrirtækin þar áttu það nánast öll sameiginlegt að hafa þurft tíu ár til að komast almennilega af stað. Fólk vanmetur oft hversu langan tíma það tekur að búa til peninga,“ segir Kristinn.

**KPMG**

cutting through complexity

MORGUNVERÐARFUNDUR

## Hvað ef...?

Sviðsmyndagreining um losun fjármagnshafta

13. júní | kl. 8:30 | Borgartúni 27

Hvaða áhrif munu afnám fjármagnshafta hafa á rekstur fyrirtækja og skiptir máli hvernig og hvenær stjórnvöld aflétta þeim?

Skráning og frekari upplýsingar á [kpmg.is](http://kpmg.is)



Fríverslun við Kína kemst á um næstu mánaðamót:

## Til höfuðs okrinu

Ósjaldan heyrir fólk kvarta yfir dýrtíð hér á landi. Eitthvert lögmál virðist segja til um að gallabuxur (merkjavara) séu á um tíföldu því verði sem gerist í Bandaríkjunum til dæmis – svipað á við um annan fatnað. Barnaföt eru gjarnan á uppsprengdu verði. Bílaumboð verðleggja varahluti líkt og þeir væru gerðir úr skíragulli, fjöldaframleiddir hlutir á borð við ljósaperur sem oft þarf að skipta um eru á fleiri hundruð krónur og hafa rokið upp í verði eftir að hér voru innleiddar reglur sem gera gömlu góðu glóperuna útlæga.

Á sumum sviðum sér maður hvar orsökinn liggur. Þannig liggur fyrir að álögur hins opinbera sprengja verð á eldsneyti og áfengi upp úr öllum kvörðum og því skiljanlegur sá munur sem er á verðinu hér á landi annars vegar og í útlöndum hins vegar.

Á öðrum sviðum er torveldara að sjá muninn. Stundum er munur á útlendu verði og innlendu svo mikill að maður veltir fyrir sér hvort verslanir og jafnvel heildsalar hér á landi kaupi varninginn fullu verði í verslunum í útlöndum og eigi svo eftir að leggja á hann sinn skerf áður en hann ratar í hillurnar hér. Nema að veltan sé svo takmörkuð að álagningin þurfi að vera fleiri hundruð prósent. Eða græðgin svo mikil, fyrst fólk virðist láta ósköpin yfir sig ganga.

Tækniframfarir síðustu ára gera hins vegar að valkostum fólks hefur fjölgað og þeim heldur áfram að fjölga stórum skrefum. Mætti því ætla að um leið lækkuðu þolmörk fólks gagnvart ofurverðlagningu, af hvaða orsök sem hún annars er.

Undirritaður hefur nýverið reynt þetta á eigin skinni. Ekki fyrir löngu skoðaði hann í fyrsta sinn vef AliExpress, en svo nefnist kínverskur söluvefur með margvíslegan varning, af ekki ósvipaðri uppsetningu og Amazon.com. Taldi hann sig þá vanta loftflæðisskynjara í gamla Toyota-bifreið sína. Umboðið gaf upp verð sem var vel yfir tuttugu þúsund krónum þannig að smágrúsk á netinu virtist geta borgað sig. Rétti hluturinn fannst á kínverska vefnum og kostaði hingað kominn rétt um þrjú þúsund krónur.

Steinninn tók svo úr þegar nýja aðalljósaperu þurfti líka í farkostinn. Pungað var út rétt tæpum 2.400 krónum fyrir eina slíka hjá stórra varahlutaverslun. (Bíllinn tekur nefnilega sérlega dýrar perur af H4B tegund.) Verðið er svipað á bensínstöðvum, með ísetningu. Núna tók minn sig aftur til og leitaði á kínverska söluvefnum og með góðum árangri. Eftir hálfan mánuð komu í pósti fjórar ljósaperur, sem greiða þurfti 700 krónur fyrir, með sendingarkostnaði. Það gerir 175 krónur stykkið. Fyrir verð einnar ljósaperu á Klakanum er hægt að panta fjórtán frá Kína.

Rétt er að taka fram að um ágætisperur er að ræða, þótt ekki heiti þær Osram. Á þessum kjörum var hægt að leyfa sér þann lúxus að skipta um í báðum framljósum og eiga perur eftir til skiptanna.

Núna bíður undirritaður eftir USB-tengdu utanálggjandi geisla-drifi-/skrifara á þriðjungi þess verðs sem rukkað er í lágvörverslunum með tölvuhluti hér á landi.

Um næstu mánaðamót tekur gildi fríverslunarsamningur Íslands og Kína og líklegt verður að telja að æ fleiri uppgötvu þá kosti þess að sniðganga milliliði í innflutningi sem virðast stunda ofurálagningu. Tímenn verður svo að leiða í ljós hvaða áhrif það hefur á verslun hér heima. Hitt er víst að á meðan fólk lætur okrið yfir sig ganga, þá breytist ekkert, nema kannski til hins verra.



**Markaðshornið**  
ÓLI KRISTJÁN  
ÁRMANNSSON

**Stundum er munur á útlendu verði og innlendu svo mikill að maður veltir fyrir sér hvort verslanir og jafnvel heildsalar hér á landi kaupi varninginn fullu verði í verslunum í útlöndum.**



**FISKELDI FJARÐALAX** Framleiðsla á laxfiskum mun fljótlegra tvöfaldast á suðurfjörðunum og gera má ráð fyrir að fljótlegra skapist enn meiri verðmæti í fiskeldi eða allt að þrjár milljónir króna á hvert mannsbarn á suðurfjörðum Vestfjarða.

## Fiskeldið styrkir byggðaðpróun á Vestfjörðum

### FISKELDI

Guðbergur Rúnarsson  
frkvstj. Landsambands  
fiskeldisstöðva



Mannfjöldi í Vesturbyggð og Tálknafirði er í dag 1.246 íbúar og hefur fjölgað um 60 íbúa eða 5% frá árinu 2012 en þá var íbúafjöldinn kominn niður í 1.186. Ef spár ganga eftir verður fiskeldið á suðurfjörðunum mjög umfangsmikið á tiltölulega skömmum tíma. Vinnsla á afurðum frá eldinu verður mikil og þörf á auknum mannafla við vinnslu á afurðum. Sumar sjávarbyggðirnar eiga því nokkur atvinnutækifæri inni í fiskeldi sem eru handan við hornið, t.d. á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Reikna má fastlega með að þróun íbúafjölda á suðurfjörðunum verði afar jákvæð á næstu árum.

Á Bíldudal er næg atvinna en miklar breytingar eru fram undan í atvinnulífnum á staðnum. Unnið er að undirbúningi á umfangsmiklu laxeldi sem gæti skapað 150 störf þegar fram í sækir. Viðfangsefnið þar er að búa samfélagið undir að taka á móti svo stóru fyrirtæki þannig að þróunin verði farsæl fyrir byggðarlagið.

Á Tálknafirði er stærsta atvinnugreinin sjávarútvegur og vinnsla en umsvifin í fiskeldi hvers konar fara vaxandi. Á staðnum eru starfandi tvær seiðaeldisstöðvar, önnur í eigu Dýrfisks og hin í eigu Arnarlax. Einnig rekur Tungusilungur landeldi og reykhus, Fjarðalax er með útibú á staðnum sem þjónustar laxeldi sem er í firðinum og í Tálknafirði er vísir að þorskeldi.

Patreksfjörður er kaupúnið í Vesturbyggð sem stendur við samnefndan fjörð, syðstan fjarða á Vestfjörðum. Íbúar hafa afkomu sína af sjávarútvegi, fiskvinnslu og fiskeldi sem og þjónustu við nágrannasveitir og ferðamenn. Fjarðalax er með laxeldi í firðinum og vinnslu á laxi í kaupúninu.

Uppbygging á suðurfjörðunum byggist í vaxandi mæli á fiskeldi og ferðþjónustu sem styðja hvort annað. Þar má meðal annars nefna nýtt heilsárshótel á Patreksfirði, vinnslu og flutning á fiski frá Patreksfirði, uppbyggingu seiðaeldisstöðvar Dýrfisks í Norður-Botni í Tálknafirði og seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri við Tálknafjörð, flutning á seiðum frá Tálknafirði í aðra firði, útsetningu 250.000 seiða á þessu vori hjá

Uppbygging á suðurfjörðunum byggist í vaxandi mæli á fiskeldi og ferðþjónustu sem styðja hvort annað.

Arnarlaxi og fyrirhugaða byggingu á 3.000 til 4.000 fermetra vinnsluhúsi á Bíldudal.

Reikna má með að slátrað verði 3.500 tonnum af laxi í ár á suðurfjarðasvæðinu. Framleiðsla á laxfiskum mun fljótlegra tvöfaldast á suðurfjörðunum og gera má ráð fyrir að fljótlegra skapist enn meiri verðmæti í fiskeldi eða allt að þrjár milljónir króna á hvert mannsbarn á suðurfjörðum Vestfjarða.

Mikil samgöngubót er að nýrri Breiðafjarðarferju, Baldri, sem kom til Stykkishólms í apríl sl. Við komu ferjunnar tvöfaldast rými fyrir bíla, en nýja skipið tekur 45-50 bíla og um 300 farþega. Þörfin fyrir stærri ferju var orðin brýn enda hafa flutningar frá suðurfjörðunum aukist mikið með auknu fiskeldi og aukinni vinnslu ferskra sjávarafurða til útflutnings.

## Mótmælt á hluthafafundi General Motors í Detroit í gær



**MÓTMÆLA- OG HLUTHAFAFUNDUR** Tveir Detroit-búar mótmæla fyrir framan höfuðstöðvar General Motors þar sem árlegur hluthafafundur fór fram í gær. Mennirnir hafa mótmælt í nokkra daga fyrir utan byggingu General Motors en hluthafafundurinn er haldinn á sama tíma og 85 lögsöknir hafa verið höfðaðar gegn fyrirtækinu vegna bilunar í kveikjúlásam.


FRÉTTABLAÐIÐ/AF

**STÆRSTI  
HÚSNÆÐISVEFUR  
LANDSINS**

**vísir**

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt  
úrval íbúða til sölu  
eða leigu!



# Starfaði hjá þýskum heildsala í München

## SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Við erum að sigla inn í ágætis sumarvertíð og það er alltaf meira að gera hjá okkur á þessum árstíma. Við munum bæta verulega í áætlun okkar á Grænlandi og þar verður örugglega töluverð aukning miðað við síðasta ár,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

„Þó það hafi orðið fækkun í innanlandsfluginu á undanförunum árum þá er erlendum ferðamönnum sem fljúga með okkur alltaf að fjölga,“ bætir Árni við.

Hann hefur starfað hjá flugfélaginu síðan 1999, fyrst sem sölu- og markaðsstjóri og síðan framkvæmdastjóri frá 2005.

Árni lærði rekstrarhagfræði í háskólanum í Augsburg í Suður-Þýskalandi að loknu stúdentsprófi frá Fjölbrotaskólanum í Gardabæ. Hann bjó í samtals níu ár í Þýskalandi og starfaði þá um tíma hjá þýskum ferðaheildsala í München. Árið 1997 bauðst honum síðan starf hér heima sem hann ákvað að taka.

„Þá var ég ráðinn forstöðumaður Icelandair Holidays sem seldi þá einfaldar pakkaferðir til Íslands og var í eigu Flugleiða. Svo var ég framkvæmdastjóri Íslandsferða í eitt og hálf ár áður en fyrirtækið sameinaðist Ferðaskrifstofu Íslands,“ segir Árni. Hann segir Flugleiðir hafa átt þrjár ferðaskrifstofur á þessum tíma sem allar voru í svipuðum rekstri.

„Þetta var allt sameinað í rauninni á tveimur árum þannig að ég

fór í gegnum að vera framkvæmdastjóri Íslandsferða og Ferðaskrifstofu Íslands á þeim stutta tíma.“

Afi Árna var Guðmundur Jónsson fjallabílstjóri. Móðir hans hefur ásamt systkinum sínum rekið rútu-fyrirtæki í nafni Guðmundar í áratugi.

„Ég er því alinn upp í ferðaþjónustunni og hef ekki starfað við neitt annað. Mjög margir í minni fjölskyldu hafa unnið við atvinnugreinina og þá bæði í móðurættinni og föðurættinni.“

Árni er kvæntur Sigríði Bjarnadóttur iðjuþjálfara og þau eiga þrjá stráka. Ferðalög með fjölskyldunni eru eitt af áhugamálum hans en einnig nefnir hann stangveiði og golf.

„Í ferðaþjónustunni ertu að vinna með drauma fólks. Þú ert að hjálpa fólki að upplifa drauma um frí og spennandi tíma. Það er mjög gefandi að vinna í geira sem stuðlar að því. Þá verður allt að vera vel undirbúið því ekkert má klikka. Það er lykllinn að þessu öllu saman.“



Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Árni lærði rekstrarhagfræði í Suður-Þýskalandi og bjó í landinu í níu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Pungavigtarmaður í íslenskrí ferðaþjónustu



„Árni er fyrst og fremst fagmaður. Hann er þungavigtarmaður í íslenskrí ferðaþjónustu og á stóran þátt í því hvernig hún hefur náð að vaxa og dafna síðustu ár. Hann nálgast alltaf viðfangsefnið með jákvæðni og á mál-efnalegan hátt. Hann er fljótur að greina aðalatriðin, er strategískur og hefur þann hæfileika að geta leitt mál til lykta með fólki og fyrir fólk á hógværan og uppbyggilegan máta. Það líkar öllum vel við Árna og sást það hvað best þegar hann lét af embætti formanns SAF á síðasta aðalfundi. Eftir lokaræðuna sína var hann hylturlur vel og lengi undir standandi lófataki fundargesta.“

**Helga Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.



„Árni setur alltaf mikinn kraft í allt sem hann tekur sér fyrir hendur. Menntaskólann kláraði hann á þremur árum og vatt sér til Þýskalands í framhaldsnám. Ég held reyndar að sá skóli hafi verið honum mjög góður. Ráðdeild Þjóðverjanna kemur sér vel í rekstri á stóru fyrirtæki. Skynsemi, sanngírni og útsjónarsemi eru orð sem koma upp í hugann. Það getur þó verið erfitt að eiga rólega stund með honum vegna anna. Veiðiferðir okkar í Búðardalsá hafa verið árlegur viðburður í áratug. Árni er eini veiðimaðurinn sem ég þekki sem landað hefur 100 cm laxi á 5 feta silungastöng með 20 metra girni. Það var barátta sem við gleymum seint!“

**Valgeir Vilhjálmsson**, markaðsrannsóknarstjóri RÚV.

Ríkið semur við hjúkrunarheimili:

## Sex milljarðar yfirteknir

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, ellefu hjúkrunarheimili, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga hafa undirritað samninga sem fela í sér yfirtöku ríkisins á nær öllum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilanna vegna starfsmanna þeirra í B-deild LSR og LH. Þetta kemur fram í tilkynningu ráðuneytisins.

Þar segir að samningarnir séu gerðir til að koma til móts við erfíða fjárhagsstöðu hjúkrunarheimila sem rekin eru af sjálfseignarstofnunum innan Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Fjárhæð yfirtekinna lífeyrisskuldbindinga nemur tæplega sex milljarðum króna.

- fbj

Fyrirtæki ætla sér að fjárfesta:

## Nýta sér upp-lysingatækni

Þriðja hvert fyrirtæki á Íslandi mun nýta sér snjalllausnir í auknum mæli á næstu tólf mánuðum og áttunda hvert fyrirtæki mun byrja að nýta sér snjalllausnir á næstu tólf mánuðum. Þetta kemur fram



**NÝHERJI**

í könnun Nýherja um áherslur stærstu fyrirtækja landsins í upplýsingatækni.

Í könnuninni kemur fram að þriðja hvert fyrirtæki mun fjárfesta meira í upplýsingatækni á næsta ári og hátt í 60 prósent munu halda sambærilegu fjárfestingastigi og áður. Þá kemur fram að öryggismál séu helsta áhersluatriði forstjóra og yfirmanna upplýsingatæknimála.

- s6j

# OPIN NÁMSKEIÐ Í LISTKENNSLU-DEILD

Listkennsludeild Listaháskólans býður uppá námskeið á meistarastigi fyrir starfandi listgreinakennara og listafólk sem vill sækja sér símenntun.

## NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2014

- Skapandi skrif
- Listir og sjálfbærni
- Námssefnisgerð
- Listmeðferð í námi
- Listir og menning
- Sjúkrahússtrúður
- Rödd – spuni – tjáning
- Listrannsóknir I
- Líkanagerð
- Ukulele

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland Academy of the Arts

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, og umsóknareyðublað er að finna á [lhi.is](http://lhi.is)

## 5,6 MILLJARÐA HAGNAÐUR

### Síldarvinnslan greiðir tvo milljarða í arð

Hagnaður Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað á síðasta ári nam 5,6 milljörðum króna. Rekstrartekjur samstæðunnar voru alls 23,6 milljarðar króna og rekstrargjöld námu 16,2 milljörðum. Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Neskaupstað á föstudag, var samþykkt að greiða tvo milljarða króna í arð til hluthafa.

Samherji á 44,6 prósent í Síldarvinnslunni og fær því um 892 milljónir króna. Útgerðarfyrtækið Gjögur á 34,23 prósent og Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað 10,97 prósent.

## RÁÐNIR TIL MENIGA

### Nýir stjórnendur

Hugbúnaðarfyrtækið Meniga hefur ráðið Björgvin Inga Ólafsson í starf fjármálastjóra og Jóhann Braga Fjalldal sem framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar.

Björgvin starfaði áður hjá ráðgjafarfyrtækinu McKinsey & Company og þar áður í um áratug á íslenskum fjármálamarkaði. Bragi hefur undanfarin ár gegnt stöðu framkvæmdastjóra hjá danska vindorkufyrtækinu Vestas Wind Systems.

10.6.2014 „Ólafur Ragnar Grímsson á hrós skilið fyrir að tala fyrir hugarfarsbýltingu hvað varðar orkumál. Mannkynið er komið á endastöð í nýtingu orkugjafa sem valda loftslagsbreytingum. Það er ekki einungis um það að tefla að loftslag á jörðinni breytist með tilheyrandi hörmungum – heldur hættum við líka á að eyðileggja úthöfin sem súrna vegna mengunar.“

Egill Helgason,  
sjónvarpsmaður



## Hin hliðin

PÓRANNA K. JÓNSDÓTTIR  
MARKAÐSNÖRD  
HJÁ MARKAÐS-  
MÁLUM Á  
MANNAMÁLI



## Pólitikusat sem brjóta öll lögmál

Í nýfstaðinni kosningabaráttu verð ég að viðurkenna að ég undraðist hvernig víða var staðið að. Ég gat ekki gert að því að hugsa sem svo að pólitikusat hefðu mjög gott af því að læra grundvallarlögmál markaðsfræðinnar. Markaðsgúrúinn Al Ries sagði einhvern tímann að það væru bara tvær reglur fyrir lítil fyrirtæki og markaðssetningu: 1) að hugsa stórt 2) að fylgja lögmálum markaðsfræðinnar.

### Lögmálin fimm

Svo hér eru fimm lögmál markaðsfræðinnar sem myndu skila pólitikusum (og fyrirtækjum) meiri árangri ef þeir fylgdu þeim:

**Nr. 1:** Það er öllum sama um þig. Við erum öll sjálfhverf og hugsum bara um hvað hentar „mér og mínum“. Það er bara mannlegt. Ef þú ætlar að ná sambandi við fólk þá virkar „ég, um mig, frá mér, til mín“ ekki – láttu allt snúast um þann sem þú vilt ná til.

**Nr. 2:** Markaðssetning tekur tíma. Fólk kys þig ekki nema það þekki þig, líki við þig og treysti þér og það gerist ekki á einni nóttu. Ekki bara tala við mig korter í kosningar.

**Nr. 3:** Ekki bara markaðssetja þig rétt fyrir kosningar. Þú þarft alltaf að vera að. Alveg eins og það þýðir ekki fyrir fyrirtæki að markaðssetja bara þegar salan minnkar, alveg eins og það þýðir ekki að fara í ræktina viku fyrir strandarferðina, þá eiga pólitikusat alltaf að vera að. Burtséð frá markaðslegu ástæðunni þá ættu þeir líka bara alltaf að vilja vera í góðu sambandi við kjósendur.

**Nr. 4:** Lærðu að nota þau tól og tæki sem eru í boði og auðveldla þér hlutina. Það var magnað að sjá fólk sem t.d. hafði aldrei verið virkt á samfélagsmiðlunum vakna til lífsins og ætla að fara að nýta þá rétt fyrir kosningar. Eðli málsins samkvæmt skildi það ekki hvernig átti að haga sér þar. Það er ekki bara kjánalegt, það er heldur ekki vænlegt til árangurs.

**Nr. 5:** Ef þú ekki kannt eða getur, lærðu eða fáðu aðstoð – ok, þetta er ekki bundið við markaðsmál, bara góð regla sem afskaplega fáir pólitikusat virðast kunna ;)

### Markaðssetning fyrir pólitikusa?

Ég bauð bæjarstjórninni í heimabæ mínum, Reykjanesbæ, að taka þátt í markaðsnámskeiði hjá mér í haust. Mig langar nefnilega mikið til að bæta ímynd míns góða bæjar. Kannski er kominn tími á að bjóða námskeið í almennri markaðssetningu fyrir pólitikusa? ;)

**Helgi Björns**  
& reiðmenn vindanna

**ELDBORG**  
**16.JÚNÍ**

SÉRSTAKIR  
GESTIR:  
HILMIR  
SNÆR  
JÓI SIG  
ÖRN ARNA

Aðeins einir tónleikar!

**MÍÐASALA ER HAFIN.**

MIDI.IS  
HARPA.IS

**Sælugarðar.is**

- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólपालasmíði

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**Garðþjónusta Íslands ehf**  
www.garda.is  
Vönduð vinnubrögð  
Róbert S. 866 9767

**GARÐLIST** 654 1989  
GARDLIST

**ÚÐI**  
Garðaúðun fyrir maðki og lús  
Brandur Gíslason  
Skrúðgarþyrkjumeistari  
S: 571-2000

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Málarar**

Tek að mér að bera á sólpalla og timburveggi. Uppl. í s. 848 0454

**REGNBOGALITIR**  
Getum bætt við okkur verkefnum. Frí verkskoðun og tilboð. s. 8919890 malarar@simnet.is

**Búslóðaflutningar**

**SENDIBILL.IS**  
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Húsviðhald**

**Smíðum eftir máli**  
Hurðir & Gluggar  
www.hurdiroggluggar.is  
Kaplahauni 17 • Hafnarfirði  
S: 565 4123 • eljo@intemet.is

**RAFLAGNIR, SMÍÐAR, UPPSLÁTTUR**  
Tökum að okkur raflagnir, smíðar og uppslátt. Tilboð eða tímavinna. 30 ára reynsla tryggir gæði. Sími: 848-6904.

**Tölvur**

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusheirnsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

**Nudd**

**NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

**Spádómar**

**KÆRLEIKS-LJÓSID**  
Spánibíll Tarot lestur og kristalkúla  
Vax 566 7311  
Tímargættarir í síma 8694650

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**  
Ástir, fjármál & heilsa.

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**  
Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**Önnur þjónusta**



**ALLT FYRIR BÆJARHÁTÍÐINA OG ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN**  
Gasblöðrur, fánalengjur (einlitar eða í mörgum litum), hattar, kransar, o.fl. Sendum í póströfu.  
**Partýbúðin, Faxafeni 11, R. s. 534-0534 Ath. Heildisölufyrirspurnir velkomnar.**

**ERTU MEÐ HANDRIT?**  
Markaðsetjum skáldverk á ensku og íslensku. s. 557 1407, Suss ehf.

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**  
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svantu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**FERDAPJÓNUSTUADILAR !**  
Húsgögn og fleira til sölu  
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsbörð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.  
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.  
**MJÖG GOTT VERÐ**  
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellsh.is

**Óskast keypt**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**  
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!  
www.kaupumgull.is  
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**  
Upplýsingar í síma 661 7000.

**KAUPI GULL !**  
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáðu góð ráð.  
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**  
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Kaupi gömlu góðu teiknimyndabækurnar ástrík, tinna, viggó viðundan, sval og féлага, lukku láka, steina sterka, strumpana og fleiri í þeim dúr. Líka teiknimyndablöð eins og sígildar sögur og súperhetjublöð á íslensku og ensku. Skoða einnig kaup á vinnipötum. Uppl. í s. 867 6535.

**Til bygginga**



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**  
Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

**Heilsuvörur**

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**Nudd**

Frábær vikutilboð hjá Aqua Spa nudd+peeling eða það á 8000kr. Panta tíma í S. 5870191(ekki erotísk nudd)

**fyrirtæki / fasteignir**

**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS** S. 520 3500 • Ármúla 19 • 108 RVK • atv.is

**Vinsæll Thai take away til sölu**  
Staðurinn er vel tækjum búin og er í eigin húsnæði, sem hægt væri að leigja, eða kaupa. Frábært tækifæri fyrir tvo samhenta aðila. **Leitið uppl. í 773 4700.**

ÓSKAR MIKAELSSON, LÖGGILTUR FASTEIGNA OG FYRIRTÆKJASALI

**TANTRA NUDD**  
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Námskeið**

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**  
Lærðu að sigla seglskút, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

**Ökukennsla**

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

**HÚSNÆÐI**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**  
Dalshraun 13 Hafnarfirði  
Funahöfða 17a-19, Reykjavík  
Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi  
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.  
gsm 824 4535  
leiga@leiguherbergi.is

**Húsnæði óskast**

Óska eftir lítilli íbúð á höfuðborgarsvæðinu sem fyrst. Uppl í síma 8470919

**Sumarbústaðir**

Sumarhús til sölu. Upplýsingar í síma 663 4540, Ágúst.

**EIGNALÓÐIR**

Til sölu fallegar sumarhúsaloðir í Grímsnesi. Aðkoma frá Kíðjábeyrgsvegi. Stærð frá 0,7 ha til 1,6 ha. Vegir komnir að byggingareit. Heitt og kalt vatn að lóðarmörkum. Upplýsingar í síma 8673569

**Atvinnuhúsnæði**

Iðnaðarhúsnæði til leigu, 122fm + milliloft í Lindum Kópavogi. Uppl. í s. 698 5454

**370 M2 VERKSTÆÐISBYGGING AUK MILLILOFTS,**  
skemma með 2 stórum innkeyrsludryrum til leigu á Keflavíkurflugvelli með stóri lóð. Bílaverkstæði var í húsinu. Búnaður til að taka út útblástur frá bílum ofl. 3 fasa rafmagn.  
Uppl. í s. 5444333 og 8201070

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLUR.COM**  
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, uppíhitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**  
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**  
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**atvinna**

**SMÍÐIR VERKAMENN MÚRARAR**  
ERUM MEÐ VANA SMÍÐI, VERKAMENN OG MÚRARAR SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU. HANDAFL EHF  
S. 777 2 333

**DÖGUN**  
Vélstjóri  
Dögun ehf. leitar yfirvélstjóra á rækjuskipið RÖST SK-17. Leitað er að vélstjóra með a.m.k. VS-III réttindi og með reynslu til sjós, helst sem yfirvélstjóri. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.  
Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: hjalmar@dogun.is og olafur@dogun.is.  
Nánari upplýsingar veita Hjalmar Vilhjálmsson og Ólafur Óskarsson í síma 588-7666.  
Dögun ehf. var stofnað árið 1983. Fyrirtækið stundar rækjuvinnslu og útgerð, og er með aðsetur á Sauðárkróki.

**Grýtubakkahreppur auglýsir eftir sveitarstjóra**

Grýtubakkahreppur er fallett og snyrtilegt 360 manna sveitarfélag við austanverðan Eyjafjörð, um 30 mínútna akstur frá Akureyri. Þar er öflugt atvinnulíf, góð þjónusta og gott félags- og íþróttastarf. Sveitarfélagið er ákjósanlegur staður til að búa í, ekki síst fyrir fjölskyldu- og barnafólk. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu hreppsins, **www.grenivik.is**

**Starf sveitarstjóra í Grýtubakkahreppi er laust til umsóknar.** Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Starfstöðin er á Grenivík. Við leitum að duglegum og áhugasömum sveitarstjóra sem getur hafið störf sem fyrst.

**Æskilegir kostir sveitarstjóra:**  
- Jákvæðni og færni í stjórnun og mannlegum samskiptum.  
- Góð bókhalds- og tölvukunnátta.  
- Áhugi og reynsla af rekstri eða verkefnum sveitarfélaga/fyrirtækja.  
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins.

**Umsóknarfrestur er til og með 26. júní 2014.**

Áhugasamir sendi inn skriflegar umsóknir og ferilskrár á netfangið gudrun@grenivik.is eða til skrifstofu Grýtubakkahrepps, Gamla skólahúsinu, 610 Grenivík, merkt: Umsókn.

**Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps**

**ATVINNA**  
**Atvinna í boði**  
Rótgróid verktakafyrirtæki óskar eftir mönnum í heillulagnir. Næg verkefni framundan, reynsla æskileg. Umsóknir og ferilskrár berist til baldur@btverk.is

**TILKYNNINGAR**  
**Tilkynningar**  
**Orka og afslöppun**  
Hústur útan af „ABBA Panpipes“ geisladisk og tveir próteindrykkjar-femur fundust við sálshlíð Gufuneskirkjugarðs. Eigandi getur vitjað þeirra þar. *Á! hverja er rusl í Reykjavík?*  
Hreinsa þakrennur, laga veggjakrot, laga ryð á þökum ofl. Uppl. s. 8478704. manninn@hotmail.com.



📺 | KL. 20:50

**Dallas**

Ein vinsælasta þáttaröð íslenskrar sjónvarpssögu heldur áfram og átökin innan Ewing-fjölskyldunnar ná nýjum hæðum.

# Frábært miðvikudagskvöld

📺 | KL. 20:05

**How I Met Your Mother**

Gamanþáttur um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



📺 | KL. 20:30

**Lífsstíll**

Glæsilegur tískuþáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.



📺 | KL. 21:35

**Mistresses**

Fjórar vinkonur hafa ólíkar þarfir og þrjár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið.



**Snýr aftur**

★ | KL. 20:05

**Pitch Perfect**

Bráðskemmtileg mynd þar sem tónlistin er í aðalhlutverki.



3 | KL. 19:40

**Baby Daddy**

Gamanþáttaröð um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraprepi hans.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**SUDOKU**

	1	4	8		5	7	
		3	6	4			
6				9			
		5			6	1	
2	3	1		6			7
7			3				2
8	7			1	4	9	
1							
	6		4	7	8	1	

**LÉTT**

	3		2	9	5		7
		2	7	6		9	
			1	4	2		
5			4	9			8
			1			6	9
		3	7		4	5	
7					3	1	
9	6		4	7			
	4			3			

**MIDLUNGS**

	7						6
			4	8			1
			9	1		5	
3			5	2	9		
2							4
7		4			1		
1			6	5		9	
8	9						
6			3			7	

**PUNG**

3	9	2	4	5	7	1	6	8
5	6	7	2	8	1	3	4	9
4	8	1	3	6	9	5	7	2
1	7	9	8	4	5	2	3	6
2	3	4	7	9	6	8	5	1
6	5	8	1	2	3	4	9	7
7	1	5	9	3	8	6	2	4
8	2	6	5	7	4	9	1	3
9	4	3	6	1	2	7	8	5

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**HANDAN VIÐ HORNID**

Eftir Tony Lopes



**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Ég get lifað án peninga en ekki án ástar.“  
- Judy Garland

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**  
2. fiskilína, 6. persónufornafn, 8. runa, 9. gogg, 11. kvað, 12. brottlaup, 14. ýfun, 16. hætta, 17. útsæði, 18. pota, 20. vörumerki, 21. tuddi.

**LÓÐRÉTT**

1. umdæmis, 3. óð, 4. ljósaskipta, 5. svelg, 7. tilgáta, 10. af, 13. hluti verkfæris, 15. nálæg, 16. þrá, 19. tvíhljóði.

**LAUSN**

1. au, 2. von, 3. au, 4. 61, 5. íð, 6. getgáta, 7. íð, 8. íð, 9. íð, 10. íð, 11. íð, 12. íð, 13. íð, 14. íð, 15. íð, 16. íð, 17. íð, 18. íð, 19. íð, 20. íð, 21. íð.

**SKÁK**

**Gunnar Björnsson**

Stefán Bergsson (2.077) hafði svart gegn rússneska stórmeistararum Sergei Beshukov (2.424) á alþjóðlegu móti á Sardiníu.

**Svartur á leik**



21....Hxg2+!? (21...Rg4 hefði verið gott einnig—en þessi leikur leiðir til mikilla sviptinga) 22. Kxg2 Hg8+ 23. Kf3 Rg4 24. Ke2 Dh4 25. Bxe4 Bxe4 26. Bd4 Dxh2 (26...Rxh2!). Skákinni lauk með jafntefli eftir 43 leiki í æsispennandi skák. [www.skak.is](http://www.skak.is): Prír efstir í Noregi.



# LEIRVOGSTUNGA Í MOSFELLSBÆ



## LÓÐIR TIL SÖLU

**Raðhús og parhús:**  
130, 160, 180 og 200 m<sup>2</sup>  
á einni hæð.

**Raðhús og parhús:**  
230 – 390 m<sup>2</sup>  
á tveimur hæð.

**Einbýli:**  
230 – 390m<sup>2</sup>  
á einni og tveimur hæðum

**FASTENGI.IS**

Leirvogstunga í Mosfellsbæ er eitt glæsilegasta byggingarland höfuðborgarsvæðisins. Hér rísa samtals 400 sérbýli á frábærum útsýnisstað. Fjölskylduvænt og heillandi umhverfi og stutt í útivistarperlur.

Tunguvegur kominn sem tengir hverfið beint við kjarna Mosfellsbæjar.

Frábærar lóðir á góðum verðum.  
Lóðirnar eru byggingarhæfar strax.

Nánari upplýsingar á [www.fastengi.is](http://www.fastengi.is) og hjá söluaðilum:



Sími 570 4500 | [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)



Sími 534 1020 | [www.jofur.is](http://www.jofur.is)



Sími 586 8080 | [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



Sími 569 7000 | [www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)



Sími 570 4800 | [www.gimli.is](http://www.gimli.is)



Sími 527 3060 | [www.fastengi.is](http://www.fastengi.is)

# MENNING

## Vangaveltur um hið smáa og stóra

Tónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music hefst í þriðja sinn á föstudaginn og stendur fram á mánudag. Hátíðin er í samstarfi Hörpu og Víkinga Heiðars Ólafssonar píanóleikara sem segir alveg einstaklega auðvelt að lokka hingað frábæra erlenda listamenn eftir að Harpa varð að veruleika.

„Ég stofnaði þessa hátíð 2012 eftir að hafa hugsað um hana í mörg ár,“ segir Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari um tónlistarhátíðina Reykjavík Midsummer Music sem hefst á föstudaginn. „Þegar Harpa var risin vissi ég að hún væri akkúrat rétti staðurinn til að laða kollega mína erlendis til landsins, enda vilja allir koma og spila á þessari hátíð sem ég leyfi mér að álykta að sé bæði vegna listræns metnaðar viðkomandi tónlistarmanns og löngunar til að koma til Íslands og spila í Hörpu. Það hefur reynt alveg ótrúlega auðvelt fyrir mig að fá frábæra listamenn til landsins til þess að gera eitthvað skemmtilegt.“

Þema hátíðarinnar í ár er Minimal-Maximal og eru hugleiðingar um hið stóra og hið smáa rauði þráðurinn í gegnum fjölbreytta dagskrá alls nýu tónleika, þar sem saman kemur tón- og hljóðlist úr ýmsum áttum, frá strengjakvartettum til plötusnúða. „Mér er umhugað um að engin árgerð af hátíðinni líkist öðrum árgerðum hennar,“ segir Víkingur Heiðar. „Mér finnst gaman að reyna að finna óvæntar tengingar og búa til boga yfir þessa nýu tónleika. Í ár hverfist allt um þetta stóra og smáa og vangaveltur um það hvað er stórt og hvað smátt.“

Á opnunartónleikunum á föstudaginn leikur Víkingur Goldberg-tilbrigði Bachs og auk þess sem japanska fiðlustjarnan Sayaka Shoji, sem leikur á Stradivariusfiðlu frá 1729, leikur Chaconne Bachs. Síðan reka hverjir tónleikarnir aðra, þrennir á laugardag, þrennir á sunnudag og tvennir á mánudag, en Víkingur segir hápunktinn sennilega vera tónleika Mahler Chamber Orchestra og finnska fiðluleikarans Pekka Kuusisto í Eldborg á sunnudaginn. „Það eru rosaspenn-

„Þegar Harpa var risin vissi ég að hún væri akkúrat rétti staðurinn til að laða kollega mína erlendis til landsins.“

andi tónleikar, finnst mér,“ segir hann. „Þau eru með prógramm sem er mjög minimal/maximal þar sem Bach er teflt saman við bandarísku minimalistana John Adams og Steve Reich.“

Menningarhúsið Skúrinn tekur þátt í hátíðinni með sínum hætti, en honum hefur þegar verið komið fyrir við Hörpu. „Skúrinn er náttúrulega hjarta hátíðarinnar,“ segir Víkingur Heiðar. „Um leið og ég var búinn að ákveða þetta minimal/maximal þema þá kom ekkert annað til greina en að Skúrinn yrði æfingaaðstaða hátíðarinnar. Hann tekur sér mjög maximal stöðu við hliðina á Hörpu og varpar annars vegar ljósi á líf tónlistarmannsins; að vera 99 prósent af tímnum að æfa sig við spastískar aðstæður, og eitt prósent að spila í Hörpu eða einhverjum fínum solum. Hins vegar er Skúrinn opinn æfingasalur með tveimur píanóum í misgöðu ástandi þar sem ég æfi mitt prógramm í eftirmiðdaginn – og fæ vonandi fleiri með mér þegar hátíðin hefst – svo fólk getur komið og fylgst með hátíðinni verða til. Mér finnst klassísk tónlist vera dálítið bundin af því að einblína á hina endanlegu útkomu, þessar níutíu mínútur á sviðinu á tónleikum, og mér finnst skemmtilegt að veita fólki þínu innsýn í ferlið. Það er svo margt í því sem hefur ekki mikið verið miðlað.“

Meðal erlendra listamanna hátíðarinnar í ár er ísraelski víóluleikarinn Amihai Grosz,



REYKJAVÍK MIDSUMMER MUSIC „Í ár hverfist allt um þetta stóra og smáa og vangaveltur um það hvað er stórt og hvað smátt,“ segir Víkingur Heiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sem er leiðari í Berlínar-Fílharmóníunni og meðal innlendra listamanna má nefna Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Bryndísi Höllu Gylfadóttur, Davíð Þór Jónsson, Pétur Grétarsson, Ghostigital og Finnþóga Pétursson. Hátíðinni lýkur svo með úrvinnslu þýska plötusnúðsins DJ Georg Konrad á efni

hennar, þar sem hann nýtur liðsinnis einleikara úr Mahler Chamber Orchestra.

Allar upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar og listamennina sem fram koma er að finna á heimasíðunni reykjavikmidsummermusic.com.

fridrikab@frettabladid.is

## Veldu notaðan Mercedes-Benz



Mercedes-Benz



### Mercedes-Benz ML 350 BLUETEC 4MATIC

Árg. 2012, ekinn 12 þús. km, dísil, 259 hö., sjálfskiptur, Intelligent light system (framljós aðlagast bílum fyrir framan), íslandskort, dráttarbeisli, lykllaust aðgengi, Xenon og led ljós, minni og rafmagn í sætum ofl.

► Verð: 13.490.000 kr.



### Mercedes-Benz E 250 CDI 4MATIC

Árg. 2013, ekinn 11 þús. km, dísil, 205 hö., sjálfskiptur, Led og Xenon ljós, minni og rafmagn í sætum, panorama sólþak, Elegance útfærsla, leður, bluetooth ofl.

► Verð: 11.490.000 kr.



### Mercedes-Benz A 220 CDI

Árg. 2013, ekinn 8 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, Urban pakki (sportsæti, 17" álfelgur, tvöfalt púst), bakkmyndavél, bluetooth, hiti í sætum ofl.

► Verð: 5.290.000 kr.



### MERCEDES-BENZ CLS 350 BLUETEC 4MATIC

Árgerð 2013, ekinn 12. þús. km, dísil, 252 hö., sjálfskiptur, leðuráklæði, sóllúga, minni í sætum, ljósapakki Xenon, 19" álfelgur, bluetooth ofl.

► Verð: 13.890.000 kr.



### MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4MATIC

Árg. 2012, ekinn 25. þúsund km, dísil, 170 hö., sjálfsk., inniljósapakki, hiti í framsætum, skyggðar rúður, krómpakki utan, bluetooth ofl.

► Verð: 7.390.000 kr.



### Mercedes-Benz 420 SE

Árg. 1988, ekinn 197 þús. km, bensín, 225 hö., sjálfskiptur. Mikið endurnýjaður. Eins og nýr innan sem utan. Eintak sem vert er að skoða!

► Verð: 1.990.000 kr.



NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

# @tt.is

## MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI GEGGJUÐ SUMARTILBOÐ!



**Intel Turnvél 3**  
Hörku góð vél á tilboðsverði.  
Intel Quad 4570 örgjörvi, 8GB  
vinnsluminni, 1TB harðurdiskur,  
Radeon 260X skjáskort og  
windows 8.1 stýrikerfi.



~~139.950,-~~  
**129.950,-**



**msi**

**MSI Z87-G45 Gaming**  
Fullkomið móðurborð fyrir leikina.  
Killer E2200 netkort og Sound  
Blaster hljóðkort fyrir leikina.

~~27.950,-~~  
**24.950,-**



**INTEL Core i5 4590**  
Nýr og endurbættur 4  
kjarna 3.7GHz Haswell  
örgjörvi með 6MB  
flýtiminni.

**35.950,-**



**CoolerMaster  
Saida120V**  
120V vökvakæling  
fyrir örgjörva. Með  
stillanlegri 120mm  
PWM viftu.

~~13.950,-~~  
**9.950,-**

SUMAR  
TILBOÐ



**CoolerMaster  
K350**  
Stakur turnkassi  
með gluggahlöð.

~~9.450,-~~  
**7.950,-**



**Fortron  
Raider S750**  
Hljóðlátur aflgjafi.  
Allt að 88% nýtni.

~~16.950,-~~  
**13.950,-**



**CoolerMaster Elite mini**  
Gríðarlega öflug mini itx vél.  
Intel Core i5 4590 Quad  
örgjörvi, 16GB vinnsluminni,  
1TB harðurdiskur, Geforce  
760GTX skjáskort og  
Windows 8,1 stýrikerfi.

**SMÁ EN KNÁ!**



**169.950,-**

**ASUS**

**TAKMARKAÐ  
MAGN!**



**ASUS GEFORCE 760GTX**  
Gríðarlega öflugt skjáskort á frábæru  
verði. 1072MHz core klukka. 2GB  
minni. Direct CU II kæling.

~~42.950,-~~  
**39.950,-**



Fartölvur



Spjaldtölvur



Borðtölvur



Uppfærslur



Flakkarar



Jaðartæki



Turnkassar



Algjafir



Móðurborð



Örgjörvar



Kælingar



Vinnsluminni



Skjái



Skjávarpar



Netbúnaður



Rekstrarvörur



Hugbúnaður



Kaplar og tengi



Hljóðkort



Harðir diskar



SSD diskar



Skjáskort



Geisladrif



Stýrispjöld

## Eitthvað til að bíta í með boltanum

Um að gera að búa til sitt eigið snakk og ídyfu.



### Gráðaostsidýfa

1 lítill pakki rjómaostur, mjúkur  
1/2 bolli fersk steinselja  
1/4 bolli laukur  
1/2 bolli sýrður rjómi  
2 msk. hvítvínseðik  
1 hvítlaugsgeiri  
1 tsk. sterk sósa, til dæmis tabasco  
1 tsk. sítrónubörkur  
1/2 tsk. pipar  
1/2 bolli niðurskorinn gráðaostur

Setjið öll hráefnin nema gráðaost í matvinnsluvél og blandið vel saman. Bætið síðan gráðaostinum við og blandið létt saman. Berið fram með snakki, grænmeti eða kjúklinga-vængjum.

Fengið af <http://www.thesweetslife.com>

### Chili- og súraldinflögur

3 russet-kartöflur  
Ólífúolía  
Safi úr hálfu súraldini  
1/4 tsk. rautt chiliduft  
sjávarsalt

Hitið ofninn í 190°C. Hreinsið og skrælið kartöflur. Skerið þær í afar þunnar sneiðar. Setjið bökunarpappír á ofnplötu og burstið með olíu. Setjið kartöflusneiðarnar á plötuna, án þess þó að stafla hverri ofan á aðra. Setjið smá olíu og sjávarsalt ofan á sneiðarnar og bakið í fimmtán til tuttugu mínútur. Setjið sneiðarnar á eldhúspappír og leyfið mestu olíunni að fara úr þeim, blandið síðan súraldinsafanum og chilidufti saman við á meðan sneiðarnar eru enn heitar. Leyfið þeim að kólna áður en þær eru bornar fram.

Fengið af <http://www.paperplatesblog.com>



## Fylgstu með þessum á HM


Heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefst á morgun í Brasilíu. 32 landslið keppa um titilinn og lýkur mótinu þann 13. júlí. Fréttablaðið kíkti á nokkra fótbolta-menn sem eru ekki aðeins góðir með knöttinn heldur einnig afar fagrir á velli.

### Æðislegur Úrúgvæi



**EDINSON CAVANI**  
SÓKNARMAÐUR  
ÚRÚGVÆ  
ALDUR: 27 ÁRA  
HÆÐ: 1,84 M  
LIÐ: PARIS SAINT-GERMAIN

### Maðurinn á miðjunni




**JAMES TROISI**  
SÓKNARSINNNAÐUR MIÐJUMAÐUR  
ÁSTRALÍA  
ALDUR: 25 ÁRA  
HÆÐ: 1,80 M  
LIÐ: ATALANTA

### Reffilegur Rússi



**ALEKSANDR KERZHAKOV**  
SÓKNARMAÐUR  
RÚSSLAND  
ALDUR: 31 ÁRS  
HÆÐ: 1,76 M  
LIÐ: ZENIT ST. PETERSBURG

### Sykursætur Sergio



**SERGIO RAMOS**  
VARNARMAÐUR  
SPÁNN  
ALDUR: 28 ÁRA  
HÆÐ: 1,83 M  
LIÐ: REAL MADRID

### Mais Oui



**OLIVIER GIROUD**  
SÓKNARMAÐUR  
FRAKKLAND  
ALDUR: 30 ÁRA  
HÆÐ: 1,92 M  
LIÐ: ARSENAL

### Vígalegur í vörninni



**GABRIEL ACHILIER**  
VARNARMAÐUR  
EKVADOR  
ALDUR: 29 ÁRA  
HÆÐ: 1,80 M  
LIÐ: EMELEC

### Stöngin inn



**ALFREDO TALAVERA**  
MARKMAÐUR  
MEXÍKÓ  
ALDUR: 31 ÁRS  
HÆÐ: 1,88 M  
LIÐ: TOLUCA

### Tyrkneski tarfurinn



**GÖKHAN INLER**  
MIÐJUMAÐUR  
TYRKLAND  
ALDUR: 29 ÁRA  
HÆÐ: 1,83 M  
LIÐ: NAPOLI

### Kólumbískur kynþokki



**JAMES RODRÍGUEZ**  
SÓKNARSINNNAÐUR MIÐJUMAÐUR  
KÓLUMBÍA  
ALDUR: 22 ÁRA  
HÆÐ: 1,80 M  
LIÐ: MONACO

### Hárprúður



**DIEGO FORLÁN**  
FRAMHERJI  
ÚRÚGVÆ  
ALDUR: 35 ÁRA  
HÆÐ: 1,80 M  
LIÐ: CEREZO OSAKA

### Bongiorno



**CLAUDIO MARCHISIO**  
MIÐJUMAÐUR  
ÍTALÍA  
ALDUR: 28 ÁRA  
HÆÐ: 1,79 M  
LIÐ: JUVENTUS

### Rándýrt augnaráð



**NEYMAR**  
FRAMHERJI  
BRASILÍA  
ALDUR: 22 ÁRA  
HÆÐ: 1,75 M  
LIÐ: BARCELONA



## ORKUBÚNT FUJITSU GÆÐARAFHLÖÐUR

Fujitsu alkaline rafhlöðurnar eru öflugar, endast vel og eru auðvitað á góðu verði.



Fást í fjölda verslana um land allt. Dreifing á Íslandi:



VÉLAR & VERKEFARI

Skútuvogi 1c · 104 Reykjavík · Sími 550 8500 · Fax 550 8510 · vv@vv.is · www.vv.is

Láttu það  
eftir þér...

Nýjasta  
nýtt frá  
KFC

# Hraun

## KRUSHER

Stór  
**499**  
kr.

Lítill  
**349**  
kr.

Ljúffengur  
Krusher með  
Hraunkurli og  
lakkríssósu!



**svooogott™**

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM  
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ  
REYKJANESBÆ • SELFOSSI [WWW.KFC.IS](http://WWW.KFC.IS)

**SAMbio.is**  
FRÁBÆR RÖMANTÍSK GAMANYND

**SANDLER BARRYMORE**  
**BLENDED**  
FANNST ÞÉR GAMAN AF 50 FIRST DATES OG WEDDING SINGER? 10

VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG  
EKKI TRÚA ÆVINTÝRINU  
**MALEFICENT**  
ANGELINA JOLIE OG ELLE FANNING  
★★★★★  
HOLLYWOOD REPORTER  
★★★★★  
NEW YORK DAILY NEWS

★★★★★  
EMPIRE  
★★★★★  
TOTAL FILM  
LIVE. DIE. REPEAT.  
TOM CRUISE EMILY BLUNT  
★★★★★  
VARIETY  
★★★★★  
BIOGRAFYNI VALDIMARS

**GODZILLA** 12  
**MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST** 16

<b>SAMbio.is</b> ALFABAKKA	<b>SAMbio.is</b> EGILSHÖLL
MALEFICENT KL. 5:30-8-10:10 2D: 7	MALEFICENT KL. 5:30-8-10:30
MALEFICENT VIP 2D KL. 5:50-8	MALEFICENT 2D KL. 5:50-8-10:10
BLENDED KL. 5:30-8-9:10-10:30	EDGE OF TOMORROW 3D KL. 5:30-8-10:30
EDGE OF TOMORROW 2D KL. 5:30-8-10:30	A MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST KL. 5:30
EDGE OF TOMORROW VIP 2D KL. 10:10	X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST 2D KL. 8-10:45
GODZILLA 2D KL. 10:10	<b>SAMbio.is</b> KRINGLUNNI NÖMERUB SÆTI
WALK OF SHAME KL. 5:50	BLENDED KL. 5:30-8-10:30
BAD NEIGHBOURS KL. 8	MALEFICENT 2D KL. 5:50-8
<b>SAMbio.is</b> AKUREYRI	EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8-10:10
BLENDED KL. 8-10:30	GODZILLA 2D KL. 5:20-10:30
MALEFICENT 3D KL. 5:50-8	<b>SAMbio.is</b> KEFLAVÍK
EDGE OF TOMORROW 3D KL. 10:10	MALEFICENT 3D KL. 8
GODZILLA 2D KL. 5:30	BLENDED KL. 8-10:10
	22 JUMP STREET KL. 10:30

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á **SAMbio.is**

# Fjögurra ára í fitusog

**BAKPANKAR** Ragnheiðar Tryggvadóttur



**K**rakkarnir hanga í tölvunni, við fáum þá frið á meðan. Þetta hef ég oft hugsað. Núna síðast í langri bílferð norður yfir heiðar. Tvö lítil skott sátu steinþegjandi í aftursætinu með heyrnartól á eyrunum og dunduðu sér í spjaldtölvu. Á meðan söfnuðust kílómetrarnir að baki. Mig hafði óað fyrir því að hafa ofan af fyrir þeim klukkutímum saman í bílnum. Með þessu keypti ég mér stundarfrið. Tölvuhangs barna er þó ekki alltaf vel séð. Hver kannast ekki við umræðuna um áhrif ofbeldisleikja á unga og ómótaða huga?

**É**g á erfitt með að leggja mat á þau áhrif. Þegar ég var krakki snerust tölvuleikir í mesta lagi um að frelsa górilla úr búri og passa sig á krókóðflum á leiðinni, eða hreyfa litla stiku upp og niður og passa að litli depillinn hitti ekki í mark. Didd, didd, didd, didd, heyrðist á meðan. Leikjaveröld nútímans er mér einfaldlega framandi. Er þetta nokkuð „ljótur“ leikur? spyr ég stundum þegar krakkarnir

virðast í miklum ham við skjáinn. Með „ljótum“ leik á ég yfirleitt við hvort verið sé að drepa einhvern.

**DRÁPSLEIKIR** eru nefnilega sívinsælir og þó ég hafi ekki „drepíð“ marga í tölvuheiminum þegar ég var krakki, hef ég þó nokkur „mannslíf“ á samviskunni eftir æsilega byssubófaeiki í denn. Ekki það að ég hafi alltaf verið að „drepa“ fólk. Ég lék mér líka með Barbí og dúkkulísur sem töldust til saklausari leikja en byssó. Eða hvað? Er dúkkulísuleikurinn, pappírstúlka á nærfötum sem hægt var að máta á mismunandi föt, forveri vafasamra leikja sem vinsælir eru í dag?

**Á** Vísi las ég frétt í gær um tölvuleiki fyrir ung börn. Ekki nóg með að leikirnir séu illilega kynjaskiptir, það er punt og pjatt fyrir stúlkur, þrautir og hugsun fyrir drengi, heldur hefur í alvörnunni verið búinn til fegrunaraðgerðaleikur sem snýst um fitusog fyrir fjögurra ára stúlkur!

**É**g held að ég þurfi að endurskoða alvarlega hvað ég kalla „ljótan“ leik í tölvunni.



**NÁ VEL SAMAN** Hljómsveitina Amaba Dama skipa tíu hressir einstaklingar en sveitin gaf nýverið út lagið Hossa hossa. MYND/MARGRÉT GUDMUNDSDÓTTIR

# Loksins fullþroska

Reggíhljómsveitin Amaba Dama var stofnuð árið 2011 en liðsskipan sveitarinnar er talsvert breytt frá því þá. Nú eru meðlimir sveitarinnar orðnir tíu talsins.

„Það má eiginleg segja að við séum orðin fullþroska hljómsveit í dag,“ segir söngkonan Steinunn Jónsdóttir, einn af stofnmeðlimum hljómsveitarinnar Amaba Dama. Um er að ræða tíu manna reggíhljómsveit sem var stofnuð árið 2011. „Við Gnúsi erum einu upprunalegu meðlimir sveitarinnar en hún varð til árið 2011 og voru okkar fyrstu tónleikar á Iceland Airwaves-hátíðinni það ár,“ bætir Steinunn við. Upphaflega voru einungis þrír meðlimir í sveitinni en þeim hefur fjölgað hægt og þétt. „Við erum tíu manna band í dag og þar af þrír söngvarar og höfum verið í þessari mynd í um það bil eitt ár.“

Er ekki erfitt að ná tíu manns saman á æfingar? „Það hefur gengið furðu vel, við náum vel saman og erum með sömu heimsýn. Við erum einnig með fasta

æfingatíma og þess vegna gengur þetta svona ljómandi vel,“ segir Steinunn.

Sveitina skipa auk Steinunnar þau Magnús Jónsson (Gnúsi Yones) og Salka Sól Eyfeld en þau syngja einnig, Ellert B. Schram leikur á hljómborð, Ingólfur Arason leikur á gítar, Hannes Arason leikur á trompet, Elías Bjartur Einarsson lemur húðir, Páll Sólmundur Eydal plokkar bassann, Hjálmar Óli Hjálmarsson leikur á slagverk og Björgvin Ragnar Hjálmarsson spilar á saxófón.

Gnúsi semur lögin en Steinunn aðstoðar hann svo við textasmíðar. „Við erum að taka upp plötu, og stefnum á að gefa hana út í haust. Við erum komin með efni í heila plötu.“

Hljómsveitin gaf nýverið út lagið Hossa hossa og er það áan-

**Við erum að taka upp plötu og stefnum á að gefa hana út í haust. Við erum komin með efni í heila plötu.**

Steinunn Jónsdóttir

legt á tónlist.is. „Við erum ótrúlega ánægð og þakklát með viðtökurnar á nýja laginu. Við erum byrjuð að huga að myndabandagerð þess dagana og því myndband við lagið væntanlegt.“

Amaba Dama kemur fram á tónleikum á Lofti Hosteli á fimmtudagskvöld og lofar Steinunn mikilli stemningu.

gunnarleo@frettabladid.is

**SMÁRA BÍÓ** **HÁSKÓLA BÍÓ**

**JUMP STREET 22** 12  
„ÉG HLOSVÓ MIKID AÐ ÉG SKAMMADIST MÍN!“  
- GUARDIAN

**GRACE OF MONACO** 7  
NICOLE KIDMAN  
FRÓDA LANGELLA  
FRÓDA DAHAN

**THE FAULT IN OUR STARS** 12  
C.P. USA TODAY

**MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST** 16

**X-MEN: DAYS OF FUTURE PAST** 12  
17.000 GESTIR!

**THE OTHER WOMAN** 14  
35.000 GESTIR!

<b>SMÁRA BÍÓ</b>	<b>HÁSKÓLA BÍÓ</b>
22 JUMP STREET KL. 5:30-8-10:30	22 JUMP STREET KL. 8-10:30
22 JUMP STREET LÚXUS KL. 5:30-8-10:30	GRACE OF MONACO KL. 5:40-8
FAULT IN OUR STARS KL. 5-8-10:40	FAULT IN OUR STARS KL. 6-9
MILLION WAYS TO DIE... KL. 10:45	VONARSTRÆTI KL. 5:20-8-10:40
TÖFRALANDIÐ OZ 2D ISL. TAL. KL. 3:20	THE OTHER WOMAN KL. 5:30-10:30
X-MEN 3D KL. 8-10:45	
X-MEN 2D KL. 5	
VONARSTRÆTI KL. 5:20-8	
LÁSI LÖGGUBILL KL. 3:20	

Miðasala á: **eMiði**  
Kauptu miða á X-Men með Netgiró

**LAUGARÁS BÍÓ** **midí.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**22 JUMP STREET** 12  
**MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST** 16  
**VONARSTRÆTI** 14

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar  
22 JUMP STREET 5:40, 8, 10:20  
MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST 5:20, 8, 10:30  
VONARSTRÆTI 5:20, 8, 10:40

5% **Sími: 553-2075** **www.laugarasbio.is**

**BÍÓ PARADÍS** EUROPA CINEMAS

**MONICA Z** 12  
**SHORT TERM** 12

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

**MASSIVE  
ATTACK**




*Schoolboy Q*



**WOODKID**

**DISCLOSURE** DJ



**JAMIE JONES**

**BANKS**



**HVAR VERÐUR ÞÚ Á LENGSTA DEGI SUMARSINS?**

**MÍÐASALA Á [WWW.SECRETSOLSTICE.IS](http://WWW.SECRETSOLSTICE.IS) OG Í LUCKY RECORDS**



FOUNDING SPONSOR



the warehouse project



EIMSKIP



## HM Í FÓTBOLTA Í BRASÍLÍU 1 DAGUR Í FYRSTA LEIK

**THOMAS MÜLLER** varð fyrir fjórum árum annar þýski leikmaðurinn í röð sem tryggir sér gullskóinn sem markahæsti leikmaður úrslitakeppni HM en landi hans Miroslav Klose varð markakóngur á HM 2006. Þjóðverjar höfðu aðeins einu sinni áður átt markakóng HM en Gerd Müller skoraði 10 mörk á Hm í Mexíkó 1970. Thomas Müller skoraði fimm mörk eins og bæði Spánverjinn David Villa, Hollendingurinn Wesley Sneijder og Úrúgvæinn Diego Forlán en vann gullskóinn af því að hann lagði upp fleiri mörk fyrir félag sína. Müller var með þrjár stoðsendingar en hinir þrír aðeins eina. Villa fékk silfurskóinn af því að hann spilaði fæstar mínútur og Sneijder lék færri mínútur en Forlán og fékk bronskóinn.



## FH getur komist í fimm stiga forystu í kvöld

**FÓTBOLTI** Fram og Keflavík skildu í gærkvöldi jöfn, 1-1, í fyrsta deildarleik sumarsins á Laugardalsvelli. Jóhann B. Guðmundsson kom Keflavík yfir snemma leiks en Ingiberg Ólafur Jónsson jafnaði fyrir Fram áður en hann var sjálfur rekinn af velli með rautt spjald undir lok leiksins.

Keflavík hefði jafnað FH á toppnum með sigri í leiknum en fyrir vikið á FH möguleika á að auka forystu sína á toppi deildarinnar í fimm stig með sigri á nýliðum Fjölnis í kvöld, fari svo að Stjarnan tapi fyrir KR. Fylkir og Breiðablik eigast svo einnig við í Árbænum.



**STEINROTADIST** Arni Freyr Ásgeirsson var borinn af velli eftir höfuðmeiðslu í gær. Hann náði þó meðvitund áður en hann var fluttur á sjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Mörkin: 0-1 Jóhann Birnir Guðmundsson (10.), 1-1 Ingiberg Ólafur Jónsson (43.).

Rautt spjald: Ingiberg Ólafur Jónsson, Fram (81.).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinnsson 6 - Ingiberg Ólafur Jónsson 5, Tryggvi Sveinn Bjarnason 5, Einar Bjarni Ómarsson 6, Ósvald Jarl Traustason 5 - Hafsteinn Briem 5, Jóhannes Karl Guðjónsson 6 (64., Aron Þórður Albertsson 5), Viktor Bjarki Arnarsson 5 (48., Haukur Baldvínsson 5) - Arnþór Ari Atlason 6, Björgólfur Hideaki Takefusa 6, Ásgeir Marteinsson 6 (83., Halldór Arnarsson -).

**KEFLAVÍK (4-3-3):** Arni Freyr Ásgeirsson 5 (55., Sindri Kristinn Ólafsson 5) - Endre Ove Brenne 5, Unnar Már Unnarsson 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Magnús Þórir Matthíasson 6 - Ian Paul McShane 5, Sindri Snær Magnússon 7, \*Jóhann Birnir Guðmundsson 7 - Elías Már Ómarsson 5, Hörður Sveinsson 5, Bojan Stefan Ljubicic 5 (69., Theodor Guðni Halldórsson -).

Skot (á mark): 15-11 (5-5) Horn: 4-8 Varin skot: Ögmundur 4 - Arni Freyr 0, Sindri 1.

## PEPSI-DEILD KVENNA ÚRSLIT

**AFTURELDING - ÍBV** 0-4  
0-1 Vesna Smiljkovic (23.), 0-2 Ármey Valdímarsdóttir (32.), 0-3 Sigríður Lára Garðarsdóttir (41.), 0-4 Kristín Erna Sigurísdóttir (82.).

**BREIÐABLIK - SELFLOSS** 2-3  
1-0 Aldís Kara Lúdvíksdóttir (26.), 1-1 Dagný Brynjarsdóttir (41.), 1-2 Erna Guðjónsdóttir (42.), 2-2 Guðrún Arnardóttir (85.), 2-3 Guðmunda Brynja Óladóttir (89.).

**STJARNAN - VALUR** 7-2  
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (22.), 2-0 Harpa Þorsteinsdóttir (25.), 2-1 Hildur Antonssdóttir (30.), 2-2 Dóra María Lárusdóttir (45.), 3-2 Elva Friðjónsdóttir (54.), 4-2 Glódís Perla Viggósdóttir (58.), 5-2 Sigrún Ella Einarsdóttir (72.), 6-2 Harpa Þorsteinsdóttir (80.), 7-2 Harpa Þorsteinsdóttir (89.).

**FYLKIR - FH** 3-0  
1-0 Rut Kristjánsdóttir (20.), 2-0 Lucy Gildein (61.), 3-0 Aníta Björk Axelsdóttir (91.).

## STAÐAN

Þór/KA	5	4	1	0	11-6	13
Stjarnan	5	4	0	1	18-3	12
Valur	5	3	1	1	16-9	10
Fylkir	5	3	1	1	5-3	10
Selfoss	5	3	0	2	12-8	9
Breiðablik	5	2	1	2	17-6	7
ÍBV	5	2	0	3	6-8	6
FH	5	2	0	3	5-21	6
ÍA	5	0	0	5	3-12	0
Afturelding	5	0	0	5	2-19	0

## NÆSTU LEIKIR

**Pepsi-deild karla:**  
Í kvöld: 19.15 Fjölnir - FH, Fylkir - Breiðablik. 20.00 Stjarnan - KR.

**Pepsi-deild kvenna:**  
Þriðjudagur 24. júní: 18.00 ÍBV - FH, Þór/KA - Breiðablik. 19.15: Afturelding - ÍA, Valur - Fylkir, Selfoss - Stjarnan.

## visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins



# Gefur mér mikið sjálfstraust

Viðar Örn Kjartansson hefur farið frábærlega af stað með Vålerenga á fyrsta tímabili sínu í Noregi. Viðar er markahæstur í norsku úrvalsdeildinni og fékk loksins tækifærið með íslenska landsliðinu um daginn.

**FÓTBOLTI** „Það er þrjátíu stiga hiti og sól og ég er einfaldlega að kafna úr hita, ég þarf eiginlega að halda mér inni vegna hita,“ sagði Viðar Örn Kjartansson, leikmaður Vålerenga, þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Viðar Örn hefur farið á kostum í liði Vålerenga á sínu fyrsta tímabili með liðinu.

„Ég er auðvitað mjög ánægður með að það gangi vel, maður stefndi alltaf að því að það myndi ganga vel en þetta er vonum framar. Hefði ég verið kominn með sex mörk í tólf leikjum væri ég fjandi sáttur en þetta er bara búið að vera mun betra en ég gat ímyndað mér og eiginlega eins gott og þetta verður,“ sagði Viðar, sem hefur skorað 19 mörk í 15 leikjum í öllum keppnum.

„Þegar þeir fengu mig hingað höfðu þeir gríðarlega trú á mér. Þjálfarinn gerði mig að aðalskotmarki sínu. Þeir voru gríðarlega þakklátir fyrir að ég beiddi eftir þeim og að ég valdi Vålerenga. Ég sé ekki eftir því, það hafa allir trú á mér hérna sem hjálpar gríðarlega upp á sjálfstraustið. Það er oft þannig að þegar maður fer í sterkari deild tekur oft tíma að aðlagast nýrri deild og nýjum aðstæðum. Ég var mjög heppinn. Ég náði að setja tvö mörk í öðrum leik sem setti örliðið tóninn fyrir það sem koma skyldi og hef ekki stoppað síðan þá.“

## Stutt á milli

Aðeins fjögur ár eru frá því að Viðar lék í fyrstu deildinni með Selfoss á Íslandi, nýstígginn upp úr erfiðum meiðslum.

„Á Íslandi þarftu að skora mörg mörk til þess að komast út en þú byrjar alltaf aftur á byrjunarreit. Norðmenn líta svolítið niður á íslensku deildina þótt mér finnist hún vera sterk,“ sagði Viðar sem telur að það hafi gert honum gott að fara ekki út fyrr en raun bar vitni.

„Ég þroskaðist gríðarlega sem leikmaður eftir tvítugt og þótt það hafi tekið tíma er ég einfaldlega meira tilbúinn núna. Ég lagði gríðarlega mikið á mig til að þetta yrði að veruleika og ég mun ekki slaka á, ég ætla mér að ná lengra,“ sagði Viðar en aðeins fjögur ár eru frá því að hann spilaði í fyrstu deildinni með Selfoss.

„Ég þurfti að taka skref aftur á bak eftir að ég sleit krossband. Ég spilaði í fyrstu deildinni með Selfoss til að komast aftur á sporið. Maður var ekki allt of bjartsýnn á framhaldið þá en ég tók eitt skref í einu.“

Viðar skaut fram á sjónarsviðið með góðri frammistöðu á síðasta tímabili þegar hann var markahæstur í Pepsi-deildinni en fékk silfurskóinn þar sem Atli Viðar Björnsson skoraði jafn mörg mörk en spilaði minna.

„Tímabilið í fyrra er það sem kemur mér út í atvinnu-mennsku í raun og veru. Ég var búinn að eiga ágæt tímabil en aldrei búinn að ná að springa út og vera meðal þeirra bestu í deildinni. Ég átti

frábært tímabil í fyrra og það hjálpaði mér gríðarlega mikið þegar ég kom út.“

## Áhugi eykst

Framtíðin er óviss, Viðari líður vel í Ósló en hugurinn leitar lengra. „Maður fær auðvitað töluverða athygli þegar vel gengur og það er gaman að því. Svo er gott að félagið er í stórborg en ekki einhverju krummaskuði úti á landi – það er allt hérna nálægt sem maður þarf. Ég gat ekki valið betri klúbb til að byrja atvinnu-mannaferilinn.“

Gott gengi Viðars hefur ekki farið fram hjá öðrum liðum. Í gær voru útsendarar mættir í stúkuna til þess að fylgjast með Viðari.

„Ég heyrði að einhver úrvalsdeildarlið hefðu verið að fylgjast með mér en ég reyni að láta umbodsmanninn minn sjá um þessi mál. Ég er ekkert að æsa mig of mikið með einhverjum sögusögnum. Eins og hann orðaði það þá eru lið að fylgjast með mér, þau eru nokkur, en við ætlum ekki að þæla neitt meira í þessu nema eitthvað komi upp á borðið. Ég reyni að hugsa bara um einn leik í einu og gera eins vel og ég get fyrir liðið, það er eina sem ég get hugsað um,“ sagði Viðar hógvær.

„Það væri auðvitað gaman að fara í sterkari deild en þetta er líka spurning um tímasetningu, hvenær er rétt að taka næsta skref. Að fara í allt of stórt lið þegar ég er ekki tilbúinn gæti einfaldlega rústað ferlinum en það gæti líka verið frábært skref. Maður verður að velja vandlega næsta skref.“

## Fyrsti landsleikurinn í sex ár

Viðar spilaði sinn fyrsta leik fyrir landslið Íslands á dögunum en sex ár eru síðan hann lék síðast með yngri landsliðum Íslands.

„Þetta var auðvitað þvílíkur heiður að vera valinn í svona sterkt landslið. Hópurinn er mun sterkari en hann var fyrir nokkrum árum. Ég þældi ekkert í þessu, markmiðið var bara að standa sig vel og sjá hvort kallið kæmi. Þegar það kom var ég auðvitað stoltur og mér fannst ég komast ágætlega út úr því verkefni,“ sagði Viðar.

„Heimir og Lars óskuðu mér góðs gengis og hvöttu mig áfram. Ef þú stendur þig vel í Noregi eru meiri líkur á að þú fáir kallið næst og ég reyni bara að gera mitt besta til þess. Ég er bara gríðarlega stoltur yfir að hafa fengið að leika fyrir Íslands hönd og vonandi fæ ég tækifæri að spila fleiri leiki fyrir Ísland,“ sagði Viðar að lokum.

kristinnpall@365.is

**ÓSTÖÐVANDI** Viðar Örn hefur skorað níttján mörk í fimmtán leikjum á tímabilinu til þessa í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tæplega sex þúsund boltar og nýtt nafn

Ný stúka var vígð við Fylkisvöllinn í gær en í kvöld leikur meistaraflokkur karla sinn fyrsta leik í Árbænum.

**FÓTBOLTI** „Menn vilja breyta nafninu með nýju stúkuni. Það hefur verið talað um að kalla þetta Dalinn. Lautin þykir víst of mjúkt nafn, ekki veit ég hvaðan það kemur,“ sagði Björn Gíslason, formaður Íþróttafélagsins Fylkis, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Í gærkvöldi lauk loksins langri bið er ný stúka var vígð á Fylkisvöllinum en félagið hefur verið á undanþágu undanfarin ár.

„Við erum búin að vera á undanþágu undanfarin ár og núna er það úr sögunni. Þetta er gríðarlegur léttir og vonandi lyftistöng fyrir knattspyrnuna í Árbænum. Fylkir er rótróðið félag í Pepsi-deildinni sem er búið að vera í fjórtán ár í úrvalsdeildinni og því kominn meiri pressa á okkur. Þetta væri eflaust öðruvísi ef við hefðum fallið öðru hvoru, þá væru ekki sömu staðlarnir á hverju ári.“

Stúkan fékk eldskírni sína í gærkvöldi en stuðningsmenn Fylkis hafa unnið hörðum

höndum í sjálfboðavinnu að reisa hana. „Það er ómetanlegt fyrir félag eins og Fylki að eiga svona stuðningsmenn. Ekki aðeins fjárhagsaðstoðin sem veitt var heldur einnig við að setja niður sætin. Þetta voru 1900 sæti með þrjú bolta í hvert sæti. Menn voru að í þrjú kvöld og settu tæplega 6.000 bolta. Mönnum er annst um félagið, það var gríðarlegur fjöldi sem mætti og félagið er mjög þakklátt.“

Fólkið í Árbænum tók vel í söfnunina og stuðningsmennirnir komu svo og gáfu vinnu sína til að reisa stúkuna. Þetta er alveg einstakt að eiga svona stuðningsmenn og velunnara að,“ sagði Björn.

Fylkisvöllur kom illa undan vetri eins og margir aðrir grasvellir á höfuðborgarsvæðinu en í kvöld leikur meistaraflokkur karla sinn fyrsta leik í Árbænum eftir útleiki í fyrstu sex umferðunum í Pepsi-deild karla. Fylkir tekur þá á móti Breiðabliki.

-kpt



**3-0 SIGUR** Fylkir fagnaði nýju stúkuni með því að vinna FH í Pepsi-deild kvenna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



# LG HM TILBOÐ Á SJÓNVÖRÐUM



## ÓTRÚLEG SKERPA OG GÆÐI

50" Full HD Plasma sjónvarp 1920x1080p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II. Superb Contrast. 2.000.000:1. Real Cinema 24p. Digital móttakari DVB-T2. Progressive Scan. 20w Nicam Stereó, Virtual Surround. USB tengi fyrir afspilun á DivX HD, JPEG, MP3, WMA. Scart, 2x HDMI, Component tengi, CI rauf, CVBS, Optical tengi o.fl.

### 600Hz MAX

Með 600 riðum tryggir þetta LG sjónvarp þér skýra og góða mynd, jafnvel þegar verið er að horfa á hraðar myndir eins og fótbolta eða spila tölvuleiki.

### Triple XD Engine

Öflugur Triple XD myndvinnslubúnaður nær fram ótrúlegum gæðum í litum og skerpu 3.000.000:1.

### Protective Glass

Tækið er með gler framan á skjánum sem verndar tækið og dregur úr líkum á að tækið skemmist.

**LG-50PN650T**

**129.990**

FULLT VERÐ 149.990



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [WWW.SM.IS](http://WWW.SM.IS)



**LG**

Life's Good

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

# EIGNAMÍÐLUN

Frá 1957

Sala fasteigna í **57** ár

Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Haðaland 3 - 108 Rvk**

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG**



Fallegt og mjög vel staðsett einbýlishús á einni hæð neðst við fossvoginn. Mjög gott skipulag og fallegur stór garður með skjólgóðum veröndum. Mikið af fallegum trjám, m.a. eplatré. Fjögur svefnherbergi. Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er húsið skráð 187 fm. **Eignin verður sýnd í dag, miðvikud. 11.júní, milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 88 m. 4122**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

101 Reykjavík

## Garðastræti 16



**OPIÐ HÚS**

Fimmtudag 12. júní 17:00 - 17:45

Nánari upplýsingar veitir **Ólafur Finnbogason**, Sölufulltrúi olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

Falleg 102 fm neðri hæð  
Fallegt og reisulegt fjórbylishús  
Mikil lofthæð í íbúðinni  
Frábær staðsetning

**Óskar R. Harðarson** Verð: **39,5 millj.**  
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is  
**MIKLABORG** Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

170 Seltjarnarnes

## Miðbraut 4



**OPIÐ HÚS**

Fimmtudag 12. júní 18:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir **Ólafur Finnbogason**, Sölufulltrúi olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

180 fm neðri sérhæð með bílskúr  
Falleg og mikið endurnýjuð  
Stór verönd í suður og pallur  
Stutt í náttúrperlu Seltjarnarnes

**Óskar R. Harðarson** Verð: **54,5 millj.**  
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is  
**MIKLABORG** Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar  
- með þér alla leið -

# Stefnir enn á ÓL í Ríó

Ingi Rúnar Kristinsson varð um helgina Norðurlandameistari síns aldursflokks í fjölþraut. Meiðsli hafa sett stórt strik í reikninginn hjá honum síðustu árin en árangurinn um helgina gefur góð fyrirheit um framtíðina í tugþrautinni.

**FRJÁLSÍPRÓTTIR** „Þetta var tær snilld. Það hafði varla verið góður dagur í vor en svo komu tveir frábærir þegar mótið fór fram,“ sagði tugþrautarkappinn Ingi Rúnar Kristinsson í Breiðabliki um veðurblíðuna í Kópavogi um helgina en þar fór Norðurlandamótið í fjölþraut fram. Ingi Rúnar bar sigur úr býtum í flokki 20-22 ára og náði þriðja besta árangri Íslendinga frá upphafi í þeim aldursflokki. Aðeins Örn Clausen og Einar Daði Lárusson hafa gert betur.

„Góða veðrið gerði gæfumuninn. Það hjálpar til að halda manni heitum og svo er maður bara betur upplagður,“ bætti Ingi Rúnar við, en hann fékk 7.156 stig fyrir þrautina sína um helgina. Alls náði hann að bæta sig í þremur greinum og sinn besta árangur í þraut um 201 stig. Miklu máli skiptir þó að hann vann þó nokkra persónulega sigra eftir meiðslabaráttu síðustu ára.

### Fyrsta bæting í fjögur ár

„Fram að sautján ára aldri hafði ég verið nokkurn veginn alveg laus við meiðsli en þá meiddist ég á olnboga sem gerði mér erfitt fyrir í spjótkastinu. Ég gat núna um helgina loksins beitt mér almennilega í spjótinu og bætti mig í greininni í fyrsta sinn í fjögur ár,“ sagði hinn 21 árs gamli Ingi Rúnar sem kastaði 49,99 metra.

„Svo hef ég líka verið með svokallað stökkvarahné en náði að stökkva á þeim fæti í fyrsta sinn í tvö ár. Ég tók þátt í tveimur þrautum í fyrra og hástökkið mitt í betri þrautinni var 1,77 metrar en nú fór ég yfir 1,91. Það er heilmikill munur og færði mér meira en 100 stig,“ útskýrir hann.

Hann bætti sig einnig í kúluvarpi og langstökki og var hvað ánægðastur með árangurinn í síðarnefndu greininni. „Ég bætti mig um 32 cm og komst yfir sjö metra í fyrsta skipti. Það hafði verið draumur hjá mér í langan tíma og frábært að ná því loksins.“

### Hársbreidd frá EM-lágmarki

Ingi Rúnar var þó ekki alveg laus við meiðslin um helgina en hann segir að honum hafi gengið mun betur í stökk- og kastgreinum en hlaupgreinum.

„Ég hef verið meiddur aftan í læri og því hefur hlaupaþjálfunin verið aðeins á eftir hinum greinum. Ég get skrifað vandræðagang í grindahlaupinu um helgina á klaufaskap en í 1.500 metra hlaupinu fékk ég krampa aftan í lærin þegar tveir hringir voru eftir og ég ætlaði að taka af skarið,“ segir Ingi Rúnar.

„1.500 m hlaup hefur ávallt verið nokkuð sterk grein hjá mér en ég ákvað að beita mér ekki af fullum krafti á endasprettinum til að hlífa mér við frekari meiðslum. Ég vildi ekki taka neina áhættu,“ segir Ingi Rúnar og bætir við að krampinn



**HÁRSBREIDD FRÁ LÁGMARKI** Inga Rúnar Kristinsson vantar lítið upp á að komast á EM U-23 ára næsta sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

hafi líklega gert það að verkum að hann rétt svo missti af lágmarkinu fyrir EM U-23 ára sem fer fram næsta sumar.

„Ég varð af rúmlega 100 stigum í 1.500 m hlaupinu og endaði aðeins 44 stigum frá lágmarkinu sem er 7.200 stig. Ég ákvað samt að svekkja mig ekki á því og vera fremur ánægður með gullið og góða bætingu í þrautinni,“ segir hann.

### Starfar á keppnisvöllum

Ingi Rúnar er Kópavogsbúi og var því á heimavelli á Kópavogsvöllum um helgina. Yfirndar hefur hann starfað á völlum síðastliðin fjögur sumar og vann til að mynda að því að undirbúa völlum fyrir mótið sem hann svo sigraði í.

„Það var svolítið skrítið að sinna sínum eigin undirbúningi fyrir keppnina og að undirbúa völlum á sama tíma. Yfirleitt reynir maður að vinna minna vikuna fyrir keppni og ég átti von á að það yrði erfitt í mínu tilfalli, en sem betur fer fór það allt saman vel.“

Hann hefur sett stefnuna hátt og

„Ég ákvað að svekkja mig ekki á því og vera fremur ánægður með gullið og góða bætingu.“

Ingi Rúnar Kristinsson

segir það háleitt markmið hjá sér að komast yfir 7.500 stig í sumar. „En það væri líka gott að komast þó að minnsta kosti yfir 7.200 stig og ná lágmarkinu,“ segir hann. „Næsta mót er Evrópubikarkeppnin fyrstu helgina í júlí og þar náði ég minni bestu þraut í fyrra.“

Stóri draumurinn er svo að komast á Ólympíuleika eins og hjá svo mörgu frjálssípróttafólki. „Ég hef mjög lengi stefnt að því að keppa á leikunum 2016. Það hefur svo fjárlægst mér síðustu ár eftir öll mín meiðsli þar sem ég hef ekki náð þeim árangri sem ég hefði viljað. En ef ég kemst í 7.400-7.500 stig í sumar verð ég nokkuð jákvæður á nýjan leik. Ég stefni fyrst um sinn á að halda mínu striki og vera meiðslafrír. Það er öllu öðru mikilvægara.“

eirikur@frettabladid.is

**Miðvikudag 11. júní kl. 20.00**

SAMSUNG völluminn í Garðabæ



**STJARNAN - KR**



**Allir á völluminn!  
EINN AF  
LYKILLEIKJUM  
ÁRSINS!**

PEPSI-DEILDIN



# GOTT MÁL Í ÞÍNA SKÁL

Þú færð ljúffengt Weetos í 10-11.  
Renndu við í næstu verslun, vöruúrvalið er fráboært  
og við tökum vel á móti þér!



## Stöð 2 kl. 20.20

### Lífstíll

Glæsilegur tískubáttur þar sem Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl. Hár-greiðslumeistarinn Theodóra Mjöll hefur gefið út met-sölubækurnar Hárið, Innblástur og Lokkar og heldur úti vinsælu tískubloggi á trendnet.is.



## Í KVÖLD



### Í garðinum með Gurrý II

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Síðasti þátturinn með Gurrý að þessu sinni, en hér sýnir Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur áhorfendum réttu handtökin við garðyrkjustörfin og fer í áhugaverðar heimsóknir.



### Stjarnan - KR

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.55** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og KR í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.



### The Tonight Show

**SKJÁR EINN KL. 22.45** Dumb and Dumber tveykjó, Jim Carrey og Jeff Daniels, verða gestir Jimmys að þessu sinni og má því búast við frábærum þætti í kvöld. Hinn hugljúfi Ed Sheeran þenur raddböndin með gítar við hönd.

## FM 957 kl. 07.00

### Morgunþáttur FM 957

Sverrir Bergmann og Erna Hrönn eru með þér á miðvikudagsmorgni og sjá til þess að koma þér í rétta girinn.



**Lesendur Fréttablaðsins í aldurshópnum 12-80 ára eru 61 þúsund fleiri á landinu öllu en lesendur Morgunblaðsins.\***

Sami fjöldi kemur til með að sækja opunarleik HM í knattspyrnu í Sao Paulo í Brasilíu.

\* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, jan-mar 2014.

**Allt sem þú þarft ...**

## STÖÐ 2

- 06.10 How I Met Your Mother
- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In The Middle
- 08.30 Wipeout
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Spurningabomban
- 11.05 Touch
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Veistu hver ég var?
- 13.50 Up All Night
- 14.10 2 Broke Girls
- 14.35 Sorry I've Got No Head
- 15.05 Grallararnir
- 15.30 UKI
- 15.35 Tommi og Jenni
- 16.00 Frasier
- 16.25 The Big Bang Theory
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Svínasúpan
- 19.35 The Middle (4:24)
- 20.00 How I Met Your Mother (8:24)
- 20.20 Lífstíll
- 20.40 Dallas (3:15)
- 21.25 Mistresses (1:13) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur og samskipti þeirra við karlmennt.
- 22.10 Believe (10:13)
- 22.55 NCIS
- 23.40 Person of Interest
- 00.25 Those Who Kill
- 01.10 The Sitter
- 02.30 22 Bullets
- 04.25 Made in Dagenham

## SPORT

- 07.00 Miami - San Antonio
- 13.55 Breiðablik - Stjarnan
- 15.40 Miami - San Antonio
- 17.30 Opna Bautamótið í tölfti
- 18.00 Demantamótin BEINT
- 19.55 Stjarnan - KR BEINT
- 22.00 Pepsímörkin 2014
- 23.15 Stjarnan - KR
- 01.05 Pepsímörkin 2014

## SPORT 2

- 12.00 Goals of the Season 2013/2014
- 12.55 PL Classic Matches. Liverpool - Arsenal, 1997
- 13.25 Belgium, Rio and Algeria
- 13.55 England - Hondúras
- 15.40 Brasilía - Chile
- 17.30 Alan Shearer 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
- 18.00 Brasilía - Belgía
- 19.55 2006 Fifa World Cup Official Film
- 21.25 Spánn - Frakkland
- 23.05 Liverpool - Man. Utd.
- 00.50 1001 Goals

## INN

- 20.00 Árni Páll
- 20.30 Perlu Páls Steingrímssonar
- 21.00 Í návígi
- 21.30 Á ferð og flugi

## ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

- 18.15 Malibu Country
- 18.35 Bob's Burgers
- 19.00 H8R
- 19.40 Baby Daddy (13:16)
- 20.05 Revolution (15:22)
- 20.50 Tomorrow People (17:22) Spennuþættir um hóp ungmenna sem koma alls staðar að úr heiminum og eru næsta kynslóð mannkynsins.
- 21.30 Damages (2:10) Fjórdra þáttaröð þessa magnaða lögfræðitryllis með Glenn Close og Rose Byrne í aðalhlutverkum.
- 22.20 Ravenswood
- 23.05 The 100
- 23.45 Supernatural
- 00.30 H8R
- 01.15 Baby Daddy
- 01.35 Revolution
- 02.20 Tomorrow People
- 03.00 Damages
- 03.50 Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram!
- 07.24 Svampur Sveins
- 07.45 Ævintýraferðin
- 07.55 UKI
- 08.00 Ofurhundurinn Krypto
- 08.25 Ljótí andargönginn
- 08.47 Tommi og Jenni
- 08.55 Leyndarmál vísindanna
- 09.00 Brunabílarinn
- 09.25 Latibær
- 09.47 Gulla og grænjaxlarnir
- 10.00 Dóra könnuður
- 10.24 Mörgæsinn frá Madagaskar
- 10.45 Doddi litli
- 10.55 Rasmus Klumpur
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveins
- 11.45 Ævintýraferðin
- 11.55 UKI
- 12.00 Ofurhundurinn Krypto
- 12.25 Ljótí andargönginn
- 12.47 Tommi og Jenni
- 12.54 Leyndarmál vísindanna
- 13.00 Brunabílarinn
- 13.23 Latibær
- 13.47 Gulla og grænjaxlarnir
- 14.00 Dóra könnuður
- 14.24 Mörgæsinn frá Madagaskar
- 14.45 Doddi litli
- 14.55 Rasmus Klumpur
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveins
- 15.45 Ævintýraferðin
- 15.55 UKI
- 16.00 Ofurhundurinn Krypto
- 16.25 Ljótí andargönginn
- 16.47 Tommi og Jenni
- 16.54 Leyndarmál vísindanna
- 17.00 Brunabílarinn
- 17.23 Latibær
- 17.47 Gulla og grænjaxlarnir
- 18.00 Dóra könnuður
- 18.24 Mörgæsinn frá Madagaskar
- 18.45 Doddi litli
- 18.55 Rasmus Klumpur
- 19.00 Ísöld. Heimsálfuhopp
- 20.30 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 17.55 Strákarnir
- 18.20 Friends
- 18.40 Seinfeld
- 19.25 Modern Family
- 19.45 Two and a Half Men
- 20.10 Örlagadagurinn (5:30)
- 20.40 Heimsókn Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.
- 21.00 The Killing (7:12)
- 21.45 Chuck (11:13) Dreppfyrirgjafi og hraðir spennuþættir frá höfundum The OC og leikstjóra Charlie's Angels.
- 22.25 Cold Case (7:23)
- 23.10 Örlagadagurinn
- 00.00 The Killing
- 00.45 Chuck
- 01.25 Cold Case
- 02.10 Tónlistarmyndbönd

## BÍÓSTÖÐIN

- 10.30 Spider-Man
- 12.30 Working Girl
- 14.20 Pitch Perfect
- 16.10 Spider-Man
- 18.10 Working Girl
- 20.05 Pitch Perfect
- 22.00 Blonde and Blonder
- 23.35 Argo
- 01.35 Ghost Rider
- 03.25 Blonde and Blonder

## RÚV

- 15.50 Landsleikur í handbolta kvenna (Finnland-Ísland) Bein útsending
- 17.35 Disneystundin
- 17.36 Finnbogi og Felix
- 18.00 Sígildar teiknimyndir
- 18.07 Nína Pataló
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi III
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.35 HM upphitun
- 20.05 Í garðinum með Gurrý II (6:6)
- 20.35 Leyndardómar Suður-Ameríku - Öskubuskur í Brasilíu (Secrets of South America: The Cinderellas of the Favelas) Breskur heimildarþáttur þar sem skyggst er á bak við tjöldin á kynningarballi 15 ára unglinga í Brasilíu.
- 21.30 Blásið í glæður (4:6) (Schmokk) Norsk gamanþáttaröð um par sem reynir að kynda undir ástarblossanum sem virðist hafa dofnað í hversdagsleikanum.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Chopin til bjargar
- 23.15 Tamara Drewe
- 01.05 Fréttir
- 01.15 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 15.55 Dogs in the City
- 16.40 Psych
- 17.25 Once Upon a Time
- 18.10 Dr. Phil
- 18.50 The Good Wife
- 19.35 America's Funniest Home Videos
- 20.00 Save Me
- 20.25 Solsidan (10:10) Sænsku gleðigöngarnir í Solsidan snúa aftur í fjórðu seríunni af þessum sprenghlægilegu þáttum sem fjalla um tannlækninn Alex og eiginkonu hans, atvinnulausu leikkonuna Önnu, sem flytja í sænska smábæinn Saltsjöbaden þar sem skrautlegir karakterar leynast víða.
- 20.50 The Millers (23:23) Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskiliinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar óhamingju.
- 21.15 Emily Owens M.D (3:13) Emily Owens er nýtskrifaður læknir og hefur fengið starf á stórum spítala í Denver. Henni finnst hún loksins vera orðin full-orðin og fagnar því að gagnfræðaskóla árin eru að baki þar sem hún var hálfgerður lúði, en ekki líður á löngu áður en hún uppgötvar að spítalameningingur er ekki svo ólík klífunum í gaggó.
- 22.00 Ironside
- 22.45 The Tonight Show
- 23.30 Leverage
- 00.15 Ironside
- 01.00 The Tonight Show
- 01.45 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 13.00 Golfing World 2014
- 13.50 PGA Tour 2014 - Highlights
- 14.45 Inside The PGA Tour 2014
- 15.10 Champions Tour 2014 - Highlig
- 16.05 LPGA Tour 2014
- 18.05 Golfing World 2014
- 18.55 Web.com Tour Highlights
- 19.50 Golfing World 2014
- 20.40 Web.com Tour Highlights
- 21.35 LPGA Tour 2014
- 23.15 Einvígið á Nesinu

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

# KARLSVÖKA



**Stórtónleikar  
í Eldborg Hörpu  
12. september 2014  
kl. 21.00**

Fjöldmörg af stærstu nöfnum íslenskrar  
tónlistar sameinast í minningu um  
orgelmeistarann Karl J. Sighvatsson

**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON  
FLOWERS  
MANNAKORN  
HJALTALÍN  
APPARAT ORGAN KVARTETT  
MAGNÚS KJARTANSSON  
MEGAS  
MUGISON  
ÓLAFUR ARNALDS  
GUNNAR ÞÓRÐARSON  
KK  
DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON**

Efnisskrá inniber meðal annars:

Hallgrímur kvað? - eftir Karl J. Sighvatsson  
o.fl. í nýrri útsetningu Viktors Orra Árnasonar  
fyrir kammersveit og rafmagnaða hrynsveit

Pílagrímakórinn eftir Wagner, Blómið eftir  
Karl J. Sighvatsson, Atómstöðin eftir  
Karl J. Sighvatsson

**Miðasala á [midi.is](http://midi.is) og [harpa.is](http://harpa.is)**

Allur ágóði af tónleikunum rennur til  
Minningarsjóðs Karls J. Sighvatssonar  
sem styrkir ungt tónlistarfólk til náms.

Styrktaraðilar  
Karlsvöku:



**KRÓNAN**



## SUMARDRYKKURINN



„Íslenskt vatn, það er svo ferskt og svalandi.“

Nína Dögg Filippusdóttir leikkona

## Myndaði samband sitt við móðurina

Yrsa Roca Fannberg hlaut áhorfendaverðlaun Skjaldborgar fyrir myndina Salóme.

„Þetta var æðislega gaman að sýna myndina í fyrsta sinn fyrir almenn- ing. Ég var þínu stressuð yfir við- brögðunum en þetta gekk upp,“ segir kvikmyndagerðarkonan Yrsa Roca Fannberg sem hlaut áhorf- endaverðlaun Skjaldborgar fyrir mynd sína Salóme.

Myndin er frumraun Yrsu og fjallar um samband hennar við móður sína, Salóme Fannberg veflistakonu. Myndin hefur verið fjögur ár í bígerð en Yrsa byrjaði á henni er hún stundaði nám í heimildarmyndagerð á Spáni. „Mig

langaði að gera mynd um mömmu, manneskjuna á bak við listina. Hún byrjaði aftur að vefa á sama tíma og upptökur hófust, eftir 20 ára hlé, en myndin þróaðist síðan út í mynd um okkar samband,“ segir Yrsa sem var sjö mánuði í tökum. „Ég leigði íbúðina fyrir ofan mömmu og tökuferlið fór þannig fram að ég mætti niður til hennar á náttfötun- um klukkan sjö á hverjum morgni. Mamma fékk sérsýningu á mynd- inni og ég held að hún hafi verið nokkuð sátt.“

Myndin er framleidd af Skark-

ala, sem er fyrirtæki Yrsu og Helgu Rakelar Rafnsdóttur, sem einnig á stóran þátt í myndinni ásamt fleir- um sem lögðu hönd á plóg við gerð myndarinnar. Yrsa segir verðlaun- in hafi komið sér á óvart og að hún voni að myndin fái áframhaldandi líf í kjölfarið. „Mig langar að sýna hana í Reykjavík. Næst á dagskrá er að gera stuttmynd, eitthvað sem er á mörkum myndlistar og heim- ildarmyndar.“ Hægt er að fræðast um Yrsu og hennar verk á vefsíðun- um Yrsarocafannberg.net og Yrsa- rocafannberg.info.

- áþ



**ÁNÆGDAR** Þær Yrsa Roca Fannberg og Helga Rakel Rafnsdóttir voru sáttar með áhorfendaverðlaunin.

**FAHARND** **SIRKUS ÍSLANDS**  
— TJALDAR ÖLLU TIL —  
REYKJAVÍK - ÍSAFJÖRÐUR - AKUREYRI - SELÞÖSS - REYKJAVÍK

FRUMSÝNING  
25. JÚNÍ

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á  
WWW.SIRKUSISLANDS.IS



**BAKKARI** Gunnar Hansson er höfundur kvik- myndarinnar BAKK en hann leikstýrir myndinni og leikur einnig eitt aðalhlutverkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Bakka hringveginn

Ný íslensk gamanmynd er væntanleg en hún ber nafnið Bakk. Í myndinni bakka aðalleikarar myndarinnar hringinn í kringum landið og lenda í ýmsu.

„Ég er að búa mér til skemmtileg- asta verkefni sem ég gæti mögu- lega búið mér til, ég er bíladellu- kall og hef gengið með þessa hugmynd í um tólf ár,“ segir leik- arinn Gunnar Hansson en hann er höfundur og leikstýrir nýrri íslenskrí kvikmynd ásamt Davíð Óskari Ólafssyni. Myndin ber tit- ilinn Bakk. Ásamt því að leikstýra myndinni leikur Gunnar einnig eitt aðalhlutverkanna en auk hans leika Víkingur Kristjánsson og Saga Garðarsdóttir einnig í myndinni.

„Eins og ég segi þá hef ég gengið með þessa hugmynd í um tólf ár en þetta fór svo á flug þegar Davíð Óskar og Árni Filippusson hjá Mystery komu inn í þetta, þá fór þetta að gerast,“ bætir Gunnar við. Framleiðslufyrirtækið Mystery hefur unnið að gerð fjölda vinsælla kvikmynda og má nefna Málma- haus, Sveitabréðkaup og Á annan veg, svo nokkrar séu nefndar.

Myndin, sem er gamanmynd, fer í tökum í ágúst mánuði og fara tökum fram víðs vegar um landið. „Myndin fjallar um tvo æsku- vini sem ákveða að bakka hring- inn í kringum landið. Að keyra aftur á bak á fimmtán til tuttugu kílómetra hraða er ekki alveg það auðveldasta en við erum að fara að gera þetta,“ segir Davíð Óskar.

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem einhverjum dettur í hug að bakka hringinn í kringum landið. „Árið 1981 bakkaði Hallgrímur Marinósson hringinn í kringum landið, þetta var fyrsta landsöfn- un einstaklings fyrir góðan mál- stað, hann gerði þetta einn í ævin- týramennsku. Helsti munurinn á honum og persónum myndarinnar er að þær fara vanhugsað út í þetta og lenda í veseni. Hallgrímur var aftur á móti betur undirbúinn og notaði meðal annars stóra spegla,“ útskýrir Gunnar.



„Að keyra aftur á bak á fimmtán til tuttugu kílómetra hraða er ekki alveg það auðveldasta en við erum að fara að gera þetta.“

Davíð Óskar Ólafsson

Ekki liggur fyrir hvernig bíll verður notaður í myndinni en það verður að minnsta kosti mikið álag á honum. „Við erum enn að velta þessu fyrir okkur, bíllinn leikur allavega stórt hlutverk,“ bætir Gunnar við.

Gert er ráð fyrir að myndin verði tilbúin á næsta ári, í kring- um páskaleytið.

gunnarleo@frettabladid.is

## Hafþór Júlíus í Stundinni okkar

Leikur Gunnar á Hlíðarenda í barnaþáttunum sem fara í loftið næsta vetur.

„Við erum að kanna sannleiks- gildi Íslendingasagnanna. Við tökum fyrir Njálu og ég ákvað að fá hann til að prófa hvort það sé mögulegt að Gunnar á Hlíðar- enda hafi hoppað hæð sína í loft upp og svo framvegis,“ segir leik- arinn Guðjón Davíð Karlsson, oft- ast kallaður Góí. Hann er þáttar- stjórnandi Stundarinnar okkar og fékk kraftajötuninn Hafþór Júlíus Björnsson til að leika Gunnar á Hlíðarenda.

Stundin okkar er í tökum núna og fer nýja þáttaröðin í loftið næsta vetur.

„Fjöldi leikara kemur fram í þessari nýju þáttaröð. Það er mikil spennan og eftirvænting í loftinu,“ segir Góí en hann vill lítið segja um hverjir aðrir leggja hönd á plóg í barnaþáttinum.

„Það er hernaðarleyndarmál

→ Hafþór Júlíus hefur vakið heimsathygli fyrir hlutverk sitt sem Sir Gregor Clegane, eða Fjallið, í sjónvarpsþáttun- um Game of Thrones. Vakti hrottafengin slagsmálasena sem sýnd var fyrir stuttu sér- staka athygli þar sem Fjallið barðist við Oberyn prins, betur þekktan sem The Viper.

en sem komið er. En þetta verð- ur eitthvað,“ segir Góí. Heimildir Fréttablaðsins herma að leikararn- ir Jóhann Sigurðarson, Ilmur Krist- jánsdóttir, Halldóra Geirharðs- dóttir og Sigrún Edda Björnsdóttir komi við sögu í þáttunum.

- lkg



**GÓÍ OG FJALLIÐ** Vel fór á með þeim Góí og Hafþóri Júlíusi á setti.

MYND/ÚR EINKASAFNI

FIND **NEW** ROADS™



# FÁÐU MEIRA...

SPARK

1.790.000.-

LS BENSÍN 1.0L  
BSK · 5 SÆTA



Chevrolet Spark hlaut hæstu einkunn í sínum flokki hjá Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna

Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

## ÖRYGGI, BÚNAÐUR OG ÞÆGINDI FYRIR FJÖLSKYLDUNA - STÓRA SEM SMÁA

Fjór hjóladrifinn Captiva og metsölubíllinn Spark eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn - sjáðu meira á [benni.is](http://benni.is).

**AWD**  
Fjór hjóladrifinn



CAPTIVA  
5.490.000.-

LT DÍSEL 2.2L  
BSK · 7 SÆTA

Bíll á mynd: Chevrolet Captiva LTZ

Opið alla virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.

### Nánari upplýsingar á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
Sími: 590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Akureyri  
Glerárgötu 36  
Sími: 461 3636

**Bílaúð**  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Báru saman bækur sínar

Pétur Marteinnsson, fyrrverandi knattspyrnumaður, var heldur betur ánægður með ferðafélaga á leið sinni til Brasilíu þar sem heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefst á morgun. Á ferðalaginu hitti hann Alan Shearer, fyrrverandi sóknarmann í enska landsliðinu, sem gerði garðinn frægan hér á árum áður. Þessir tveir fyrrverandi atvinnumenn hafa líklega borið saman bækur sínar. Gísli Marteinn Baldursson er einnig á leið til Brasilíu og munu þeir félagar og KR-ingar senda fréttir af vettvangi til okkar á Íslandi.



- sa

### Fjórar stjórnur í GAFFA

Tónleikar Ásgeirs Trausta í Kaupmannahöfn um síðustu helgi fá fjórar stjórnur í danska tónlistartímaritinu GAFFA. Greinarhöfundurinn Anine Fuglesang segir að tónleikarnir hafi verið töfrum líkastir og tilfinningabrunnir en heldur of stuttir. Þá segir hún að Ásgeir hafi einstaka hæfileika til að skapa svo fallega nærveru og innlifun að hann hafi valdið því að Anine fékk gæsa húð á tónleikunum. „Ég er ekki í vafa um að glæst framtíð í tónlistarbransanum biður Ásgeirs,“ skrifar Anine. „Komdu fljótt aftur, Ásgeir,“ bætir hún við.



- lkg

### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Hún var farin að loka á fjölskyldu sína.“
- 2 „Stuðningsmenn vilja Gauja Þórðar en við viljum hann ekki.“
- 3 Íslenskur hundur sækir bjór og slær í gegn á netinu.
- 4 Ásdís Rán fer í ræktina með Ósk Norðfjörð.
- 5 Stærsta stund ferilsins.

**KitchenAid**  
 THE MORE YOU USE IT  
 THE BETTER IT LOOKS

**95**  
 1964-2014  
**50**  
 Einar Farestveit & Co. hf.  
 Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • efl@ef.is • www.ef.is

# WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

<b>BERLÍN</b> — VERÐ FRÁ — <b>9.990 KR.</b> TÍMABIL: JÚNÍ OG JÚLÍ	<b>LÖNG HELGI Í PARÍS</b> HÓTEL + FLUG — VERÐ FRÁ — <b>56.900 KR.</b>	<b>STUTT GART</b> — VERÐ FRÁ — <b>9.990 KR.</b> TÍMABIL: JÚNÍ OG JÚLÍ
--	--	--

wowair.is

Ég þurfti að leggjast í jörðina til að taka þessa mynd af kærastanum mínum, held að ég hafi náð að fanga athyglinni frá Notre Dame í nokkrar sekúndur :) WoW!.

Þórdís Björt Sigþórsdóttir

**LOFORD WOW**  
 LÆGRA VERÐ STUNÐVÍSI  
 BREIDASTA BROSID NÝRRI VÉLAR